

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

# Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904





Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

Embættisskjöl og embættisfærsla  
landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904

Þjóðskjalasafn Íslands  
September 2010

Rit Þjóðskjalasafns Íslands.

**Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum.**

*Embættisskjöl og embættisfærsla landshöfðingja á Íslandi 1873 til 1904.*

© 2010 Þjóðskjalasafn Íslands / Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.

Öll réttindi áskilin.

ISSN 2298-5972

**Útgefandi:**

Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ritstjóri:**

Kristjana Kristinsdóttir.

**Höfundur:**

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir.

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>2. Embætti landshöfðingja á Íslandi – sögulegt yfirlit</b> .....	<b>5</b>
2.1. Embættið stofnað.....	5
2.2. Stjórnskipan Íslands á landshöfðingjatímanum.....	6
2.3. Verksvið landshöfðingja.....	7
<b>3. Embættisskjölin – frágangur safnsins og skrá um það</b> .....	<b>11</b>
<b>4. Embættisskjölin 1873 – 1897</b> .....	<b>14</b>
4.1. Bréfadagbók 1873 – 1877.....	14
4.2. N-bréfadagbækur 1878 – 1897.....	17
4.3. Bréfadagbók 1878 – 1882.....	20
4.4. Flokkaskrár (registur) 1874 – 1897 .....	21
4.5. Dæmi um skjal í bréfasafni – Reykjanesviti .....	25
4.6. Dæmi um skjal í bréfasafni – hallæri á Norðurlandi 1882-1883.....	27
4.7. Dæmi um skjal í bréfasafni – brennisteinsnámur á Norðurlandi.....	29
4.8. Dæmi um skjal í bréfasafni – umsókn um lán úr landssjóði .....	31
4.9. Bréfabækur (afgreiðslubækur) 1873 – 1878 – fjársöfnun vegna Öskjugossins 1875.....	32
4.10. Bréfabækur (afgreiðslubækur) 1879 – 1897 .....	34
<b>5. Embættisskjölin 1898 – 1904</b> .....	<b>37</b>
5.1. Dagbók I – bréfadagbók 1898 – 1904 .....	37
5.2. Dagbók I – registur innkominna bréfa 1898 – 1904.....	41
5.3. Registur yfir Dagbók I – útsend bréf 1898 – 1904.....	46
5.4. Dæmi um skjal í bréfasafni – bættar samgöngur.....	50
5.5. Dæmi um skjal í bréfasafni – innheimta árgjalds af prestakalli .....	52
5.6. Dæmi um skjal í bréfasafni – beiðni um gjafsókn.....	53
5.7. Dæmi um skjal í bréfasafni – tilkynningar um fundin flöskubréf.....	56
<b>6. Embættisskjölin – reikningshald og skýrslur 1878 – 1904.....</b>	<b>60</b>
6.1. Reikningsdagbækur – jarðabókarsjóður .....	61
6.2. Dæmi um skjal í bréfasafni – útborgun úr jarðabókarsjóði.....	64
6.3. Reikningsdagbækur – umboðsreikningar .....	65
6.4. Dæmi um skjal í bréfasafni – tekjur Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboðs 1882....	68
6.5. Reikningsdagbækur – skýrslur um almennt ástand .....	70
6.6. Dæmi um skjal í bréfasafni – skýrsla um almennt ástand í Rangárvallasýslu árið 1882.....	72
6.7. Registur yfir jarðabókarsjóðsávísanir 1884 – 1887, 1892 – 1901 .....	75
6.8. Skrá yfir reikninga 1876 – ca. 1884/85.....	77
<b>7. Samantekt</b> .....	<b>80</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>82</b>

# 1. Inngangur

Markmið verkefnisins sem hér fer á eftir er að varpa nýju ljósi á skjalasafn landshöfðingja sem var æðsti embættismaður konungs hér á landi frá 1873 til 1904 og gera safnið aðgengilegt nútíma notendum til rannsókna á þessu tímabili. Verkefninu er ætlað að hafa hagnýtt gildi fyrir fræðimenn og aðra sem vilja skoða sögu tímabilsins 1873 til 1904. Það tímabil er ekki gjörkannað og afar fáir hafa nýtt sér skjalasafn landshöfðingja til rannsókna enda safnið óaðgengilegt og nokkuð torskilið eins og nú er ástatt. Hver voru vinnubrögð landshöfðingja við skjalavörsluna, hver er lykillinn að skjalasafni embættisins? Gerð verður grein fyrir uppbyggingu skjalasafns landshöfðingja og þeim skráningarkerfum sem notuð voru við embættið. Notaðist hann við svokallað *kansellí-* eða *rentukammerkerfi* eða annað kerfi við rekstur skrifstofu sinnar? En skráningarkerfi þessi eru kennd við tvær af helstu stjórnardeildum Danakonungs, rentukammer og kansellí, sem eiga rætur að rekja allt til síðari hluta miðalda og ættu að vera kunn öllum þeim er eitthvað hafa unnið með skjalasöfn.<sup>1</sup> Skipt var um skráningaraðferð árið 1898 og markast kaflaskipting hér að nokkru af því. Verkinu er skipt í fimm megin hluta:

1. Fyrst er gerð lauslega grein fyrir stofnun embættisins og þeim verkefnum sem landshöfðingja var ætlað að inna af hendi.
2. Næst verður gerð grein fyrir umfangi og frágangi skjalasafnsins og skráum sem til eru um það.
3. Þá kemur kafli um embættisskjölin frá tímabilinu 1873 – 1897, eða frá stofnun embættisins þar til skipt var um skráningaraðferð.
4. Í fjórða hluta er fjallað um tímabilið 1898 – 1904.
5. Í fimmta og síðasta hluta verður fjallað um reikningshald og ýmsar skýrslur sem embættinu bárust á tímabilinu 1878 – 1904 en árið 1878 var byrjað að halda sérstakar reikningsdagbækur á skrifstofu landshöfðingja.

Markmiðið er að skýra einstaka skjalaflokka sem mynda safnið, þ.e. bréfadagbækur, bréfabækur, bréfaregistur og bréfsafn, lýsa uppbyggingu þeirra og innihaldi. Tekin verða dæmi úr öllum skjalaflokkum safnsins, oft fleiri en eitt dæmi úr hverjum flokki til þess að sýna fjölbreytileika heimildanna. Uppbyggingu skjalanna verður lýst eins og framast er kostur

---

<sup>1</sup> Um kansellí- og rentukammerkerfi, sjá: *Kansellissystemet*. Vejledning nr. 2. Rigsarkivet 2.afd., 1982. – *Rentekammersystemet*. Vejledning nr. 3. Rigsarkivet 2.afd., 1982. – *Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk*. Upplýsingarit Þjóðskjalasafns, Björk Ingimundardóttir tók saman, Rvk 1996, s. 25-26.

og velt upp hvernig þau geti nýst fræðimönnum og öðrum við rannsóknir. Dæmin sem tekin verða eru öll með líku sniði í fjórum til fimm liðum:

1. Öll dæmin hefjast á stuttri kynningu eða skýringu á skjalaflokki/bréfi.
2. Þá fylgir mynd af heimild og stafrétt uppskrift hennar.
3. Síðan koma athugasemdir og nánari skýringar varðandi heimildina.
4. Lagagrundvöllur heimildar fylgir þeim dæmum þar sem við á.
5. Að lokum eru notkunarmöguleikar hennar reifaðir og nefnd eitt til tvö dæmi um í hvers konar rannsóknir sé hægt að nota viðkomandi heimild.

Hér getur ekki verið um tæmandi umfjöllun að ræða, enda safnið viðamikið. Heldur er ætlunin að gefa dálitla innsýn í uppbyggingu þess og þær heimildir sem þar er að finna.

## 2. Embætti landshöfðingja á Íslandi – sögulegt yfirlit

### 2.1. Embættið stofnað

Miklir pólitískir umbrotatímar voru á Íslandi þegar embætti landshöfðingja var stofnað, Alþingi var ungt og sjálfstæðisbaráttan í algleymingi. Miklar umræður voru um stöðu Íslands innan danska ríkisins og menn ræddu hvernig stjórnskipun þess skyldi háttað. Liður í því var endurskoðun á æðstu embættum landsins.

Embætti landshöfðingja á Íslandi var stofnað samkvæmt konungsúrskurði þann 4. maí 1872 en skipað í það frá 1. apríl 1873. Um leið var embætti stiftamtmanns lagt niður og Hilmar Finsen fráfarandi stiftamtmaður skipaður í embættið.<sup>2</sup> Aðgerðin vakti nokkra reiði meðal Íslendinga sem má rekja til þess hvernig staðið var að málinu. Fyrst hafði verið mælt fyrir um landshöfðingja á Íslandi í stjórnarskrárfrumvarpi sem stjórnin lagði fyrir Alþingi sumarið 1871 en var hafnað af Íslendingum.<sup>3</sup> Árið eftir var embættið stofnað á grundvelli þessa frumvarps og stöðulaganna frá 2. janúar 1871, það var því stofnað án heimildar í stjórnskipunarlögum. Þótti ýmsum hér á landi, einkum þjóðfrelismönnum, gengið á svig við kröfur landsmanna með valdboði þessu og ekki bætti úr að hinn nýskipaði landshöfðingi þótti heldur dansklundaður. Að morgni þess 1. apríl 1873, þegar Hilmar Finsen tók formlega við embættinu, hafði dauður hrafni verið hengdur upp á fánastöng landshöfðingjahússins, ásamt svörtu flaggi sem á stóð: „Niður með landshöfðingjann.“ Viðar um bæinn mátti sjá spjöld með sömu áletrun. Uppátæki þetta varð að lögreglumáli sem kallað var „landshöfðingja-hneykslið.“<sup>4</sup> Aldrei komst upp um hver eða hverjir hefðu staðið að því en einna helst vildu menn þó kenna latínuskólapiltum um.<sup>5</sup>

Síðar í aprílmánuði skrifaði Jón Ólafsson ritstjóri grein í blað sitt *Göngu-Hrólf* þar sem hann veittist mjög að landshöfðingjanum og kallaði hann m.a. „óvinsælan og illa þokkaðan mann.“<sup>6</sup> Hófst þá umfangsmikil málaferli sem enduðu með því að Jón hlaut eins árs fangelsisdóm og háar fjársektir fyrir meiðyrði. Jón náði að flýja land áður en dómnum var fullnægt og dvaldi í Ameríku um sinn en hann átti þó eftir að koma til baka og láta mikið til sín taka í blaðaútgáfu eins og alkunnugt er.<sup>7</sup> Ekki urðu frekari deilur um embættið.

<sup>2</sup> Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ *Saga Íslands IX*. Ritstj. Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason, Rvk 2008, s. 295.

<sup>3</sup> *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1871*. Síðari partur, Rvk 1871, s. 8. (Frumvarp til stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands, 2. grein).

<sup>4</sup> Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ *Saga Íslands IX*, s. 295.

<sup>5</sup> Sjá: *Göngu-Hrólfur* 1. (1872-1873:10), Ritstj. Jón Ólafsson, d. 73-78.

<sup>6</sup> *Göngu-Hrólfur* 1. (1872-1873:10), Ritstj. Jón Ólafsson, d. 73.

<sup>7</sup> Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ *Saga Íslands IX*, s. 295-296.



Landshöfðingi var æðsti umboðsmaður konungs á Íslandi og undirmaður ráðherra í Kaupmannahöfn en yfirmaður allra íslenskra embættismanna. Hann var því nokkurs konar tengiliður milli embættismanna hér heima og konungs, líkt og stiftamtmaður hafði verið áður. Hann fékk heldur rýmra umboð til að taka stjórnvaldsákvæðanir en stiftamtmaður hafði haft, því má segja að vald hafi flust til Íslands með stofnun embættisins.<sup>8</sup>

Landshöfðingi var æðsti embættismaður landsins um 30 ára skeið, uns embættið var lagt niður með tilkomu heima stjórnskránnar 1. febrúar 1904. Aðsetur sitt, bæði íbúð og skrifstofu, hafði landshöfðingi í stiftamtmannsbústaðnum í Reykjavík, nú kallað Stjórnarráðshús.

Þrjú menn gegndu embætti landshöfðingja 1873 – 1904:

1873-1882 – Hilmar Finsen, áður stiftamtmaður

1882-1886 – Bergur Thorberg, áður amtmaður

1886-1904 – Magnús Stephensen, áður yfirdómari

## 2.2. Stjórnskipan Íslands á landshöfðingjatímanum

Tæpu ári eftir að skipað var í embætti landshöfðingja fengu Íslendingar sína eigin stjórnskrá. Með stöðulögunum 1871 hafði réttarstaða Íslands í danska ríkinu verið ákveðin. Þar var Ísland skilgreint sem „óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum,“ þ.e. Íslendingar fengu sjálfstjórn sinna innanlandsmála sem töldust vera íslensk sérmál. Með stjórnskránni 1874 var ákveðið hvernig hinum íslensku sérmálum skyldi háttað, en hún hét einmitt „stjórnskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands.“<sup>9</sup> Sú stjórnskipan sem þá var komið á var það fyrirkomulag sem var við lýði allan landshöfðingjatímann. Því þykir rétt að gera lausalega grein fyrir þeirri skipan hér.

Alþingi breyttist úr ráðgjafarþingi í löggjafarþing. Löggjafarvaldið í íslenskum málum var því í höndum Alþingis og konungs í sameiningu og jók það vald Alþingis að því leyti að nú fékk það neitunarvald í löggjafarmálum. Á Alþingi sátu 36 fulltrúar, 30 þjóðkjörnir og sex konungkjörnir, auk þess sem landshöfðingi sat þar án atkvæðisréttar sem fulltrúi stjórnarinnar. Kom hann í stað konungsfulltrúa á ráðgjafarþingunum fyrir 1874.<sup>10</sup>

Framkvæmdavaldið var alfarið í höndum konungs og var ráðherra Íslandsmála falin meðferð þess. Stofnað var sérstakt stjórnarráð fyrir Ísland sumarið 1874 og dómsmálaráðherra Dana, þá C.S. Klein, skipaður Íslandsráðherra. Þannig var það allan landshöfðingjatímann, að dómsmálaráðherra Dana fór með Íslandsmál, líkt og áður hafði verið. Árið 1875 var J.M.V.

<sup>8</sup> Sbr. Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ *Saga Íslands IX*, s. 295.

<sup>9</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands X*. Ritstj. Sigurður Línald og Pétur Hrafn Árnason, Rvk 2009, s. 205.

<sup>10</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands X*, s. 211-212.

Nellemann dómsmálaráðherra og þá jafnframt Íslandsmálaráðherra og sat hann í því embætti mestan hluta landshöfðingjatímans eða til ársins 1896. Landshöfðingi var síðan fulltrúi ráðherra á Íslandi og með aðsetur þar. Hann var því tengiliður milli ráðuneytisins og íslenskra embættismanna. Þeir aðilar sem fóru með pólitískt vald í íslenskum málum á landshöfðingjatímanum voru því Alþingi, konungur, ráðherra og landshöfðingi ásamt embættismannaliði sínu.<sup>11</sup> Helstu embættismenn þjóðarinnar á þessum tíma voru amtmennirnir tveir, landfógeti, biskup, landlæknir og þrír dómaraar við Landsyfírréttinn. Allir höfðu þeir aðsetur í Reykjavík, utan annars amtmannsins sem var á Akureyri. Lægra settir embættismenn voru svo sýslumenn, læknar, og prestar. Landshöfðingi gerði tillögur um embættisveitingar á Íslandi og um lagafrumvörp frá Alþingi. Talið er að ráðherra hafi langoftast farið að tillögum hans. Sem æðsti embættismaður landsins og með aðsetur á Íslandi má vænta að landshöfðingi hafi haft góð tök til áhrifa á gerðir ókunnugs ráðherra úti í Kaupamannahöfn, einkum er talið líklegt að Magnús Stephensen hafi ráðið býsna miklu.<sup>12</sup>

### **2.3. Verksvið landshöfðingja**

Erindisbréf landshöfðingja var fyrst gefið út 29. júní 1872. Þar segir fyrir um hver verkefni embættisins skyldu vera.<sup>13</sup> Jafnframt voru laun landshöfðingja ákvörðuð, 4.000 rd. árlega, 1.000 rd. til borðfjár og 1.200 rd. til skrifstofukostnaðar, auk þess sem kveðið var á um skipan landshöfðingjaritara.<sup>14</sup>

Samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar 1874 átti konungur að ákvarða verksvið landshöfðingja<sup>15</sup> og í framhaldi þess var gefið út nýtt erindisbréf, þann 22. febrúar 1875, undir heitinu „Auglýsing um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi“ og skyldi það koma í stað erindisbréfsins frá 1872.<sup>16</sup> Bréfin er þó að mestu samhljóða. Einkum eru um alslags orðalagsbreytingar að ræða í takt við þá breytingu sem orðin var á stjórnskipaninni. Nú er talað um ráðgjafann fyrir Ísland í stað hlutaðeigandi ráðgjafa eða dómsmálastjórnina, auk þess sem lítils háttar breyting var gerð á uppröðun ákvæða. Auglýsingin um verksvið höfðingjans eða erindisbréfið 1875 var í gildi það sem eftir var landshöfðingjatímans og er einkar

<sup>11</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands* X, s. 205-207.

<sup>12</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands* X, s. 211.

<sup>13</sup> *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, Kbh 1875, s. 453-457. (Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872).

<sup>14</sup> *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 458. (Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872).

<sup>15</sup> *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 699. (Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874).

<sup>16</sup> *Stjórnartíðindi* 1875 A. Kbh 1875, s. 4-10. (Auglýsing um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi, 22. febr. 1875).

mikilvæg heimild um embættið og þá starfssemi sem innt var af hendi í nafni þess. Því þykir rétt að birta það í heild sinni hér. (Sjá rammagrein).

### **Auglýsing um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi.<sup>17</sup>**

[Kom í stað þess erindisbréfs sem skrásett var 29. júní 1872].

1. Landshöfðinginn framkvæmir undir yfirumsjón ráðgjafans fyrir Ísland hið æðsta vald yfir hinum sérstaklegu málum Íslands í landinu sjálfu, samkvæmt hinum gildandi lögum og tilskipunum og þeim nánari ráðstöfunum og fyrirskipunum, sem ráðgjafinn gjörir.

2. Landshöfðinginn skal gjöra uppástungu til ráðgjafans fyrir Ísland í öllum sjerstaklegum íslenskum málum, sem eptir þeim reglum, sem hingað til hafa um það gilt, hafa komið, eða eptir nánari ákvörðun kunna að koma beinlínis undir úrskurð konungs.

Hið sama er um þau mál, er snerta fjárhag Íslands; þó getur ráðgjafinn fyrir Ísland falið landshöfðingja á hendur að leggja úrskurð á þau fjárhagsmál, viðvíkjandi hinni innlendu stjórn Íslands, sem eptir eðli þeirra eru til þess fallin, að yfirstjórn landsins gjöri út um þau.

Sömuleiðis skal senda ráðgjafanum þau mál, sem eru þess eðlis, að semja þurfi um þau við hina ráðgjafana, eða sem samkvæmt tilskipun eða sjerstaklegri ákvörðun ráðgjafans fyrir Ísland koma beinlínis undir úrskurð hans.

3. Landshöfðinginn gjörir uppástungu til stjórnarráðsins um ný lög og aðrar almennar ráðstafanir í þarfir Íslands, sem honum kann að finnast ástæða til.

4. Eins og landshöfðingi er milligöngumaður milli stjórnarinnar og allra embættismanna og embættisþjóna, sem skipaðir eru á Íslandi, þannig eru þeir undirgefnir landshöfðingjanum, og skal hann hafa umsjón með embættisfærslu þeirra.

Landshöfðingi veitir ferðaleyfi öllum íslenskum embættismönnum. Þegar embætti eru laus, skal hann sjá um, að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau um tíma, og hefir hann heimild til að víkja frá um stundar sakir öllum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi; samt skal hann með fyrsta pósti þar á eptir senda skýrslu til ráðgjafans fyrir Ísland, ásamt þeim upplýsingum, sem með þarf, til þess að úr því verði skorið, hvort höfða skuli lögsókn á hendur þeim, sem í hlut á, eða gjöra skuli aðra ráðstöfun í þessu tilliti.

5. Landshöfðinginn hefir umsjón yfir reikningsmálum Íslands og skal sjerílgai sjá um, að reikningarnir komi á rjettum tíma frá öllum gjaldheimtumönnum á Íslandi, og beita þvingun til þess að koma því til leiðar á þann hátt, sem honum þykir við þurfa eða við eiga, annaðhvort með því að leggja á þvingunarsektir eða eptir atvikum með því að víkja þeim frá um stundar sakir, sem í hlut á.

6. Störf þau, sem stiptamtmaður áður hafði með tilliti til þess, að jafna niður alþingiskostnaði (opið brjef 18. júlí 1848), skal landshöfðingi hafa á hendi.

7. Landshöfðinginn setur umboðsmenn yfir konungsjarðirnar eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns, og ákveður, hve mikið umboðsmenn og sýslumenn skuli setja í veð fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

8. Landshöfðinginn ákvarðar, hvar hinir íslenzku embættismenn skuli vera búsettir, að svo miklu leyti, sem bústaður þeirra eigi er fast ákveðinn.

9. Yfirstjórn hinna íslenzku póstmála í landinu sjálfu skal landshöfðingi hafa á hendi, og fær hann ráð þess fjár, sem tilfært er á fjárhagsáætlun Íslands, til þess að greiða kostnaðinn við tjeð póstmál.

10. Mál, sem snerta fiskveiðar útlendra við Ísland, að því leyti þau eigi eru þess eðlis, að semja þurfi um þau við útlendar þjóðir, svo og mál útaf skipströndum, skal landshöfðingi gjöra út um.

11. Þau störf, sem stiptamtmaður áður hafði með tilliti til skrásetningar og mælinga skipa, skal landshöfðingi hafa á hendi.

<sup>17</sup> *Stjórnartíðindi* 1875 A, s. 4-10. (Auglýsing um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi, 22. febr. 1875).

12. Landshöfðingi hefir vald til þess að leggja fullnaðarúrskud á sveitarmál, – en hjer er talið með, þegar ágreiningur verður milli fleiri íslenzkra sveitarfjelaga um framfærslu þurfamanna –, að svo miklu leyti, sem lög leyfa, að framkvæmdavaldið gjöri út um þessi mál.

13. Allar skýrslur, sem áður voru sendar til stjórnarráðanna fyrir allt landið, skal senda landshöfðingja, og býr hann síðan til á hverju ári eina aðalskýrslu, sem skal lögð fyrir ráðgjafann fyrir Ísland.

14. Vald það, sem veitt er stiptamtmani samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869, og tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, skal landshöfðingi framkvæma. Hann ákveður fyrir hönd hins opinbera, hvort skjóta skuli sakamálum til hætta rjettar.

15. Landshöfðingi framkvæmir vald það, sem stiptamtmaður áður hafði á hendi sem forseti í hinum konunglega íslenzka landsyfirtjetti. Hann veitir gjafsókn fyrir landsyfirtjetti og önnur leyfisbrjef viðvíkjandi málaferlum, sem áður var falið stiptamtmani á hendur að gefa út.

16. Landshöfðinginn veitir eptir uppástungu biskups öll þau brauð á Íslandi, sem konungur eigi veitir sjálfur, og gefur út veitingarbrjef þau, sem með þarf í þessu tilliti.

17. Landshöfðingi gefur út samkvæmt tilskipunum þeim, sem um það gilda, eptirfylgjandi konungleg leyfisbrjef o. s. frv.:

a) leyfisbrjef þau, sem nefnd eru í konungsúrskurði 25. maí 1844, 3., 4. og 5., til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá D. L. 3–16–8 og leyfisbrjef til hjónaskilnaðar;

b) leyfisbrjef þau til ættleiðingar, sem nefnd eru í konungsúrskurði 13. desbr. 1815, og í konungsúrskurði 23. desbr. 1864, I. 2;

c) uppgjöf þá eða lækkun á sektum, sem fyrir er mælt um í síðar nefndum úrskurði I., 1, þó því að eins að sektin fari ekki fram úr 50 kr.; svo og leyfisbrjef til hjónaskilnaðar samkvæmt tjeðum úrskurði I., 4. og 5.

18. Ráðgjafinn fyrir Ísland getur fengið landshöfðingja í hendur umráðin yfir allt að helmingi þess fjár, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, sem uppá kunna að koma; samt skal landshöfðingi árlega senda skýrslu til stjórnarráðsins um það, hvernig fjenu hafi verið varið. Þar að auki útbýtir landshöfðingi, eptir uppástungu biskups fje því, sem tilfært er á hinni árlegu fjárhagsáætlun Íslands handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum.

19. Landshöfðinginn hefir umsjón yfir hinum íslenzka landssjóð (jarðabókarsjóðnum).

20. Landshöfðinginn skal yfirhöfuð gjöra út um þau mál, er snerta hina innlendu stjórn Íslands, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. grein.

21. Í fjærvist landshöfðingja eða forföllum hans og sömuleiðis ef hann skyldi deyja, skal forstjórinn í hinum konunglega íslenzka landsyfirtjetti takast á hendur störf hans, nema stjórnin skipi öðruvísi fyrir um þetta.

Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, 22. dag febrúarm. 1875.

C.S. Klein

Eins og sjá má af erindisbréfinu var verksvið landshöfðingja víðtækt. Hann var æðsti embættismaður landsins og hafði eftirlit með öðrum embættismönnum. Honum bar að gera uppástungur varðandi öll sérmál Íslands og um ný lög. Milli landshöfðingja og ráðgjafans fyrir Ísland (Íslandsmálaráðherra) fóru því miklar bréfaskriftir varðandi lagasetningu og um stjórnsýslu landsins. Landshöfðingi hafði yfir umsjón með hinum íslenska landssjóði og bar að annast innheimtu opinberra gjalda og skatta frá gjaldheimtumönnum víða um land. Eins og vænta má hefur það verið ærinn starfi og því fylgdi að sjálfssögðu töluverð skýrslugerð og reikningshald sem er meðal þeirra gagna sem finna má í bréfasafni hans.

Landshöfðingi var milligöngumaður milli stjórnarinnar í Kaupmannahöfn og allra embættismanna á Íslandi og hann annaðist embættisveitingar hér á landi. Til hans bárust umsóknir um embætti og leyfi til ættleiðingar, giftinga og hjónaskilnaða. Einnig alslags erindi varðandi sveitarmál og framfærslu þurfamanna þegar upp kom ágreiningur milli sveitarfélaga. Landshöfðingi ákvað fyrir hönd hins opinbera hvort skjóta skyldi sakamálum til hæstaréttar og hann sá um að veita gjafsóknir fyrir landsyferréttinum en dómsmál eru nokkuð viðamikill málaflokkur í skjalasafninu. Landshöfðingi hafði yfirstjórn hinna íslensku póstmála á hendi, svo og mál sem snertu fiskveiðar útlendinga við Ísland og skipsströnd, ásamt skrásetningu skipa. Gögn er varða alla þessa málaflokka komu á borð landshöfðingja og er því að finna í skjalasafni hans.

Með bréfi dómsmálastjórnarinnar dönsku til landshöfðingjans yfir Íslandi, dags. 17. júlí 1874, var ákveðið að gefa út „tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.“ Í framhaldinu voru *Stjórnartíðindi* síðan gefin út í tveimur deildum, A og B. Í A-deild voru birt lög og tilskipanir en í B-deild ýmsir úrskurðir frá konungi og stjórninni, „og jafnframt ýmsar skýrslur, er vel þykir við eiga að birta á þennan hátt, þar á meðal hin lögskipuðu ágríp af reikningum opinberra stofnana, sveitarsjóða og annarra slíkra sjóða, verðlagsskrár m.m.“ og átti landshöfðingi að sjá um útgáfu B-deildar.<sup>18</sup> Ýmsar skýrslur um landshagi Íslands voru birtar í B-deild *Stjórnartíðindanna* innan um annað efni á árunum 1874 – 1881, þó aðeins örfáar síður á hverju ári. Frá og með árinu 1882 voru skýrslur þessar birtar í sérstakri deild í *Stjórnartíðindum*, C-deild og var því haldið áfram til ársins 1899 en þá voru landshagsskýrslurnar skildar frá *Stjórnartíðindum* og gefnar út sem sérstakt rit, *Landshagsskýrslur fyrir Ísland*. Landshöfðingi sá um útgáfuna uns embættið var lagt niður 1904 og Stjórnarráðið tók við.<sup>19</sup> Í bréfasafni landshöfðingja eru nú varðveitt ýmis gögn sem augljóslega eru grunnurinn að skýrslum og reikningum þeim sem prentaðir eru í *Stjórnartíðindum* og *Landshagsskýrslum*. Þar eru einnig fjölbreytt gögn af líku tagi sem ekki hafa ratað á prent í *Stjórnartíðindum* né annars staðar. Í B-deild *Stjórnartíðindanna* eru einnig birtir ýmsir úrskurðir og bréf landshöfðingja til embættismanna á Íslandi. Frumrit/uppkast margra þessara bréfa er að finna í bréfasafni hans. Í næsta kafla verður uppbyggingu safnsins lýst og sýnd nokkur dæmi um skjöl svo betra sé að átta sig á öllu sem þar er að finna.

<sup>18</sup> *Stjórnartíðindi* 1874 B. Rvk 1874, s. 1-2. (Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, 17. júlí 1874). – Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964* I. Rvk 1969, s. 485.

<sup>19</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964* I, s. 486-487.

### 3. Embættisskjölin – frágangur safnsins og skrá um það

Skjalasafn landshöfðingja er ærið viðamikið þrátt fyrir að embættið hafi ekki verið við lýði nema í rúmlega 30 ár. Meginuppistaða skjalasafnsins eru ýmis bréf sem embættinu bárust, bæði frá embættismönnum hér heima og frá ráðgjafanum um Íslandsmál í Danmörku, svo og öðrum er erindi áttu við landshöfðingja. Þar er einnig að finna uppköst bréfa sem embættið sendi frá sér. Til að halda utan um öll erindi er komu á borð landshöfðingja voru haldnar svokallaðar bréfadagbækur, þar sem upplýsingar um öll bréf er bárust embættinu voru færðar inn eftir ákveðnum reglum. Á skrifstofu hans voru einnig haldnar sérstakar bréfabækur sem halda utan um allar bréfasendingar frá embættinu. Reikningshald landshöfðingja var einnig viðamikið og frá árinu 1878 var það fært í sér bækur. Varðveittar bréfadagbækur, bréfaskrár, þ.e. ýmis registur, bréfabækur og reikningsdagbækur í landshöfðingjasafni eru eftirfarandi:

Bréfadagbók/journal 1873 – 1877

N-bréfadagbók/journal 1878 – 1882

N-bréfadagbók/journal 1883 – 1887

N-bréfadagbók/journal 1888 – 1892

N-bréfadagbók/journal 1893 – 1897

Bréfadagbók/journal 1878 – 1882

Flokkaskrá (registur) 1874 – 1878

Flokkaskrá (registur) 1879 – 1883

Flokkaskrá (registur) 1884 – 1888

Flokkaskrá (registur) 1889 – 1897

Bréfabók (afgreiðslubók) 1873 – 1875

Bréfabók (afgreiðslubók) 1875 – 1878

Bréfabók (afgreiðslubók) 1879 – 1883

Bréfabók (afgreiðslubók) 1884 – 1888

Bréfabók (afgreiðslubók) 1889 – 1892

Bréfabók (afgreiðslubók) 1893 – 1897

Dagbók I 1898 – 1904

Registur yfir Dagbók I (skrá yfir útsend bréf) 1898 – 1904

Reikningsdagbók/journal 1878 – 1881

Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885

Reikningsdagbók/journal 1886 – 1889

Reikningsdagbók/journal 1890 – 1892/93

Reikningsdagbók/journal 1893 – 1896

Reikningsdagbók/journal 1897 – 1899/1901

Reikningsdagbók/journal 1900 – 1901

Reikningsdagbók/journal 1902 – 1904

Registur yfir jarðabókasjóðsávísanir 1884 – 1887

Registur yfir jarðabókasjóðsávísanir 1892 – 1896

Registur yfir jarðabókasjóðsávísanir 1897 – 1901

Skrá yfir reikninga 1876 – ca. 1884/85

Bréfasafn landshöfðingja er varðveitt í 711 öskjum á Þjóðskjalasafni, þar af eru 256 öskjur frá tímabilinu 1873 – 1897, 83 frá árunum 1898 – 1904 og 65 tilheyrandi reikningshaldi árána 1878 – 1904. Við frágang safnsins um miðja síðustu öld var nokkuð af skjölunum, einkum skýrslur, reikningar og ýmis sérmál, tekin út úr aðal bréfasafninu og sett í séröskjur merktar viðkomandi máli. Ekki var útskýrt á neinn hátt hvað vakti fyrir þeim sem það gerði. Þær öskjur teljast nú vera 307 og skiptast þannig:

Alþingismál 1896 – 1903 (13 öskjur)

Alþingistollur 1872 – 1875 (5 öskjur)

Búnaðarfélag, skýrslur um jarðabætur, reikningar, umsóknir um styrki 1891 – 1898 (10 öskjur)

Búnaðarskýrslur 1871 – 1901 (10 öskjur)

Dómsmálaskýrslur 1870 – 1900 (11 öskjur)

Fiskiaflaskýrslur 1897 – 1902 (7 öskjur)

Fjárkláðamál 1856 – 1878 (14 öskjur)

Hallærismál 1882 – 1886 (6 öskjur)

Landfógetakvittanir 1877 – 1899 (15 öskjur)  
 Landsreikningar með fylgiskjöllum 1875 – 1898 (7 öskjur)  
 Leyfisbréfareikningar 1879 – 1896 (1 askja)  
 Manntalsskýrslur 1889 – 1901 (6 öskjur)  
 Samrit af reikningum (35 öskjur):  
   Reikningar og útdrættir frá landfógeta 1878 – 1902  
   Manntalsbókarreikningar 1878 – 1902  
   Tekjuskattsreikningar 1883 – 1902  
   Umboðs- og kirkjureikningar 1878 – 1902  
   Tollreikningar 1878 – 1902  
   Spítalagjaldsreikningar 1878 – 1881  
   Sjóleiðabréfareikningar 1878 – 1879  
   Reikningar yfir vínsölugjald 1900 – 1902  
   Aukatekjureikningar 1878 – 1902  
   Ýmsir reikningar 1878 – 1901  
   Skiptaskýrslur 1874 – 1901  
 Sjóður Kristjáns IX 1875 – 1900 (3 öskjur)  
 Skjöl um póstviðskipti Íslands og Danmerkur (1 askja)  
 Skrásetningarmál 1896 – 1904 (4 öskjur)  
 Skýrslur frá barnaskólum 1900 – 1903 (2 öskjur)  
 Skýrslur um almennt ástand 1873 – 1894 (3 öskjur)  
 Skýrslur um blinda 1880 – 1882, 1902 (2 öskjur)  
 Skýrslur um efnahag sveitarsjóða 1872 – 1900 (4 öskjur)  
 Skýrslur um fjárráð ómyndugra 1870 – 1892 og um fermda 1876 – 1888 (1 askja)  
 Skýrslur um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903-1904 (2 öskjur)  
 Skýrslur um heyrnar- og mállausa 1880 – 1882 (1 askja)  
 Skýrslur um hundahald 1871 – 1888 (3 öskjur)  
 Skýrslur um þilskip, opin skip og báta 1875 – 1899 (1 askja)  
 Parísjóðsreikningar 1892 – 1897 (1 askja)  
 Stjórnartíðindi (reikningar, skrár o.fl.) 1874 – 1892 (1 askja)  
 Sveitakennarar 1894 – 1905 (23 öskjur)  
 Tekjuskýrslur 1871 – 1875 og skattanefnd 1876 (2 öskjur)  
 Umræður konungsfulltrúa á alþingi og álitsskjöl hans til stjórnarinnar 1873 – 1881 (3 öskjur)  
 Útdrættir úr gjaldabókum 1873 – 1903 (17 öskjur)  
 Vegamál 1890 – 1892 (2 öskjur)  
 Vegareikningar 1894 – 1897 (2 öskjur)  
 Verslunarskýrslur 1870 – 1902 (58 öskjur)  
 Yfirlit yfir gifta, fædda, dána og aldur kvenna, er börn fæddu, svo yfir fermda 1878 – 1901 (20 öskjur)  
 Þjónustufrímerkjarreikningar 1873 – 1897 (11 öskjur)

Við frágang safnsins var einnig unnin nákvæm og sérstök skrá um bréfasafnið sem tilgreinir hvar skjölin liggja í safninu og hvaða skjöl vantar inn í það en ekki hafa alveg öll bréf landshöfðingja varðveist. Skráin er bundin inn í fjórar stórar bækur og skiptist þannig:

Landshöfðingjasafn I. Journal 1873-1877. N-Journalar 1878-1887.  
 Landshöfðingjasafn II. N-Journalar 1888-1897. Dagbók I 1898-1904.  
 Landshöfðingjasafn III. R-Journalar 1878-1889.  
 Landshöfðingjasafn IV. R-Journalar 1890-1904. Séröskjur.

Skrárnar voru unnar af skjalverði Þjóðskjalasafns um miðja síðustu öld og eru því ekki hluti skjalasafnsins sjálfs en þegar leitað er að einstökum skjölum í bréfasafninu er mjög gagnlegt að hafa þær við hendina til að flýta fyrir sér. Ekki hafa aðrar sambærilegar skrár um

önnur söfn verið unnar, þær eru því einstakar á sína vísu. Við skulum líta á eitt dæmi úr þeim áður en lengra er haldið til að sjá hvernig þær eru uppbyggðar:

**Dæmi 3-1. Skrá um Landshöfðingjasafn.**  
(Skrá um Landshöfðingjasafn I, s. 93-94, 100)

Landshöfðingja N-Journal 1883-1887.

Ár 1883. Skjölunum er þannig skipt:

6 öskjur.

1. N nr. 1 – 129.
2. N nr. 130 – 249.
3. N nr. 250 – 329.
4. N nr. 360 – 479.
5. N nr. 480 – 699.
6. N nr. 710 – 943.

---

Vantar 1883:

N nr. 30, 42, 45-46, 52-53, 96, 209-210, 215, 224, 241, ...

---

Flutt 1883:

N nr. 2 til N nr. 532 1888.

N nr. 3 - N nr. 578 1890.

N nr. 4 - N nr. 862 1885.

N nr. 10 - Hallærispál II.

...

N nr. 33 - N nr. 166 1884.

N nr. 34-35 - N nr. 477 1883.

...

N nr. 51 + Hallærispál IV.

...

N nr. 447 1883 + N nr. 166 1884.

Almenn bréf ársins 1883 eru númeruð N-1 til N-943 og hér má sjá hvernig þau skiptast á sex öskjur í bréfasafninu. Næst eru talin upp númer þeirra bréfa sem vantar og þýðir því ekki að leita þeirra í safninu en eins og gefur að skilja er nauðsynlegt að átta sig á því sem fyrst. Svo eru allir flutningar bréfa innan safnsins tilgreindir og er það fyrirferðarmesti hluti skráarinnar. Hér má t.d. sjá að skjöl nr. 2 fyrir árið 1883 hafa verið færð á nr. 532 fyrir árið 1888 og liggja því í þeirri öskju. Bréf nr. 10 hefur verið fært í séröskju merkt, Hallærispál II. Máli eða skjölum nr. 51 hefur verið skipt upp (sbr. +) og eru í tveimur öskjum, í viðkomandi öskju ársins 1883 og í séröskju merkt, Hallærispál IV. Hér á eftir verður víða vísað í skrár þessar, eftir því sem við á og notkun þeirra útskýrð betur. Kallast þær einfaldlega *Skrár um Landshöfðingjasafn I, II, III og IV.*



## 4. Embættisskjölin 1873 – 1897

Bréfadagbækur hvers embættis eru lykillinn að bréfasafni þess. Þær eru nokkurs konar yfirlit yfir öll innkomin bréf og afgreiðslu þeirra. Hverju bréfi sem barst embættinu var gefið sitt auðkenni og það skráð í bréfadagbókina. Auðkennið eða bréfadagbókarnúmerið er ávallt á forminu bókstafur (fyrir tiltekinn málaflokk), hlaupandi númer innan flokks og ártal bréfs, t.d. A-10-75 (þ.e. bréf nr. 10 í flokki A árið 1875). Jafnframt var skráður komudagur bréfs, sendandi, efnisútdráttur og hvernig viðkomandi mál var afgreitt. Bréfadagbókarnúmer ráða síðan röðun bréfa í bréfasafni, þ.e. bréfin hafa verið lögð í safnið eftir þeirri röð sem þau bárust embættinu. Bréfum um sama mál var þó oft haldið saman, þannig að ef framhald varð á einhverju tilteknu máli voru eldri bréf um sama mál lögð með nýja númerinu og þess getið í dagbókunum. Öll bréfin eiga þá að liggja undir síðasta númeri sem bréf viðkomandi máls eru bókuð á. Því getur oft þurft að rekja sig áfram í gegnum bækurnar til þess að sjá hvar skjöl um tiltekið mál liggja. Þetta skráningarkerfi er nefnt rentukammerkerfi og var notað á skrifstofu landshöfðingja 1873 – 1897. Allir flutningar á bréfum innan skjalasafns landshöfðingja voru yfirfarnir af skjalverði Þjóðskjalasafns á sínum tíma og eru tilgreindir í *skráum um Landshöfðingasafn I-IV* eins og fyrr greinir. Handhægast og best er að leita í þeim skráum til að sjá hvar skjölin sem leitað er að liggja (sjá kafla 3).

Til að auðvelda sér leit að einstökum bréfum eða málum voru einnig haldnar sérstakar flokkaskrár á skrifstofu landshöfðingja en þær eru nokkurs konar registur yfir bréfadagbækurnar, þar sem bréfin eru skráð eftir málefnum. Verður þetta allt saman útskýrt betur í köflunum hér á eftir með dæmum úr bókunum.

### 4.1. Bréfadagbók 1873 – 1877

Elsta bréfadagbók landshöfðingja nær yfir árin 1873 – 1877. Uppsetning fyrsta ársins, 1873 er nokkuð frábrugðin því sem á eftir kemur. Það ár er flokkaskipt eftir málefnum en reikningshaldi ekki haldið út af fyrir sig. Bréfin eru flokkuð eftir málefnum þannig að hver málaflokkur fær sinn bókstaf eða bókstaf og tölustaf, t.d. A, B.1, B.2, C, o.s.frv. Málaflokkarnir 1873 eru eftirfarandi:

A. Kongelige love, andordninger, resolutioner, udlevering af kgl. bevillingar.  
B.1. Althinget – udarbeidelse af lovudkast.  
B.2. Althings skat. Althings udgifter.  
C.1. Justitsministeriet.  
D.1. Landsoverretten.

D.2. Undrerterne og det executive Politi.  
E.1. Geistleigheden, kirker og deres eiendomme.  
E.2. Skolevæsenet.  
E.3. Offentlige stiftelser.  
F.1. Sønder amtet.

- F.2. Vestamtet.
- F.3. Nord og östamtet.
- F.4. Reykjavík köbstad.
- G.1. Jordebogkassen, landfogden.
- G.2. Regnskaber, deres revision og decision.
- H. Sundhedspolitiet, læger, jordmødre, husdyrenes sygdomme.
- J.1. Handel og skibsfart. Toldlovgivningen.


- J.2. Skibs-registreringsvæsenet.
- K. Postvæsenet.
- L. Fiskeri, landbrug, havedyrkning.
- M. Godsadministration.
- N. Aarlige indberetninger.
- O. Korrespondance med fremmede myndigheder.
- P. Embedsmændene.

Ein opna í bókinni hefur verið tekin undir hvern málaflokk. Hverju bréfi innan málaflokksins er síðan gefin hlaupandi tala og þau færð inn í bókina í tímaröð.

Frá og með árinu 1874 er bókinni skipt í einungis tvo málaflokka; A – *Regnskabsvæsenet* og B – *Almindelig journal*. Hverju bréfi innan þessara tveggja flokka er síðan gefin hlaupandi tala innan árs og þau færð inn í tímaröð líkt og áður (sjá dæmi 4-1). Við þessa breytingu var byrjað að halda fyrrnefndar flokkaskrár til að auðvelda sér leit að einstökum málum (um þær sjá kafla 4.4).

**Dæmi 4-1. Bréfadagbók 1873 – 1877.**

(*DÍ*, Landshöfðingi, 1. Bréfadagbók/journal 1873 – 1877, s. 135).



## 1875 B Almindelig Journal

[Dags.]	No.	Efni	Afgreiðsla.]
	366	Konungsbref til landshöfðingja um að setja alþingi, 24/5	1/7 alþingi sett
	367	Biskup sendir reikn. síra Skúla fyrir ferðakostn. á visitatíu og leggr til að predikun hans verði prentuð, 1/7	3/7 til biskups 1506
	368	Amtm. s.a. yfirdómsg. í sakamáli Sæmundar Sæmundssonar og Ingimundar Sæm.s., 28/6	3/7 til amtm. 1507
	369	Amt. s. & v.a. biðr um eyðiblöð undir hjonavigslubréf 2/7 Fra mst 50 stk til Uddeling 8/13. Findes við B538	3/7 til amtm. & ráðg. 1508-9, nú B-412-76
	370	2/7 sendar postmeistara athugasemdir við postsjóðsreikning fyrir arið 1874 21/6	
	371	<del>Ráðgjafinn sendir frumvarp til brunamálalaga fyrir Reykjavík á íslensku til prentunar hér</del>	
	371	Sendar sýslunefndunum í norðr og suðrmúlasýslum 10000 kronur 14/6, sjá stjórnatið 46. Conc. 1488 og 1489 sbr. 326 supra	Findes 329-76
	372	Send Magnúsi yfirdóm. og Helga yfirkennara óskilabréf fra poststofunni 1874 3/7, sbr. B-363-74 Conc. 1510	til póstmeist. 9/13 frá þeim 9/1
	373	Yfirdomstjóri sendir dómsgj. í sakamáli gegn Guðbr. Einarssyni á Hólum í Dalasýslu 16/6 dr. B-35-76	Jon Jonsson og Pall Melsteð skipaðir 18/6. Conc. 1490-92 18/6 fra yfirdom 6/9. 17/9 til amtsins Conc. 1695
	374	Sýslumaðurinn í Norðrmúlasýslu um endrborgun ýmsra upphæða greiddra í toll af vinföngum ætluðum handa skp.verj. sjalf. 22/3	5/7 til sýslum. Conc. 1511 15/9 til Minist. <del>Skjölina vanta</del>
	375	Kjöbenhavns Magistrat sendir 4 hluta fótalagsins undir Thorvaldsensmyndinni 27/5	exp. brevimanu

*Athugasemdir:* Fremsti dálkur til vinstri hér hefur verið ætlaður fyrir komudag bréfs eða skráningardag færslu en hefur ekki verið fylltur út reglulega og svo á við hér. Í dálk tvö er númer bréfsins ritað (hlaupandi tala innan flokks B). Efsta bréfið, konungsbréf til landshöfðingja hefur þannig bréfadagbókarnúmerið B-366-75. Í efnisdálki er ritaður örstuttur efnisútdráttur bréfs og nafn sendanda eða viðtakanda, ásamt dagsetningu bréfsins. Í aftasta dálk kemur síðan athugasemd um hvernig viðkomandi mál var afgreitt eða aðrar athugasemdir, s.s. um hvar bréfið er að finna í bréfasafni, hafi það verið fært annað en númerið segir til um. Einnig er vísað í númer útsends bréfs í bréfabók ef við á, sbr. bréf B-367-75, svar til biskups 3/7 sem hefur fengið bréfanúmerið 1506. (Um bréfabækurnar; sjá kafla 4.9 og 4.10). Nokkuð er um að bætt hafi verið við athugasemdum í bókina með rauðu bleki, ofast athugasemdum um flutt skjöl, vísun í bréfabók eða um að skjöl vanti. Þetta munu allt vera síðari tíma athugasemdir og ekki alltaf réttar. Betra er að styðjast við *skrár um Landshöfðingjasafn I-IV* varðandi flutt skjöl (sjá kafla 3). Eitthvað er um að útsend bréf séu einnig skráð í bréfadagbók 1873 – 1877, sbr. bréf nr. 371 hér að ofan. Það er þó ekki venjan í bréfadagbókunum og ekki reyndist unnt að sjá hvaða reglu sé fylgt þar að lútandi.

Conc.: stytting fyrir concept. Uppköst útfarinna bréfa voru ýmist skráð í sérstakar bréfabækur eða á lausar arkir sem voru gjarnan kölluð concept að danskri fyrirmynd.

S.a / s. & v.a.: skammstöfun fyrir Suðuramt / Suður- og Vesturamt. Á landshöfðingjatímanum var landinu skipt í tvö ömt, Suður- og Vesturamt og Norður- og Austuramt. Í dagbókum landshöfðingja eru heiti amtanna iðulega skammstöfuð, ýmist sem s.a. eða s. og v.a. fyrir Suður- og Vesturamtið eða n.a. fyrir Norður- og Austuramtið.

*Notkunarmöguleikar:* Í þessari bók er hægt að sjá hvaða erindi landshöfðingi hafði með höndum á tímabilinu 1873 – 1877. Hægt er að skoða efnisútdrátt bréfanna og sjá hvar þau liggja í bréfasafninu.

## 4.2. N-bréfadagbækur 1878 – 1897

Frá og með árinu 1878 hafa verið haldnar tvennskonar bréfadagabækur, þ.e. bréfadagbækur um almenn málefni, svokallaðar N-bréfadagbækur og sérþækur um reikningshald, svokallaðar reikningsdagbækur. Reikningsdagbókunum er skipt í málaflokka þar sem hver málaflokkur fær sinn bókstaf en bókstafurinn N er notaður fyrir almenn málefni og draga hinar almennu bréfadagbækur nafn sitt af því. (Um reikningsdagbækurnar verður fjallað í kafla 6). Í N-bréfadagbókunum hafa bréfin verið færð inn í þeirri röð sem þau bárust, án tillits til efnis og hvert bréf fékk sitt númer líkt og áður (sjá dæmi 4-2). Þetta skráningarkerfi er það sama og nefnt er rentukammerkerfi. N-bréfadagbækurnar eru fjórar og ná yfir tímabilið 1878 – 1897. Lítum á dæmi úr einni þeirra.

### Dæmi 4-2. N-bréfadagbók 1883 – 1887.

(ÞÍ, Landshöfðingi, 4. N-bréfadagbók/journal 1883 – 1887, s. 4, 55). – Færslur auðkenndar með gulu eru skjöl sem fylgt verður áfram með dæmum hér aftar.

1883 N. Almennar málefni		
Janúar 20. 33.	Lypting af dögðri vitundarlausni á Reykjavni 18- <sup>3</sup> / <sub>12</sub> 82	Fl. N. 477-83
— 34.	Skv. afi áliðla g. löngis við áttana við hól - lok 1883 svo g. löngis átt. níggja löngis 1/2	Fl. N. 477-83
— 35.	Reikninga afi löstina við hesthús. löngis g. smáþyngingna á Reykjavni 1/1	Fl. N. 477-83
— 36.	Skv. löngis til að löngis löngis á löngis löngis	Fl. N. 477-83

		erlenda verði veitt 50 kr. þóknun fyrir að lafsa göngu þess vatnsból 19/1	
-	37.	Póstm.: um póstávísun frá Hermann Brand Naumberg 14/1 (frá N.755-82)	fl. til N.518-83
22.	38.	Amtm. S. & V.a.: um vegagjörðir yfir Svína- hraun, Mosfellsheiði, Þorskafjarðarheiði, Bröttu- brekku, Lásárdalsheiði og Haukadalssskarð, framvegi árið 1882 og um leistaradinn þessur 19/1	
-	39.	Sami. um lestarad við xendafári til nordur og vesturlands til að undirbúa mið- töku gáfasamræða 23/1	
-	40.	Skilum: Skólaskjal, sýnt þess um feni lívinda límalat skuli sennja reikning yfir tekju fjóla gæmskúskólami. Skólagj. 19/1	til Skólakj. 19/1 Skólagj. 19/1
25.	41.	Skilum: Skilum, lívinda sals um Skólakj. til að framlífa atllpræðistofum 25/1	ávið br. sbr. B.II-308-83 fl. til N.25-84
-	42.	Skilum: Skólakj. lívinda sals um Skólakj. til að sinnu til undirbúa lívinda sals um Skólakj. til að framlífa atllpræðistofum 25/1	

1883 N. Almenn málefni

[Dags.	Nr.	Efni bréfs og sendandi	Afgreiðsla/ athugasemd]
Janúar 20.	33.	Eptirrit af dagbók vitavarðarins á Reykjanesi 1/8 – 31/12 '82.	fl. til N.477-83.
-	34.	Skrá yfir áhöld og birgðir við vitann við árslok 1883 svo og beiðni um nýjar birgðir 31/12 '82.	til ráðgj. 5/5, H+ fl. til N.477-83.
-	35.	Reikningur yfir kostnað við hesthúss, heyhúss, og smiðjubyggingu á Reykjanesi 19/1.	ávís. B.II-307-82 frá vitav. 26/12 '82 frá vitav. 11/3. fl. til N.477-83.
-	36.	S.A. leggur til að íbúa sæluhússins á Kolviðarhóli verði veitt 50 kr. þóknun fyrir að hafa grafið þar vatnsból 19/1.	ávísað br.sbr. B.II-308-83.
-	37.	Póstm.: um póstávísun frá Hermann Brand Naumberg 14/1 (frá N.755-82).	fl. til N.518-83.
22.	38.	Amtm. S. & V.a.: um vegagjörðir yfir Svína- hraun, Mosfellsheiði, Þorskafjarðarheiði, Bröttu- brekku, Lásárdalsheiði og Haukadalssskarð,	

		framkvæmdar árið 1882 og um kostnaðinn þar við 19/1.	
–	39.	Sami: um kostnað við sendifarir til norður- og vesturlands til að undirbúa móttöku gjafasamskota 22/1.	
–	40.	Sýslum. í Gullbr. og Kjósars.: spyrzt fyrir um fyrir hvaða tímabil skuli semja reikning yfir tekjur gjöld gagnfræðaskólans í Flensborg 18/1.	til Gullbr. og Kjósars. 13/2 Stjúd. B.15
25.	41.	Bjarni Guðmundsson sækir um styrk til að framhalda ættfræðisstörfum 25/1.	ávís. kr.100,00 sbr. B.II-683 fl. til N.25-84
–	42.	Sýslum. í Kj. og Gullbrs. sendir ýmsar skýrslur úr sinni til undirbúnings hinu fyrirhugaða jarðamati 23/11.	
[...]			
Júní 13.	476.	Póstm. biður Jón Gunnarsson settan til að gegna póstm. starfsmannastörfunum meðan hann er fjærverandi á embættisferð 8/6.	til J. Gunnarss. 9/6.
–	477.	Eptirrit af birgðaskrá vitans og dagbók hans 1/1 – 15/5 '83 (fl. frá N.33, 34, og 35-83). Hjer eru ýms vitamálefni. – Um nýjar birgðir etc.	frá ráðgj.15/6 og 30/6 til vitav. á Reykjan. 18/7 frá vitav. 30/7,31/7 til ráðg.6/8 frá ráðgj. 7/9.
–	478.	Ráðgj. sendir eyðublöð handa landfóg. undir kvittanir fyrir eptirlaun úr ríkissjóði, lífabyrgðarsjóði o.fl. 22/5.	til landfóg. br.m. 22/5.
–	479.	Meðmælingarbrjef handa Dr. Keilhach á ferð hans á Íslandi sumarið 1883 11/6.	
–	480.	Proc. P. Melst. sækir um gefins mállsókn handa Helga Guðmundssyni á Heylæk í máli við Þórð Sigurðsson í Finnúsum 11/6 (frá N.205-83).	til P. Melst. 11/6
–	481.	Yfirk. Halld. K. Friðriksson sækir um ferðaleyfi til Rvíkur fyrir son sinn Júlíus hjeraðslækni Halldórsson 12/6.	til H.K.Fr. og N.A 12/6
–	482.	Ráðgj. að lagafrumvarpinu um breyting á 2. og 3. gr. laga um stofnun læknaskóla 11. febr. '76 hafi verið synjað um konungl. staðfestingu 4/5.	Sjá Stjórnart. B.58-83

*Athugasemdir:* Í fremsta dálk er skráður komudagur bréfs eða skráningardagur færslu. Að öðru leyti á það sama við hér og um dæmið hér á undan. Samkvæmt því sem kemur fram í athugasemdardálki aftast hafa efstu bréfin, nr. N.33-83, N.34-83 og N.35-83 um málefni vitans á Reykjanesi verið færð á númer N.477-83 og ættu því að liggja þar. Bréf N.34-83 og N.35-83 gera það en ekki bréf N.33-83. Það hefur verið flutt áfram á nr. N.166-84, ásamt hluta af skjölum merkt N.477-83. Tilfærslur sem þessar á skjölunum innan safnsins eru tilgreindar skýrt og skilmerkilega í *skráum um Landshöfðingjasafn I-IV*, því er gott að hafa þær við hendina þegar leitað er að einstökum skjölum (sjá dæmi 3-1 hér að framan). Neðsta bréfið hér nr. 482, frá ráðgjafanum fyrir Ísland, þar sem konungur synjar lagabreytingu um stofnun læknaskólans, er dæmi um tilkynningu sem landshöfðingi lét birta í B-deild Stjórnartíðinda (sjá: *Stjórnartíðindi* 1883 B, nr. 58, bls. 61-62). Frumrit bréfsins er á dönsku og liggur í bréfasafni ásamt uppkasti að íslensku gerðinni.


*Notkunarmöguleikar:* Í N-bréfadagbókunum er hægt fá yfirlit yfir öll almenn bréf er bárust landshöfðingja á tímabilinu 1878 – 1897 í tímaröð. Hægt er að skoða efnisútdrátt bréfanna og sjá hvar þau liggja í bréfasafninu.

### 4.3. Bréfadagbók 1878 – 1882

Auk ofangreindra bréfadagbóka er spanna tímabilið 1873 – 1897 er til ein stök bók sem nær yfir árin 1878 – 1882. Hún er að mestu leyti skrifuð á dönsku og hefur að geyma allar sömu færslur og N-bréfadagbókin og reikningsdagbækurnar fyrir viðkomandi ár en er ekki flokkuð eftir neinum málaflokkum, heldur raðað í einfalda tímaröð og vísað í númer bréfadagbókar eða reikningsdagbóka. Skriftin er smá og efnisútdrátturinn ekki jafn ítarlegar og í hinum bókunum. Bókin er að mestu leyti með hendi Hilmars Finsens landshöfðingja og gæti verið einhvers konar minnisbók hans sjálfs.<sup>20</sup> Aftast í henni er skrá þar sem bréfin eru flokkuð eftir málefnum.

#### Dæmi 4-3. Bréfadagbók 1878 – 1882

(ÞÍ, Landshöfðingi, 2. Bréfadagbók/journal 1878 – 1882, s. 1)



1878.

No.	Dátum	Saga	Expedition	Source No.
1	7/1	La 1. handlet om den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	16. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	N 1 - 13
2	7/1	2. handlet om den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	17. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	N 2.
3	"	Ande fra P. Skott og om den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	18. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	B 377-78
4	7/1	Ande fra P. Skott og om den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	19. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	N 3-76
5	"	Forpagelse for byggeforanstaltninger i Havn og om den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	20. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	B 731-77
6	7/1	Indkommet ande fra den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	21. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	N 6.
7	"	Ande fra P. Skott og om den første og bedste betingelse for at bygge en ny Bygning - bygningen.	22. 12. 1878. 2. fra H. Finsen	B 666-77

<sup>20</sup> Skrá á lestrarsal ÞÍ: Skrá um skjöl landshöfðingja 1873 – 1904.

1878				
No.	datum	Sagen	Expedition	Journal No.
1.	7/1	S & V Amtet sender Forslag om Distriktslægernes Bopæl i begge Amter, 4/1.	/1 til S. & V.A., 4/1 fra Ol. Sigvaldason. Reg. Tid B No.11 f. No.42	N.1-78.
2.	7/1	S.A. sender Andr. fra Öfjelds Hrepp om Forandring af den i Rentek. skr. 23 Septbr. 1826 indeholdte Best[emmel]se 4/1.	18/2 til Min., 27/6 fra Min.	N.2.
3.		Andr. fra P. Melsted og Einar Thordarson om understøttelse til at udgive et udlag af Verdenshistorien.	7/1 til stifts Övr.	B.894/77.
4.	7/1	Andr. fra Bj. Jónsson om underst. til ad udgive et udlag af Geografien.	7/1 til Bj. Jónsson	N.3-78.
5.		Forspögsel fra Sysselforstanderskabet i Rangarvallasysse om vagtholdsomkostningerne i someren 1877.	7/1 til S.A. Reg. Tid B. No.1	B.931-77
6.	8/1	Sönderamtet andr. paa Anvesning af 36 Kr. for 1876 og 77 tilskud til Leilændningsfonden (Kgl. Resol. 7. Oktbr. 1875).	til S.A. Am.	N.6.
7.		Klage fra Sysselforstanderskabet i SkagefjordsS over Amtets Resol. 10. Oktbr. 1876 bets Vagtholdsomkostn. 1875.	8/1 til N.& Ö. A. Reg. Tid. B No 2	B.606-77
8.	9/1	Vestamtet Forslag om kautionsens størrelse for Sk. Magnusson som sysselmand í Dalas.	10/1 til V.A.	B.780-77 N.7-78
10.		Bolstadarhlíðar Hrepp appellerer N. og Ö. Amtet Res. 8. sept. 1876 bets. Sigurlaug Ólafsdóttirs Forsögelse.	9/1 til N. og Ö.A. Reg. Tid. B.No.3	B.476-77
11.	10/1	Landfysikus sender Andr. fra Jordemóðrene í Reykjavík om deres Louning af Jdbk	10/1 til Landfysikus	N.8-78

*Athugasemdir:* Í fremsta dálki er hverri færslu gefið númer, hlaupandi tala innan árs. Uppbygging hér er að öðru leyti svipuð og áður. Í aftasta dálki er vísað í bréfadagbókarnúmer og því auðvelt að fletta upp á sömu færslu í hinum bréfadagbókunum/reikningsdagbókunum.

Jdbk: stytting fyrir jordboge-kassen, þ.e. jarðabókarsjóður.

*Notkunarmöguleikar:* Hér er hægt skoða efnisútdrátt allra bréfa í tímaröð, bæði um hin almennu málefni og reikningsmál fyrir tímabilið 1878 – 1882 og sjá hvar þau liggja í bréfasafninu.

#### **4.4. Flokkaskrár (registur) 1874 – 1897**

Til að auðvelda leit að einstökum málum voru haldnar sérstakar flokkaskrár þar sem bréfin voru skráð inn eftir málefnum eins og fyrrgreinir. Hver skrá nær yfir eitt ár. Yfirlit yfir flokkanna er að finna fremst í hverri skrá en þeir geta verið aðeins breytilegir á milli ára. Málaflokkar ársins 1883 eru eftirfarandi, og ættu að vera nokkuð lýsandi fyrir hin fjölbreyttu verkefni landshöfðingja:



Alþingi  
 Amtsstjórn  
 Atvinnuvegir  
   Búfræðingar, sjá atvinnuvegir og landbúnaður  
   Búnaðarfjelög og sjóðir, sjá atvinnuvegir, sjóðir og landbúnaður  
 Bækur og tímarit  
 Dómsmál, sbr. hæztirjettur, yfirdómur og lögreglustjórn  
 Ekkjuframbærsla og lífsábyrgð  
 Embætti og embættismenn, sbr. prestar og læknar  
   Endurskoðun, sjá reikningsmálefni  
 Fanga og hegningarhús  
 Fátækramálefni  
 Fiskiveiðar og tilsjón með þeim  
   Fjárforráð ómaga, sjá skiptamál  
 Gjaldheimtur, sbr. reikningsmál  
 Gufuskipsferðir  
   Handiðnaður, sjá atvinnuvegir  
 Harðæri  
 Heiðursmerki og nafnbætur (heiðursgjafir)  
 Heilbrigðishagir, sbr. læknar  
 Hjúskapur (einnig óskilgetin börn)  
 Hreppstjórn  
 Hæstirjettur, sbr. dómsmál  
 Jarðeldar  
 Kaupstaðir (aðrir en Reykjavík)  
 Kennsla, sbr. skólar  
 Kirkjur (sbr. prestar)  
 Konungur  
   Kornlán, sjá harðæri og lán  
   Kvikfjárrækt, sjá landbúnað  
 Lagaskipun  
 Lán  
 Landbúnaður

Landssjóðurinn  
 Leyfisbrjef  
 Lyfsala, sjá heilbrigðishagir  
 Læknar, sbr. heilbrigðishagir  
 Lögreglustjórn  
   Meðlag með óskilgetnum börnum, sjá hjúskapur  
 Málmar og námar  
 Peningar  
 Póstamálefni  
 Prestar og prestaköll  
 Reikningsmálefni  
 Rekamál  
 Reykjavík  
 Sjóðir og stofnanir  
 Skattamálefni  
 Skipaferðir og strönd  
 Skiptamál  
 Skólar, sbr. kennsla  
 Stjórnartíðindi  
 Styrkur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja  
   Styrkur til jarðræktar og landbúnaðarnáms, sjá landbúnað  
 Sýslustjórn  
 Tollamálefni  
 Uppreisn æru og uppgjöf á sökum  
 Útflutningur manna [þ.e. Vesturheimsfarar]  
 Vegamál  
   Verðlagsskrá, sjá amtsstjórn og stjórnartíð.  
 Verzlun  
   Viðlagasjóður, sjá landssjóður  
 Vitamál  
 Yfirdómurinn  
   Yfirsetukonur, sjá heilbrigðishagir  
 Ýmislegt  
 Þjóðjarðir og umboðsmenn

Flokkaskrárnar eru fjórar og ná yfir tímabilið 1874 – 1897 en ítarlegt yfirlit yfir málaflokka alls tímabilsins er að finna í *Skrá um Landshöfðingjasafn* I, bls. IV-VII. Í flokkaskránum nær síðan hver málaflokkur ýmist yfir hluta úr blaðsíðu og allt upp í nokkrar síður, allt eftir umfangi málaflokksins. Undir hverjum málaflokki er síðan vísað í bréfadagbókarnúmer og efni viðkomandi bréfs getið í örstuttu máli (sjá dæmi 4-4).

**Dæmi 4-4. Flokkaskrá 1879 – 1883.**

(ÞÍ, Landshöfðingi, 8. Flokkaskrá (registur) 1879 – 1883, d. 77, 78).

<u>Vitarnálfur</u>	<u>Uppdráttur</u>
1. Eftirvit af dagblaði vitarnálfurinn 1879-1880	190. Þringjörðir í malina: Þóall árin og þótt þótt þótt þótt
2. Spora yfir áhöld og língin vit- andi árd áhöld 1882 og g. ord língin um niðjar língin.	200. Þóttin um þóttin niðjarin þóttin yfirgilti handa þóttin língin á þóttininn í malin og þóttin língininn í þóttin.
3. Þóttininn yfir língininn árd língininn, língininn og língininn língininn í þóttininn.	206. Um língininn língininn á língininn língininn língininn língininn língininn língininn
4. Eftirvit af língininn vit- og dagblaði língininn og língininn vitarnálfurinn	208. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn
5. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn	212. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
6. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn	216. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
7. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	220. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
8. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	224. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
9. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	228. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
10. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	232. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
11. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	236. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
12. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	240. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
13. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	244. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn
14. Þóttininn língininn língininn língininn língininn língininn língininn	248. Um língininn língininn língininn língininn língininn língininn

[Ár 1883].

	Vitamálefni		Yfirdómurinn
33.	Eptirrit af dagbók vitavarðarins 1/8 – 31/12 '82.	190.	Dómsgjörðin í málinu: Rjettvísinn gegn Jónasi Jónssyni.
34.	Skrá yfir áhöld og birgðir vitans við áhöld 1882 svo og vel beiðni um nýjar birgðir.	205.	Beiðni um fría málssókn fyrir yfirrjetti handa Þórði Sigurðssyni á Finnshúsum í máli gegn Helga Guðmundssyni á Heylæk.
35.	Reikningur yfir kostnað við hesthúss, heyhúss og smiðjubyggingu á Reykjanesi.	206.	Um d. handa bæjarstjórninni á Ísafirði til að áfrýja fúgetagjörð snertandi bæjargjöld af Stakkanesi.
477.	Eptirrit af birgðaskrá vitans og dagbók hans svo og ýms önnur vitamálefni.	300.	Um gjafsókn handa hreppsnefndinni í Hrafnagilshr. í máli við cand. Jóh. Halldórsson.
721.	Um kostnað við að leggja spónpak á geymsluhúsið við vitabústaðinn.	322.	Um skipun sóknam. í sakamáli gegn Guðm. Jónssyni, Mettu Egilsdóttur og Sigurþóri Ólafssyni.
722.	Um sölu á steinólufutunnum til tilheyrandi vitanum.	329.	Sakamál Jóhanns Guðmundssonar úr Skagafirði.
730.	Beiðni Páls Pálssonar á Reykjanesi í Vestdalseyri um að verða skipaður vitavörður á Reykjanesi.	342.	d. Sigurðar Snæbjörnssonar úr Árnessýslu.
756.	Skipun handa E. Egilsson til að fara umsjónarferð suður á Reykjanes.	385.	Sakamál Benedikts Grímssonar.
769.	Vitavörður Arnbjörn Ólafsson segir upp stöðu sinni sem vitavörður.	432.	Beiðni kand. Jóhanness Halldórssonar um gjafsókn í máli við hreppsnefndina í Hrafnagilshreppi.
775.	Skýrsla um umsjónarferð E. Egilsson til vitans og reikningur yfir kostnað við ferðina.	461.	Rjettvísinn Dómsgjörðir í málunum, 1. Rjettvísinn gegn Benid. Jóhannssyni, 2. Hið opinb. gegn Jóh. Guðmundssyni og 3. Rjettvísinn gegn Jósep Ólafssyni.
792.	Arnbirni Ólafssyni veitt lausn frá vitavarðarstörfum. Beiðni Jóns Gunnlaugssonar um vitavarðarstörfin.	480.	Beiðni um ókeypis málssókn fyrir yfirrjetti handa Helga Guðmundssyni á Heylæk.
824.	Beiðni Þorst. Þorgilssonar á Reykjan Eyrarbakka um að verða skipaður vitavörður. d. - frá Sig. Jónssyni. d. - frá Árna H. Hannessyni.	548.	Um kostnað við útgáfu dómasafnsins 1881.
		549.	Beiðni cand. Jóhannesar Ólafssonar um að verða skipaður yfirrjettar prokurator. Beiðni Guðl. Guðmundssonar um d.d.
		611.	Proc. Þorst. Jónsson biður Jón Jónsson skipaðan til að gegna störfum sínum um hálfsmánaðartíma – svo og beiðni um ferðaleyfi.

*Athugasemdir:* Í fremri dálki er vísað í bréfadagbókarnúmer, þ.e. númer viðkomandi bréfs í bréfasafninu. Hér sjáum við t.d. aftur bréf númer N.35-83, ásamt yfirliti yfir öll önnur bréf í safni Landshöfðingja er varða málefni vitans á Reykjanesi árið 1883. Í hægri dálki er prentaður upp um helmingur bréfa er varða málefni yfirdómsins fyrir sama ár en dómsmál voru nokkuð viðamikil málaflokkur á landshöfðingjaskrifstofunni.

Prokurator: danska, þ.e. málfærslumaður en í dagbókum landshöfðingja er aðeins um dönskuslettur sem þessa.

d.d.: stytting fyrir ditto, þ.e. sama og að ofan.

*Notkunarmöguleikar:* Flokkaskrárnar eru auðveldasta og fljótlegasta leiðin til að finna bréf er varða tiltekin málefni. Þar er vísað í bréfadagbókarnúmer (t.d. N.35-83) og undir því númeri ætti bréfið að liggja í bréfasafninu, hafi bréfið hins vegar verið fært undir annað númer ættu upplýsingar um það að koma fram í bréfadagbókunum. Einnig er hægt að leita í hinum sérstökum skráum um safnið sem unnar voru á Þjóðskjalasafni um miðja síðust öld, þ.e. *skráum um Landshöfðingasafn I-IV* (sbr. kafla 3 hér að framan).

#### ***4.5. Dæmi um skjal í bréfasafni – Reykjanesviti***

Fyrsti ljósviti landsins, Reykjanesviti var byggður sumarið 1878 á Valahnúk á Reykjanesi og tekinn í notkun 1. desember sama ár. Vitamál á Íslandi töldust vera íslenskt sérmál og bygging vitans því borguð úr landssjóði Íslands en danska þingið féllst á að styrkja framkvæmdina með því að leggja til fé til kaupa á ýmsum vitatækjum. Rekstur vitans var kostaður af landssjóði. Vitaverði bar að standa skil á reikningshaldi vitans til landshöfðingja og enn fremur að senda árlega skýrslur um birgðir vitans og fleira varðandi rekstur hans.<sup>21</sup>

**Dæmi 4-5. Reikningur yfir viðhald og rekstur vitans á Reykjanesi árið 1882.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 4. N-bréfadagbók/journal 1883 – 1887, fylgiskjöl N.35-83).



<sup>21</sup> Guðmundur Bernóðsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002, s. 29-41, 206. Sjá einnig: Vef: [www.ferlir.is](http://www.ferlir.is) – leitarorð »Reykjanesviti«

Hjer með vil jeg herra Landshofðingi skýra yður frá, hvað gjört hefir verið á þessu ari, af endurbótum á húsum og áholdum við vitan, um leið og jeg legg fram reikning, yfir kostnað þann, sem þetta hefir í för með sjer.

Byggt hefir verið hús fyrir hest og hey ásamt smiðju. Tekið torfpakið af íbúðarhúsinu og látið spónpak í staðin, en óþiljað er það að innanverðu sem verður að bíða næsta sumars, vegna þess að nóg efni var ekki fyrir hendi hingað flutt.

Kostnaður við ofan skrifuð verk, ásamt fleyri smávegis viðgjörðum í viturninum og flutningur til vitans á kolum og olju verður sundurliðaður þannig

Til hest heyhús og smiðjubyggingar				
	kr	aur	kr	aur
Fyrir við að meðtöldum flutningskostnaði	260			
Nagla hurðarjárn og smíðaáhöld	40			
Fyrir grunn og smiðjubyggingu	60			
Trjesmíðalaun	140		500	
Til viðhalds á húsum og áhöldum				
Borgað fyrir þakspón eptir reikning Duusverzlunar	75			
Af Þorshöfn flutningar á sama	15			
verkalaun við þakið 12 dagsverk á 4 kr og 12 á 3 kr	84			
viður í þakið 8 plankar 150 ar hver	12			
4 stykki 12 fot borð 150 1 do 125 9 st 8 fot borð á 1 kr	16	25		
fjögra þumlunga naglar eptir reikning Duusverzlunar	6	75		
Samkvæmt reikning Fischers verzlunar í Keblavík fyrir 2ja				
þumlunga nagla skál með sinkhvítu terpintínu og umbúðapoka	11	63		
Endurbót á ofnröri	4			
Malað í vitanum	2		226	63
Fyrir hreinsunarefni og fl.				
Fyrir græn grænsapu eptir reikning Duusverzlunar	6			
Borgað Lifisala Krüger fyrir pólervatn		42		
Samkvæmt reikning Fischersverzlunar fyrir halfpelaglas með				
bleki soda eldspítur lampaglös ofnpulver skrifpappír	8	37	14	79
Fyrir flutning á oljunni				
Ur kerlingarbás í hús 3ja dagsverk i 3ja daga 3 kr hvert	27		27	
Fyrir fluttning 18 ¾ skp. kol				
eða ¾ kolanna ¼ borgaður af vitaverði 3 kr 75 aur hvert skp.	70	31		
viðhald á kolapokum	6			
fyrir að flytja helming kolanna af Kistu	12			
annan helming ur Kerlingarbás	7		95	31
Pakkúslán í Höfnunum	15		15	
Samtals	878	63	878	73
Borgað uppí útgjöld við vitan				
Til hest og heyhúsbyggingar	500	aur		
tíla vita haldsins	200			
Do	75			
Frá vitaverði endurborgað fyrir ¼ kolanna	18			
Innskrið við Fischersverzlun fyrir tunnur undan olju	20			
Oborgað uppí vitahaldið	65	73		
Samtals	878	73		

Þessum 65 kr 73 aur sem oborgaðar eru vil jeg lotningarfyllst biðja mjer avísað úr landsjóði

vitanum á Reykjanesi 31 Desember 1882

Arnbjörn Ólafsson

*Athugasemdir:* Reikningur þessi er í tvíriti í bréfasafni. Eintak hér að ofan hefur vitavörður ritað, staddur á Reykjanesi í árslok 1882. Hitt eintakið, dagsett 19. janúar 1883 í Reykjavík, virðist vera hreinskrifað eintak sama reiknings. Eintakið ritað á Reykjanesi er þó heldur ítarlegra og þykir því réttara að birta það hér. Reikningar frá Fischer og Duus verslunum í Keflavík sem vitnað er til í reikningnum hér, liggja einnig í bréfasafninu undir sama númeri ásamt fleiri skjölum varðandi rekstur vitans.

Þórshöfn er forn verslunarstaður við norðvestanverða Ósaboтна á Reykjaneskaga. Á 15. og 16. öld sigldu Þjóðverjar þangað en í tíð einokunarkaupmanna lagðist öll verslun þar niður. Á 19. öld hófust siglingar þangað aftur<sup>22</sup> og af reikningum hér að ofan að dæma hefur Þórshöfn verið notuð til aðflutninga á vörum til vitans, ásamt Kerlingarbás og Kistu á Reykjanesi.

Do: stytting fyrir ditto, þ.e. sama og að ofan.

*Lagagrundvöllur:* Vitaverði bar samkvæmt 7. grein erindisbréfs síns að standa skil á reikningshaldi vitans. Erindisbréf hans var gefið út 14. nóvember 1878.<sup>23</sup> Á fjárlögum ársins 1882 var 3.000 krónum úthlutað til vitans á Reykjanesi.<sup>24</sup>

*Notkunarmöguleikar:* Þennan reikning, ásamt fleiri gögnum um vitann sem er að finna í bréfasafni landshöfðingja, er hægt að nota til að rannsaka sögu vitans nánar, t.d. varðandi rekstur hans, viðhald, dagleg störf og aðdrætti.

#### ***4.6. Dæmi um skjal í bréfasafni – hallæri á Norðurlandi 1882-1883***

Níundi áratugur 19. aldar var nánast samfelld harðindaskeið á Íslandi. Veturinn 1880 – 1881 var þó sérlega kaldur. Sumarið 1882 var líka kalt, kaldasta sumar sem komið hafði síðan hitamælingar hófust. Svo kalt var norðanlands að jörð varð alhvít af snjó hvað eftir annað og heyjaðist að vonum lítið það sumar. Margir bændur þurftu að fækka búfé sínu og áttu í erfiðleikum með að borga landskuldir sínar í kjölfarið.<sup>25</sup> Þeir leituðu því til yfirvalda til að fá úrlausn sinna mála. Um það vitnar bréf Ólafs Sigurðssonar umboðsmanns Reynistaða-klausturs til amtmannsins í Norður- og Austuramtinu.


<sup>22</sup> Jón Þ. Þór, *Fornar hafnir á Suðvesturlandi*. Fræðslurit Ferðafélags Íslands 10, Rvk 2002, s. 17-18.

<sup>23</sup> *Stjórnartíðindi* 1878 B. Rvk 1878-79, s. 164-167. (Erindisbréf fyrir vitavörðinn á Reykjanesi, 14. nóv. 1878).

<sup>24</sup> *Stjórnartíðindi* 1881 A. Kbh 1881, s. 30-47. (Fjárlög fyrir árin 1882 og 1883).

<sup>25</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og rikismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands* X, s.38-39.

**Dæmi 4-6. Ólafur Sigurðsson í Ási til Norður- og Austuramtsins, 8. febrúar 1883.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 4. N-brefadagbók/journal 1883 – 1887, fylgiskjöl N.504-83).



N.504-83

Þar eð hin eptirminnilegu vor- og sumar-harðindi, sem dundu hjer yfir Norðurland næstliðið ár, hafa þegar knúð ýmsa jarðeigendur hjer í sýslu, til að lofa frýviljugt leiguliðum sínum þriðjungs tilslökun á landskuldunum í vor, hafa margir landsetar Reynistaðarklaustursjarða farið fram á við mig, að ég reyndi til að útvega þeim sömu tilslökun hjá yfirstjórn landsins.

Mjer er fullkunnugt, að flestir Reynistaðarklausturs landsetar hafa haft meira en þriðjungi minni not af ábylisljörðum sínum þetta ár, en í meðalári. Þess vegna álít ég líka í alla staði sanngarnt, að þeim væri veitt þriðjungs uppgjöf á þessa árs landskuldum. Mjer er líka kunnugt, að margir af þeim eru orðnir svo fjelausir, að þeim verður eigi hægt, bæði að borga landskuldinar í sumar, og kaupa sjer kornmat til lífsbjargar fram að haustinu.

Þess vegna vil ég undirgefnast biðja amtið að fara því á flot við landshöfðingjann yfir Íslandi, að Reynistaðarklausturs landsetum veitist tjeð uppgjöf, eða að minnsta kosti gjaldfrestur á þriðja parti þ.á. landskulda, þangað til alþing í sumar er búið að ræða hallærisráð landsins, og afgreiða það til stjórnarinnar, þar ég verð að álíta sjálfsagt, að það mál komi fyrir þingið.

Ási, 8. febrúar 1883

Ólafur Sigurðsson

*Athugasemdir:* Bréf þetta hefur amtmaður Norður- og Austuramts sent áfram til landshöfðingja, ásamt gögnum frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu þar sem sýslumaður mælir með að farið sé að tillögum Ólafs umboðsmanns um uppgjöf á þriðjungi landskuldanna. Í bréfi til landshöfðingja mælir amtmaður hins vegar með að landsetunum verði einungis veittur gjaldfrestur (umlíðan) og var það niðurstaða landshöfðingja. Úrskurður hans er prentaður í B-deild *Stjórnartíðinda* 1883.<sup>26</sup>

Landskuld: leiga af jörð sem leiguliði greiðir jarðeiganda árlega.

*Lagagrundvöllur:* Alþingi samþykkti engin lög um beina fjárhagsaðstoð eða niðurfellingu landskulda vegna harðindanna. Eini opinberi stuðningurinn var gjaldfrestur og lánveitingar úr viðlagasjóði.<sup>27</sup>

*Notkunarmöguleikar:* Þetta bréf getur t.d. verið liður í rannsókn á afleiðingum harðindanna í lok 19. aldar og hvernig brugðist var við þeim að hálfu yfirvalda.

#### **4.7. Dæmi um skjal í bréfasafni – brennisteinsnámur á Norðurlandi**

Frederik Johnstrup, prófessor í steinafræði við háskólann í Kaupmannahöfn kom hingað til lands á vegum stjórnvalda á vordögum 1871, til þess að rannsaka brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu. Hann vann að úttekt námanna sama sumar og gerði m.a. allnákvæma uppdrætti af þremur helstu námunum fyrir norðan, Reykjahlíðarnámum, Kröflunámum og Fremrinámum sem allar voru í eigu landssjóðs. Ástæða rannsóknarinnar var að Englendingar höfðu farið fram á að fá námurnar leigðar um tiltekinn tíma.<sup>28</sup> Í apríl 1872 var gerður leigusamningur við Alfred G. Lock til 50 ára. Í samningnum er m.a. vísað í uppdrætti þessa varðandi umgengnisreglur í námunum.<sup>29</sup> Lock seldi samninginn hlutafélagi sem nefnt var *The North of Iceland Sulphur Company Ltd* en lítið varð úr framkvæmdum á vegum þess. Félagið stóð ekki við samninginn og á árinu 1885 voru námurnar aftur teknar undir umráð landssjóðs.<sup>30</sup> Uppdrættirnir ásamt samningnum við Lock liggja nú í bréfasafni landshöfðingja, ásamt fleiri gögnum er varða málið.

<sup>26</sup> *Stjórnartíðindi* 1883 B. Rvk 1883, s. 85. (Bréf landshöfðingja til amtmanns yfir norður- og austuramtinu um frest á landskuldagreiðslu í Reynistaðarklausturs umboði, 23. júlí 1883).

<sup>27</sup> Guðmundur Jónsson, „Efnahagskreppur á Íslandi 1870-2000.“ *Saga* 47:1 (2009), s. 60.

<sup>28</sup> Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands IV. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir fyrr og síðar*. 2. útg., Rvk 2006, s. 74-75.


<sup>29</sup> *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 459-463. (Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um leigumála brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu, 6. júlí 1872).

<sup>30</sup> Sveinn Þórðarson, *Auður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanytingar á Íslandi*. Safn til Iðnsögu Íslendinga 12. bindi, Rvk 1998, s. 127-129.



#### Dæmi 4-7. Uppdráttur af Reykjahlíðarnámum 1871.

(*DÍ*, Landshöfðingi, 4. N-bréfadagbók/journal 1883 – 1887, fylgiskjöl N.280-86).



*Athugasemdir:* Reykjahlíðarnámur eru í og við Námafjall, austan Mývatns. Á uppdrættinum eru námuaugun táknuð með grænum lit og ofan í þau var bannað að traðka mold samkvæmt leigusamningnum við Lock 1872.<sup>31</sup>

*Lagagrundvöllur:* Johnstrup bar að gera þessa uppdrætti samkvæmt erindisbréfi hans.<sup>32</sup>

*Notkunarmöguleikar:* Við rannsóknir á nýtingarsögu námanna. Einnig við rannsóknir á umsvifum og áhrifum Englendinga á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Gætu jafnvel einnig nýst við rannsóknir á jarðfræði viðkomandi náma.



<sup>31</sup> *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 460. (Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um leigumála brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu, 6. júlí 1872).

<sup>32</sup> *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III. 1870-1875, s. 179-180. (Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra embættismanna á Íslandi, um ferð Johnstrups háskólakennara til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, d. 23. maí 1871).

#### 4.8. Dæmi um skjal í bréfasafni – umsókn um lán úr landssjóði

Með stöðulögunum 1871 var stofnaður sérstakur landssjóður fyrir Ísland og frá 1873 hafði landshöfðingi yfirumsjón með honum. Jafnframt var kveðið á um stofnun sérstaks hjálparsjóðs, síðar nefndur viðlagasjóður.<sup>33</sup> Heimild var veitt til að verja tiltekinni upphæð viðlagasjóðs til lána, til ýmissa verklegra framkvæmda, í fjárlögum hverju sinni. Lán þessi voru m.a. veitt til þilskipakaupa.<sup>34</sup>

**Dæmi 4-8. Þorsteinn Egilsson sækir um landssjóðslán fyrir hönd Lárusar Pálssonar.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 4. N-bréfadagbók/journal 1883 – 1887, fylgiskjöl N.288-86).



N.288-86.

Samkvæmt hjálagðri fullmagt frá Hra Lárusi Pálssyni að Sjónarhóli leyfi jeg mjer hjermeð að óska, að yður, Hra Landshöfðingi, mætti þóknast að veita mjer, fyrir hans hönd, lán úr landsjóði, allt að 2500 kr., gegn veði í eignarjörð hans, hálfum Innri-Ásláksstöðum, sem samkvæmt hjálagðri virðingargjörð, þartil af hlutaðeigandi sýslumanni útnefndra manna, er virt á 5000 kr. Til ætlað er, að verja fje þessu til þilskipskaupa. Bænarskrá þessari fylgja hin lögskipuðu vottorð.

Hafnarfirði 10. Marts 1886.  
Lotningarfyllst  
Þ. Egilsson.

<sup>33</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga* II i-r. Alfræði Vöku-Helgafells, Rvk 1995, uppflettorð »landssjóður«, s. 115-117.

<sup>34</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og rikismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands* X, s. 57.

Landshöfðingi féllst á að veita Lárusi lánið og sendi úrskurð sinn þar að lútandi til landfógeta sem hafði á hendi störf ríkisféhirðis. Uppkast að úrskurði landshöfðingja liggur einnig í bréfasafninu og hljóðar þannig:

N.288-86.

Landsh. 20. mars 1886

Til landfógetans

~~Með því að~~ Jeg hef í dag veitt lækni Lárusi Pálssyni á Sjónarhóli eða kaupmanni Þorsteini Egilsen fyrir hans hönd 2500 kr. lán úr landssjóði til þilskipakaupa gegn veði í ~~h~~ eignarhluta hans 6,4 hndr. í jörðinni Innri-Ásláksstöðum í Vatnsleysustrandarhreppi, ~~æ og ha sem ásamt~~ með öllu því sem jörðu þessari fylgir og með íveruhúsi, timburpakkhúsi og timburgeymsluhúsi sem á henni standa, en jörðin öll með húsum þessum er virt á 5000 kr. Á lántakandi að greiða 4% ársvexti af lásupphæðinni og endurborga lánið sjálft með  $\frac{1}{12}$  á ári í 12 ár, og ennfremur á hann ~~í skuldabréfinu~~ að skuldbinda sig til að ~~sýna~~ senda landfógeta á hverju ári í tæka tíð skýrteini fyrir að ~~ha~~ hús hinum veðsettu timburhúsum sje stöðugt haldið tilhlýðilega váttryggðum gegn eldsvoða.

Jeg skal þessvegna þjón. skora á yður, herra landfógeti, að útborga hlutaðeiganda hið þannig veitta lán gegn lögformlegu skuldabréfi og tilhlýðilegum skilríkjum.

*Athugasemdir:* svarbréfið er greinilega uppkast landshöfðingja eins og sjá má af yfirstríkunum og lagfæringum.

Hra: herra.

Þjón.: þjónustusamlega.

*Lagagrundvöllur:* fjárlög hverju sinni.

*Notkunarmöguleikar:* Við rannsóknir á lánveitingum landssjóðs, s.s. til hverra þau voru veitt og til hvaða framkvæmda. Getur sömuleiðis nýst við rannsókn á ævi Lárusar Pálssonar en ekki er vitað hvort eða hve lengi Lárus Pálsson gerði þilskipið út. Það var a.m.k. ekki í eigu hans árið 1891 samkvæmt framtalsskýrslu það ár.<sup>35</sup>

#### **4.9. Bréfabækur (afgreiðslubækur) 1873 – 1878 – fjársöfnun vegna Öskjugossins 1875**

Bréfabækur, þ.e. bækur sem öll útsend bréf voru afrituð í áður en þau voru send frá viðkomandi embætti, eru þekktar frá gamalli tíð, s.s. embættum amtmanns og landfógeta. Í bréfabókum landshöfðingja er þó fremur um bréfauppköst að ræða en bein afrit. Bréfabækurnar voru gjarnan kallaðar „konseptabækur“ á sínum tíma að danskri fyrirmynd eða kópíubækur og stundum afgreiðslubækur. Á 19. öld þegar bréfagerð varð mikil dró úr notkun


<sup>35</sup> Guðrún P. Helgadóttir, *Lárus hómópati*. Rvk 1994, s. 155-156.

bréfabóka. Þess í stað voru bréfauppköst gerð á sérstakar arkir, og þau látin með öðrum skjölum viðkomandi máls í bréfasafni embættisins.<sup>36</sup> Í bréfabækurnar var þá einungis færður örstuttur efnisútdráttur bréfsins. Báðar þessar leiðir hafa verið farnar hjá landshöfðingja-embættinu. Bréfabækur tímabilsins 1873 – 1897 eru sex. Í tveimur elstu bréfabókunum er mikið um bréfauppköst í bland við efnisútdrætti bréfa en í hinum fjórum er nær eingöngu um efnisútdrætti að ræða. Hverju uppkasti eða hverri færslu í bókunum var gefið sitt númer, hlaupandi tölu, þ.e. númerarunu sem haldið var áfram að bæta við allt til ársloka 1883. Númerarunan er því æði löng, nær frá einum og upp í 12.149. Eftir 1883 er númerið hlaupandi tala innan árs. Uppköstin voru síðan rituð í bókina í tímaröð, ásamt viðtakanda og dagsetningu bréfsins. Jafnframt er oftast vísað í bréfadagbókarnúmer innkominna bréfa er varða sama mál. Í bréfadagbókunum er síðan vísað í dagsetningu útsends bréfs. Þannig spila bréfadagbækur og bréfabækur saman. Hér á eftir verða tekin tvö dæmi úr bréfabókunum, eitt er sýnir dæmigert uppkast bréfs (dæmi 4-9) og annað um dæmigerða efnisútdrætti (kafla 4.10).

Árið 1875 fór fram fjársöfnun í Kaupmannahöfn handa íbúum Múlasýslna sem höfðu orðið fyrir miklum búsigfum af völdum öskufalls vegna eldgossins í Öskju sama ár. Um það vitnar bréf landshöfðingja til amtmannsins í Norður- og Austuramtinu:

**Dæmi 4-9. Bréfabók 1873 – 1875.**

(ÞÍ, Landshöfðingi, 24. Bréfabók/afgreiðslubók 1873 – 1875, án bls. tals).



<sup>36</sup> Sjá: Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk, s. 25.

1488 Amtmaðurinn norður og austr amtinu 18/6	<p>Eftir að hafa meðtekið með bréfi herra amtmannsins þr skýrslur sýslumannanna í Suðr og Norðr Múlasýslum fr. 19 30. og 30 19. apríl þ.a. hefi eg sent sýslunefndunum í þessum sýslum <del>hverjum</del> hvorri helmínginn, af 10.000 krónum, af er mér voru sendar með síðasta pósti frá nefnd í Kaupmannahöfn er gengist hefir fyrir að safna gjöfum handa hinum nauðstöddu austfirðingum og <del>skorað</del> á lagt fyrir <del>falið</del> sýslunefndirnar á <del>hendur</del> að útbýta þessu fje til þeirra, sem í svipinn þurfa mestrar hjálpar við, og að senda mjer sem fyrst nákvæma skýrslu um, hve mikill skaðinn sje í hvorri sveit og tillögur nefndarinnar um hvernig fje því er síðar mun koma inn verði haganlegast varið og skipt milli hinna nauðstöddu.</p> <p>Jafnframt því að tjá herra amtmanninum þetta og vísa yður til brjefs þess, sem prentað er í stjórnartíðindum fyrir þ.á. B46<sup>37</sup> skal jeg skora á yður að stuðla að því að þessar fyrirskipanir verði framkvæmdar svo greiðlega og vel sem mögulegt er og <del>byst eg við að fá með næsta pös</del> að gjöra þær aðrar <del>ráðstafanir, sem þykja</del> nauðsynlegar eða haganlegar ráðstafanir til að bæta úr þeim vandræðum sem óttast megi að leiði af <del>eldgösum</del> jarðeldi þeim er hefir verið uppi í vetr eða þegar hafa komið í ljós. Eg byst við að fá frá yður með næsta pósti, skýrslu um það, sem þjer þá mun verða komið fram um þessar afleiðingar í Þingeyjar og Múlasýslum.</p>	B 371- 75
--	---	-----------------

*Athugasemdir:* Þetta bréf til amtmannsins í Norður- og Austuramtinu var skrifað 18. júní 1875 og hefur fengið númerið 1.488 og er dæmi um uppkast að bréfi er finna má í bréfabókum landshöfðingja. Í aftasta dálki er vísað í bréfadagbókarnúmer, B.371-75.

*Lagagrundvöllur:* Fjáröfnunin átti sér enga lagastoð heldur var um frjáls framlög að ræða en fréttin um öskufallið vakti mikla athygli í nágrennalöndunum og bárust framlög bæði frá Bretlandi, Danmörku og Noregi, auk þess sem nokkurt fé safnaðist innanlands.<sup>38</sup>

*Noktunarmöguleikar:* Í bréfabókum tímabilsins 1873 – 1878 er mikið um uppköst bréfa, þær nýtast því vel til að sjá hvernig landshöfðingi vann úr einstökum málum sem á hans borð bárust. Uppkastið hér getur t.d. verið liður í rannsókn um hvers konar aðstoð var veitt bændum sem illa urðu úti vegna gossins í Öskju 1875.

#### 4.10. Bréfabækur (afgreiðslubækur) 1879 – 1897

Um 1876 fer að tíðkast smá saman að leggja uppköst útfarinna bréfa með öðrum innkomnum bréfum sama máls og leggja í bréfasafnið. Virðist það fyrirkomulag vera orðið alveg föst regla um 1878/79. Í bréfabækurnar var þá einungis skráður örstuttur efnisútdráttur eða afgreiðsla

<sup>37</sup>Sjá: *Stjórnartíðindi* 1875 B. Rvk 1876, s. 40-41. (Brjef landshöfðingja til sýslunefndanna í Suður- og Norður-Múlasýslum, 14. júní 1875). Uppkast þessa bréfs er einnig í bréfabók landshöfðingja 1873-1875 (br.nr. 1470).

<sup>38</sup>Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess.“ *Múlaping* 1970, s. 59-68.

viðkomandi máls, ásamt viðtakanda, dagsetningu og vísað í bréfadagbókarnúmer. Uppköst bréfanna liggja þá með innkomnum bréfum í bréfasafni. (Oftast á bláum pappír samkvæmt lauslegri könnun).

**Dæmi 4-10. Bréfabók 1879 – 1883.**

(ÞÍ, Landshöfðingi, 26. Bréfabók/afgreiðslubók 1879 – 1883, án bls. tals).

Númer	Dagsetning	Ástæða	Uppköst
11321	16/7	um 4000kr. lán til að standaast kostnaði brúnaþjóns á Ellidárum	N 503 83
11322	17/7	um 300kr. auðvaldlykkjandi Kúskanhusprestakalli	N 503 83
11323	18/7	skipt þriðja áttunda af fj. lánna til annars hlafs verðnaðs til þess hlafs	N 477 83
11324	19/7	um lánveitingu á 1000kr. lán áttunda til auðvaldlykkjandi Kúskanhusprestakalli	N 208 83
11325	19/7	um fj. fj.	
11326	19/7	um veitingu af fj. lánna til tutturlandi, norðurlandi og austurlandi	N 501 83
11327	20/7	um skiptingu á 2950kr. til að styrka þess hlafs til að bresta gjöldum á áttunda	N 193 83
11328	20/7	um lán á fj. til reysjónna á Suðri túngæði og kúskanhusprestakalli	N 193 491 83
11329	20/7	um auðvaldlykkjandi á 250kr. til fj. lánna hlafs verðnaðs til brúnaþjónna af fj. hlafi	N 70 83
11330	20/7	um lán til álitu þess um 1000kr. lán	N 504 83

1883		
11321 Sýslum. í Gullbr. og Kjósars. 16/7	um 4000 kr. lán til að standast kostnað við brúargjörð á Elliðaám.	N.563-83
11322 Fjárlaganefnd n.d. alþingis 17/7	sent erindi um 300 kr. aukatillag handa Húsavíkurprestakalli.	N.562-83
11323 Vitavörður á Reykjanesi 18/7	skýrt frá að steinolia o.fl. handa vitanum hafi verið sent til Þórshafnar.	N.477-83
11324 Biskupinn 19/7	um borgunarskilmála á 1000 kr. láni veittu til endurbyggingar Háfskirkju.	N.208-83
11325 Landfógetinn 19/7	um d. d.	”
11326 Landlæknir 19/7	um reikning yfir kostnað við embættisferð til vesturlands, norðurlands og austurlands.	N.522-83
11327 Norður og austuramtið 20/7	um skiptingu á 2950 kr. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum.	N.193-83
11328 Sama 20/7	um ávísun á fje til vegagjörða á Grímstunguheiði og Vatnsskarði.	N.193 og 431-83
11329 Sama 20/7	um endurborgun á 240 kr. er ofgreiddar hafa verið til brúargjörðar yfir Valagilsá.	N.70-83
11330 Vesturamtið 20/7	send til álita beiðni um 10.000 kr. lán handa Dalasýslu til að afstýra hallæri.	N.524-83
11331 Póstmeistarinn 21/7	send yms skjöl til álita viðvíkjandi viðauka við samning um póstávísanasendingar milli Bretlands hins mikla og Danmerkur.	N.509-83

*Athugasemdir:* Sé flett upp í Stjórnartíðindum má sjá að efsta bréfið hér (bréf nr. 11.321), um lán vegna brúargjörðar á Elliðaám, hefur verið prentað þar (sjá: *Stjórnartíðindi* 1883 B, s. 84). Önnur bréf í listanum hér að ofan eru hins vegar ekki birt þar. Hér sést einnig að landshöfðingi hefur látið senda steinolíu fyrir vitann á Reykjanesi til Þórshafnar sumarið 1883 og skýrir hann frá því í bréfi til vitavarðarins þann 18. júlí það ár (bréf nr. 11.323). Uppkast bréfsins liggur í bréfasafni undir nr. N.477-83.

d.d.: stytting fyrir ditto, þ.e. sama og að ofan.

*Notkunarmöguleikar:* Í bréfabókunum frá 1879 – 1897 er gott yfirlit yfir öll erindi sem landshöfðingi sendi frá sér, skráð í tímaröð. Hægt er að skoða efnisútdrátt hvers erindis og sjá hvar uppköst bréfanna liggja í bréfasafninu.

## 5. Embættisskjölin 1898 – 1904

Árið 1898 var tekið upp nýtt skráningarkerfi við færslu bréfadagbóka hjá landshöfðingja-embættinu, hið svokallaða kansellíkerfi. Nú eru bréfin flokkuð eftir efni eða málum. Jafnframt voru haldnar sérstakar bréfaskrár eða registur, þar sem bréfin voru flokkuð eftir sendendum annars vegar og viðtakendum hins vegar. Bækur frá tímabilinu 1898 – 1904 eru tvær:

1. Dagbók I – aftast í henni er registur yfir innkominn bréf.
2. Registur yfir útsend bréf.

### 5.1. Dagbók I – bréfadagbók 1898 – 1904

Dagbók I er stór og þykk bók. Hún er ekki blaðsíðunúmeruð en hverri síðu skipt í tvo jafn stóra dálka. Hver málaflokkur fékk sitt númer og öll bréf varðandi þann málaflokk, bæði innkomin og útsend, skráð á það númer í tímaröð. Málaflokkarnir eru alls 136:

Ábúð og úttekt á Þjóðjörðum  
Aðalreikningur yfir póstviðskipti milli Íslands og Danmerkur  
Akureyrarkaupstaður  
Alþingiskosningar  
Apotek  
Arfur  
Árgjöld frá brauðum  
Ávísanir upp í landssjóðstekjur, er neitað hefur verið að innleysa  
Bankalán embættismanna  
Barnaskólar  
Beiðnir um styrk til að ferðast á landbúnaðarsýninguna í Bergen 1898 og fiskisýn.  
Beiðnir um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 9, 26. okt. 1893, að því er sjómennsku snertir  
Bókasendingar frá prentsm. o.fl.  
Bólusetning  
Botnvörpuveiðar  
Brunabótamál  
Búnaðarfélag Íslands  
Búnaðarfélög  
Búnaðarskólar  
Einkaréttur  
Daufdumbir (stofnanir)  
Dýralæknar  
Eftirlitsferðir embættismanna  
Eyðublöð  
Fangahús  
Ferðaleyfi  
Flensborgarskólinn  
Framfærslumál

Fréttapráður  
Fasteignarveðslán landssjóðs  
Fjárkláði  
Fyrirspurnir um einstök atriði  
Gjafsóknarmál  
Hallærislán  
Heiðursmerki  
Heilbrigðisskýrslur frá Khöfn  
Hlutafélagsbankinn  
Holdsveikraspítali  
Hreppaskipting  
Hvalveiðar  
Innborganir embættismanna í landssjóð  
Innköllun skuldabréfa  
Ísafjarðarkaupstaður  
Íshúslán  
Járnskápar handa embættismönnum  
Kaupmálar hjóna  
Kafólsk kirkja  
Klæðaverksmiðja  
Konsúlar  
Kostnaður í sakamálum og opinberum lögreglumálum  
Kvennaskólar  
Lagaskipun – Alþing  
Lán til jarðabóta  
Lán til mjólkurbúa  
Lán til sýslu- og bæjarfélaga  
Lán til þilskipakaupa  
Lán til þurrabúðarmanna skv. 19. grein fjárlaganna  
Landamerkjumál  
Landsbankinn



Landsbókasafnið  
 Landssjóðskirkjur  
 Landssjóðsmál  
 Landsskjalasafn  
 Landsyferrétturinn  
 Leyfisbréf  
 Líffé  
 Lækkun á landsskuld af þjóðjörðum  
 Læknar  
 Læknaskólinn og prestaskólinn  
 Lærði skólinn  
 Manntal  
 Möðruvallaskóli  
 Nýbýlisréttur  
 Óútgengin bréf og böggjar svo og póstávísanir innan lands og utan  
 Peningar  
 Póstmál  
 Prestakallalán  
 Prestar og prestaköll  
 Prestsekkjur  
 Ráðgjafinn sendir erindi frá „Foreningen for islandske kjøbmænd viðv. niðurfærslu á söltuðu kindakjöti  
 Reikningur yfir kostnað við virðingar húsa til húsaskatts  
 Reykjavíkurkaupstaður  
 Ríkisskuldabréf  
 Ræktunarsjóður Íslands  
 Sáttamál  
 Seyðisfjarðarkaupstaður  
 Siglingar  
 Silfurbergsnáman í Helgustaðafjalli  
 Sjóðir  
 Sjúkrahús  
 Skipsströnd  
 Skipun yfirskattanefnda  
 Skrásetningarmál  
 Skyndilán til embættismanna  
 Skýrslur um skrifstofukostnað embættismanna  
 Sóttvarnir  
 Sparisjóðir  
 Stjórnartíðindi

Strandferðir  
 Stýrimannaskólinn í Reykjavík  
 Styrkur til gufubátsferða og lán til gufuskipakaupa  
 Styrkur til Gullbringusýslu  
 Styrkur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja  
 Sundkennsla  
 Sveitakennsla  
 Tollamál  
 Tombólur og lotterí  
 Tóvinnuvélar  
 Umboðsmenn  
 Umsóknir um prokurator sýslanir við landsyferréttinn  
 Umsóknir um styrk af styrktarsjóði Kristjáns IX  
 Uppreisn æru  
 Utanþjóðkirkja  
 Útflutningur á sauðfé  
 Útflutningur manna [þ.e. vesturheimsfarar]  
 Útsvarsmál  
 Varðskipið danska  
 Veðdeild landsbankans  
 Vegamál  
 Veiting sýslumannsembætta  
 Verðlaun fyrir útflutning á smjóri  
 Verzlunarstaðir  
 Viðskiptabækur fyrir farmenn og skipshafnarskrár  
 Vitar  
 Yfirsetukonur  
 Ýmislegt  
 Ýmsar útgjaldaskipanir  
 Þingstaðir  
 Þjóðjarðasala  
 Þjónustufrímerkjareikningar sýslum. og bæjarfógeta í N. og A. amti  
 Þjónustufrímerkjareikningar sýslum. og bæjarfógeta í S. og V. amti  
 Þjónustufrímerkjareikningar landshöfðingja, amtanna, biskups, landfógeta, landlæknis  
 Þjónustufrímerkjareikningar, aðrir  
 Ölvesárbrúarlánið

Hver málaflökkur fékk ýmist eina opnu í bókinni, eina síðu eða hluta úr síðu, allt eftir áætluðu umfangi viðkomandi máls. Þegar nýtt mál var búið til, var næsta lausa númer tekið, t.d. nr. 13, og heiti málsins skrifað efst í dálkinn til vinstri en fyrsta bréfið fært inn efst í hægri dálkinn. Aftar í bókinni er þó farið að tíðkast að byrja efst vinstra megin. Eingöngu var skráð frá hverjum eða til hverra bréfin voru og dagsetning þeirra en efnis þeirra ekki getið á neinn hátt annan en að þau tilheyrðu viðkomandi flokki. Ef um útsend bréf var að ræða var dagsetningin færð í næstu línu fyrir neðan og hún undirstrikuð til að aðgreina betur muninn á

innkomnum afgreiðslum og útsendum (sjá dæmi 5-1). Þegar viðkomandi blaðsíða/opna var orðin fullnýtt, var málið fært aftar í bókina, á nýja auða síðu og því gefið nýtt númer, þar sem haldið var áfram með málið. Þegar svo ber undir er ávalt vísað á milli númera (sjá: 13 fl. til 105 í dæmi 5-1).

Þegar útsendu bréfin voru innfærð, fékk hvert þeirra sitt bréfanúmer, hlaupandi tölu innan árs, sem skráð var í dagbókina (undirstrikað, sjá dæmi 5-1). Bréfanúmerið var jafnframt skrifað á uppkast bréfsins og eftir númeri útfarna bréfsins var uppköstunum svo raðað í bunka og innsend bréf er vörðuðu sama mál lögð með. Pappírinn sem notaður var fyrir uppköstin, var í tvöföldum örku og síðustu arkirnar voru alltaf settar utan yfir þær eldri. Með þessu mótið mynduðust nokkuð stórir skjalabunkar og röðuðust skjölin innan þeirra í tímaröð. Þegar bunkinn var orðinn óþægilega stór var hann lagður til hliðar og byrjað að mynda nýjan bunka. Í bréfadagbókunum er gjarnan merkt við með rauðu striki þegar bunkanum var skipt. (Oft gert um áramót samkvæmt lauslegri könnun).<sup>39</sup> Bréfadagbókarnúmerin ráða síðan röðun bréfabunkanna í bréfasafninu og eru þeir oft ansi stórir.

#### Dæmi 5-1. Dagbók I 1898 – 1904.

(ÞÍ, Landshöfðingi, 11. Dagbók I 1898 – 1904, án bls. tals).



<sup>39</sup> Um kansallíkerfið, sjá: Þjóðskjalasafn Íslands. *Grundvöllur og hlutverk*, s. 25-26. Haldið var áfram að nota kansallíkerfið á skrifstofu Stjórnarráðsins þegar það tók til starfa 1904, sjá: Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964 I*, s. 446-450.

<p>13.</p> <p>Fl. til <u>105</u></p>	<p><u>Vegamál</u></p> <p>Til sm. í Rangárv.s. <u>12-3-98 nr. 253</u></p> <p>Frá sm. í Sm. sýslu 26-2-98</p> <p>Frá sm. í Rv. sýslu 4-3-98</p> <p>Frá sm. í Skaptaf.s. 18-3-98</p> <p>Frá sm. í Dalasýslu 15-4-98</p> <p>Frá Magn.Magnússyni Gunnarsstöðum 18-4-98</p> <p>Til S. Thoroddsens, sm. í Sm. sýslu og N. og A. amtinu <u>29-4-98 nr. 407-410</u></p> <p>Til sýslum. í Snæf. og Hnd.s. <u>14-5-98 nr. 470</u></p> <p>Frá sýslum. í Skaptafellss. 10-5-98</p> <p>Frá Sra Eyjólf Kolbeins, Staðarbakka 10-5-98</p> <p>Frá sm. í Dalasýslu 12-5-98</p> <p>Frá sm. í Rangárv.sýslu 10-5-98</p> <p>Frá sm. í Skaptafellssýslu 10-5-98</p> <p>Til S. og V. amtsins <u>25-5-98 nr. 516-517</u></p> <p>Frá N. og A. amtinu 25-5-98</p> <p>Frá sama 25-5-98</p> <p>Til S. og V. amtsins, sama, landfóg. sm. í Skaptafells, Rangárv. og Dalasýslu <u>25-5-98 nr. 518-523</u></p> <p>Frá ráðgjafanum 21-5-98</p> <p>Frá sm. í Barðastr.sýslu 27-5-98</p> <p>Til verkstjóra Árna Zakaríassonar <u>31-5-98 nr. 551</u></p> <p>Til N. og A. amtsins <u>2-6-98 nr. 554</u></p> <p>Frá S. og V. amtinu 1-6-98</p> <p>Til S. og V. amtsins og landfógeta <u>3-6-98 nr. 565-566</u></p> <p>Frá sm. í Rangárv.sýslu 6-6-98</p> <p>– sama 20-5-98</p> <p>Til inginiørs Sig. Thoroddsens <u>11-6-98 nr. 577</u></p> <p>Til sm. í Barðastr.s. og Á. Zakaríassonar <u>14-6-98 nr. 585-586</u></p> <p>Frá verkstjóra Páli Jónssyni 18-6-98</p> <p>Frá inginiör Sig. Thoroddsen 23-6-98</p> <p>Frá sama 24-6-98</p>	<p>Frá sm. í Skaptafellssýslu 3-1-98</p> <p>Frá sra Ól. Sæmundssyni í Hraungerði 28-12-97</p> <p>Frá verkstjóra Einari Finnssyni 29-12-97</p> <p>Frá Bjarna Jónssyni og Páli Pálssyni 7-1-98</p> <p>Frá N. og A. amtinu 31-12-97</p> <p>Frá sýslum. í Barðastr.sýslu 21-12-97</p> <p>Frá sýslum. í B. og M. sýslu 29-12-97</p> <p>Frá verkstj. Erl. Zakaríassyni 12-1-98</p> <p>Til landfógeta <u>14-1-98 nr. 15</u></p> <p>Til stiptsyfirvald. <u>14-1-98 nr. 17</u></p> <p>Til sm. í B. og M. sýslu <u>21-1-98 nr. 49</u></p> <p>Til sm. í Barðastr.sýslu <u>21-1-98 nr. 50</u></p> <p>Til sm. í Dalasýslu <u>21-1-98 nr. 51</u></p> <p>Frá Stiptsyfirvöldunum 29-1-98</p> <p>Frá ráðgjafanum ?-12-97</p> <p><u>L.v.m.</u></p> <p>Frá sm. í Rangárv.sýslu 28-1-98</p> <p><b>Frá sm. í Skaptafellss. 29-1-98</b></p> <p>Til ráðgjafans <u>7-2-98 nr. 92</u></p> <p>Frá sm. í Snæfellsn. og Hnd.s. 17-1-98</p> <p>Frá N. og A. amtinu 27-1—98</p> <p>Frá S. og V. amtinu 18-2-98</p> <p>Til stiptsyfirvaldanna <u>9-2-98 nr. 133</u></p> <p>Til sm í Snæf. og Hnd.s. <u>17-2-98 nr. 154</u></p> <p>Til sm. í Rangárv.sýslu <u>17-2-98 nr. 155</u></p> <p><b>Til sm. í Skaptafellssýslu <u>17-2-98 nr. 156</u></b></p> <p>Frá sm. í M. og B. sýslu 7-2-98</p> <p>Til sama <u>23-2-98 nr. 187</u></p>
<p>...</p>	<p>...</p>	<p>...</p>
<p>43.</p> <p>Fl. til Nr.128</p>	<p><u>Prestar og prestaköll</u></p> <p>Frá biskupi 20-10-98</p> <p>Til n. &amp; a. amtsins <u>26-10-98 nr. 1051</u></p> <p><b>Til síra Eiríks Gíslasonar og síra Árna Þórarinns. <u>1-11-98 nr. 1065-1066</u></b></p>	<p>Til stiptsyfirvaldanna <u>26-4-98 nr. 379</u></p> <p>Frá biskupi 9-5-98</p> <p>Frá sama 10-5-98</p> <p>Frá sama 2-4-98</p> <p>Frá ráðgjafanum 16-4-98</p> <p>Til biskupsins <u>7-5-98 nr. 445</u></p>

	Frá síra Jóni Þorsteinssyni Sauðanesi 18-10-'98 Frá stiptsyfirvöldum 17-11-'98	
	...	...
118. Frá Nr. 28. Fl. til Nr.231	<u>Gjafsóknarmál</u> ... Frá Lárusi Halldórssyni 15-11-'98 Til sama (Reyðarfjarðarhr.oddvita) 19-12-'98 nr. 1208 Frá Einari Benediktssyni 28-12-'98 Frá sama 28-12-'98 Til sama 30-12-'98 nr. 1236	... Frá P.J. Halldórssyni hjeraðslækni 10-5-00 Til Suður og Vesturamtsins og H. Kr. Friðrikssonar fyrirv. yfirk. 21-5-00 No. 585-586 Frá S. & V.amtinu 21-6-1900 Til sama 25-6-1900 no. 728 Frá sm. í Hv.s. 20-6-1900

*Athugasemdir:* Hér má sjá þrjú stutt brot úr Dagbók I, eitt varðandi vegamál, annað um presta og prestaköll og hið þriðja um gjafsóknarmál. Bréfum úr þessum þremur málaflokkum verður fylgt áfram í næstu köflum (auðkennd með gulu hér), ásamt einu dæmi úr flokknum ýmislegt, þ.e. dæmi um flöskubréf (sjá kafla 5.4-5.7). Vegamálin hafa fengið dagbókarnúmer 13 í byrjun en þegar sú blaðsíða var orðin fullskipuð var flokkurinn færður á númerið 105. Sé flett áfram í dagbókinni má sjá að númer 105 er síðan fært áfram á númer 153. Hinar sérstöku *skrár um Landshöfðingjasafn* sem kynntar voru í kafla 3 halda einnig utan um allar færslur málaflokka milli númera (sjá: *Skrá um Landshöfðingjasafn II*, s. 257-276).

*Notkunarmöguleikar:* Dagbók I nýtist fyrst og fremst til að leita að bréfum um ákveðin málefni, bæði innsendum og útsendum, sjá dagsetningu þeirra og hvar þau liggja í bréfasafninu. Til að sjá efnisútdrátt bréfa er síðan hægt að skoða registurinn sem fjallað verður um í næstu tveimur köflum.

## 5.2. Dagbók I – registur innkominna bréfa 1898 – 1904

Aftast í Dagbók I er tvískipt registur yfir innkomin bréf. Annars vegar er um að ræða registur yfir bréf frá 27 helstu embættismönnum landsins, þeim sem flest bréf bárust frá, skráð í tímaröð. Aðilarnir 27 eru eftirfarandi:

Aðalstjórn póstmálanna  
Sýslumaðurinn í Árnessýslu  
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu  
Biskupinn  
Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu  
Sýslumaðurinn í Dalasýslu  
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri  
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu  
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu  
Ísafjarðarsýsla og kaupstaður  
Landfógeti

Landlæknir  
Norður- og Austuramtíð  
Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður  
Póstmeistarinn í Reykjavík  
Ráðgjafinn [þ.e. Íslandsmálaráðherra]  
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu  
Bæjarfógetinn í Reykjavík  
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu  
Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu  
Sýslum. í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu  
Stiptsyfirvöld



[E.]					
1898		Dbnr.	1898		Dbnr.
Jan	<u>Embættaveitingar</u> og ekkjuframfærsla <u>lækna</u>	8	Mái 10.	<u>Búnaðarfjel.</u> <u>Eyrrarhrepps</u> sækir um styrk	79
16/11 97 + 8/1 98	<u>Elín Eggertsdóttir</u> og fl. biðja um leyfi til að halda tombólu til hagn. f. Hússtjórnarskólanum í Rvk	20	– 28.	<u>Endurskoðandi</u> skrifar viðv. endurskoðunarstarfanum	84
Jan. 15.	Cand. jura. E. Benediktsson sækir um prókuratorstöðu við landsyfirrjettinn	17	Juní 27.	<u>Sami</u> sendir óútgengin bréf af pósthúsinu 1897	27
31/12 97	Formaður eimskipaútgerðarinnar sendir reikn. f. '97	28	Sept. 5.	<u>Einar Markússon</u> fyrir hönd bindindisfjelds Ólafsvíkur biður um leyfi til að halda lotterí	20
	<u>Eimskipaútgerð</u>	28	– 28.	<u>Einar Benediktsson</u> biður um að í fjærveru sinni sje Guðm. cand. jur. Sveinbjörnsson settur til að gegna störfum hans við yfirrjettinn	4
	<u>Eyðublöð</u>	29			
Jan. 12.	Viðv. flutningabrautinni frá Eyrbakka að Ölfusárbrú	13	Okt. 27.	Endurskoðandi: viðv. tolli af rommi og Konjaki	68
	<u>Einkarjettur</u>	45	Nóvbr. 24	<u>Erlendur Zakaríass.</u> sendir skýrslu um vegarannsókn á leiðinni frá Hólum að Höfn	105
– 31.	Eyjafjallahreppur Vestri biður um jarðabótalan	60	Desbr. 12	<u>Sami</u> sendir skýrslu um hve mikils virði land það muni ver sem Eyrbakkavegurinn þarf að fá af jörðum er hann liggur yfir	105
– 12.	Eyjólfur E. Jóhannesson í Flatey biður um frest á greiðslu á landssjóðsláni til þilskipakaupa	66	– 11.	<u>Eiríkur Gíslason:</u> viðv. prestakallaláni Staðarstaðarprestak.	5
Febr. 17.	<u>Endurskoðandi:</u> Viðv. tollgjaldi af „tuiet arnica“	68	Nóvbr. 16	<u>Einar Jónsson</u> biður um að sjer verði útborgaður styrkur bókasafns Austuramtsins	2
– 20.	<u>Sami:</u> Viðv. endurgreiðslu á tolli af 992 pd. af sykri til Kr. Gíslasonar á Sauðárkr.	68	Desbr. 12.	<u>Elísabet Jónsdóttir:</u> viðv. launaviðbót handa henni sem póstaafgreiðslukonu	123
– 24.	<u>Sami</u> sendir ath. við póstreikninginn 1896	40		<u>Eptirlitsferðir</u> embættismanna	98
– –	<u>Sami:</u> um greiðslu póstávísana gjalds 1897 í aðalfjeh.	40	– 28.	<u>Einar Benediktsson</u> sækir um gjafsókn fyrir hönd hreppsnefndar í Mjóafirði	118
– 23.	<u>Einar Markússon</u> fyrir hönd bindindisfjel. Ólafsvíkur biður um leyfi til að halda Lotterí	75	– –	<u>Sami</u> gjörir fyrirspurn hvort veitt muni verða gjafsókn handa Halldóri Árnasyni á Högnastöðum	118
Marz 21.	Þ. <u>Egilsen</u> kaupm. fer fram á breyt. á afborgunarkjörum á landssjóðsláni	21	1899		

*Athugasemdir:* Hér má sjá fyrstu blaðsíðu sendenda er byrja á bókstaf E. Fremst er skráð dagsetning bréfsins, þá efni þess og sendandi. Nafn sendanda er undirstrikað til áherslu. Í

þriðja dálki er vísað í númer málaflokks í dagbók. Bókstafaskráin þjónar einnig þeim tilgangi að vera atriðisorðalisti yfir málaflokkanna, sbr. efstu færslu hér *embættaveitingar og ekkjuframsærslu lækna og eimskipaútgærð og eyðublöð* litlu neðar. Hér er vísað í upphafsnumur þessara málaflokka í Dagbók I, þ.e. númer 8, 28 og 29.

*Notkunarmöguleikar:* Hér er hægt á fljótlegan og auðveldan hátt, að leita að bréfum frá öllum öðrum en helstu embættismönnum landsins, sjá efnisútdrátt bréfa frá viðkomandi, ásamt því að sjá hvar bréfið liggur í bréfasafninu.

**Dæmi 5-2b. Dagbók I 1898 – 1904. Registor yfir innkomin bréf 2 – embættismenn.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 11. Dagbók I 1898 – 1904, án bls. tals).

1898	Stofn	1899	Öbrur.
Jan 3. Lendis Drótt. ofis lóttmáð vél að vesturhalla slóttum á höfuð kallandi	13	Apríl 15. Lendis górnanna vegagjörðin í Langtafellaijól	105
- 28. Lendis frændsku í skýrð þessu á milli þessu í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	19	Mai 9. Lendis verkabjörð (þjóttum) Lendisgjafi á milli þessu Lendisgjafi á milli þessu	105
- 29. Lendis lóttmáð í skýrð á milli þessu í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	Apríl 22. Lendisgjafi á milli þessu á milli þessu í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	48
Maí 18. Lendis frændsku í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	19	Mai 21. Lendisgjafi á milli þessu Lendisgjafi á milli þessu	105
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	- - Lendisgjafi á milli þessu Lendisgjafi á milli þessu	105
- 11. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	12	Jan 15. Lendis frændsku í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	110
Apríl 10. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	Júlí 3. Lendis vegagjörðin Lendisgjafi á milli þessu	105
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	Sept 15. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	- - Lendis frændsku í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	110
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	Apríl 21. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	Apríl 21. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
- - Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	13	Dec 21. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
Jan 1. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	10	1900 Júlí 21. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
- 21. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	24	Aug 14. Lendis lóttmáð í skýrð Lendisgjafi á milli þessu	105
		- 19	105

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu					
1898		Dbnr.	1899		Dbnr.
Jan. 3.	Sendir 2 reikn. yfir kostnað við að viðhalda stikum á Mýrdals-sandi	13	Apríl 15.	Viðv. ýmsum vegagjörðum í Skaptafellssýslu	105
– 28.	Viðv. greiðslu á styrk til gufubátsferða í Austfirðinga-fjórðungi	19	Maí 9.	Viðv. verkstjórn (kjörum) Sigurgeirs Gíslasonar við vegagjörð í Skaptafellss. í sumar	105
– 29.	Um kaup á 2 „dráttum“ og sæluhúsi á Norðlingavegi milli Lóns og Fljótsdals	13	Apríl 22.	Sýslnefndarkvörtun yfir að „Hólar“ hafi ekki komið á Hornafjörð í 1. ferð	48
Marz 18.	Viðv. fyrirhuguðum gufubátsferðum til Víkur	19	Maí 31.	Viðv. vegagjörð frá Hólum að Höfn á Nesjum	105
– –	Um ráðningu á verkfróðum manni til að skoða þrautalendinguna í Vík í Mýrdal	13	– –	Um það hvernig samþ. hafi verið að verja sýsluvegagjaldi fyrir '99	105
– 11.	Sendir útskriftir af prófum snertandi póstpjófnadinn á leiðinni milli Eskifjarðar og Rvíkur	12	Júní 15.	Sendir fundið flöskubréf	110
Maí 10.	Um það hvernig verja skuli sýsluvegagjaldi '98 er ganga á til póstleiða	13	Júlí 3.	Sendir vegagjörðar reikninga	105
– –	Um sama efni	13	Sept. 18.	Sendir reikn. yfir aðgjörð á póstleiðinni yfir Mýrahrepp	153
– –	Sendir tvö umsóknarbrjef um heiðurslaun af styrktarsjóði Chr. IX.	91	– –	Sendir fundið flöskubréf	110
– –	Kvartar yfir því að strandferðar skipið „Hólar“ eigi ekki að koma við á Hornafjarðarós	48	Nóv. 3.	Sendir reikn. yfir viðhald jökulvegarins yfir Breiðamerkurjökul	153
Júní 1.	Skýrir frá að ábúandinn á Horni á Nesjum vilji fá tjeða jörð keypta, biður um afsalsbr.	10	– –	Um aðgjörð á póstleiðinni á Lónsheiði	153
– 21.	Sendir reikning yfir kostn. við húsavirðingar	24	Okt. 31.	Sendir yfirlit yfir kostnað við vegagjörð frá Hólum að Höfn á Nesjum	153
			Des. 31.	Reikn. yfir kostnað við aðgjörð á veginum frá Vík útá Steigarháls	153
			1900		
			Febr. 24.	Um fjárveitingu til vegagjörðar yfir Illakamb	153
			Marz 14.	Sendir 2 flöskubrjef	173
			– 19.	Sömmuleiðis	173

*Athugasemdir:* Hér gildir það sama og í dæminu á undan nema hver sendandi/embættismaður fær sína síðu í bókinni. Skráð er dagsetning bréfs, efnisútdráttur og vísað í númer málaflokksins í dagbókinni.

Dráttur, drættir: dragferja eða kláfferja.

*Notkunarmöguleikar:* Hér er hægt á fljótlegan og auðveldan hátt að sjá öll bréf frá viðkomandi embætti er bærust landshöfðingja og efni þeirra.



### 5.3. Registar yfir Dagbók I – útsend bréf 1898 – 1904

Skrár yfir útsend bréf tímabilsins 1898 – 1904 voru færðar í sérstaka bréfabók sem kallast Registar I. Skráin er tvískipt og byggð upp á sama hátt og skráin yfir innkomnu bréfin. Annars vegar eru um að ræða skrá yfir bréf frá embættismönnum 27 og hins vegar frá öllum öðrum.

**Dæmi 5-3a. Registar yfir Dagbók I 1898 – 1904. Útsend bréf 1 – bókstafalisti.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 12. Registar yfir Dagbók I 1898 – 1904, án bls. tals).

1898	1898	1898	1898
Jan. 21. Þrud Þrygga sfi ofskotla vildyjabókun þess þar sem, og slýskopuadru Lb. 26. 32	55	Jan. 2. Eudun Rodanda lildygmt setu þadannu. Grahóla Lb. 12	632
Feb. 6. Rídad annsagnar lildygd anga nu þessannu kaup N. Chr. Gram nu. lildygd of þessannu Lb. 26. nu 26	88	— 12. Skana lildygmt at unibok þessannu. Lildygd af þessannu þessannu. Lildygd of þessannu of þessannu Lb. 44	677
— 26. Eudun Rodanda lildygmt vildygd. þessannu þessannu. Lildygd Lb. 26	207	— 28. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu nu. lildygd of þessannu Lb. 26	740
Mars 12. Þrud Þrygga sfi ofskotla vildygd. þessannu þessannu. Lildygd Lb. 26	252	Apr. 21. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 26	755
— 15. Skana lildygmt lildygd vildygd. þessannu Lb. 26	262	05/118. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 49	990
Apr. 4. Þrud Þrygga sfi ofskotla vildygd. þessannu þessannu. Lildygd Lb. 26	316	Nov. 1. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 26	1065
— 15. Þrud Þrygga sfi ofskotla vildygd. þessannu þessannu. Lildygd Lb. 26	355	05/31. Þrud Þrygga sfi ofskotla vildygd. þessannu þessannu. Lildygd Lb. 26	1075
Þrud Þrygga sfi ofskotla vildygd. þessannu þessannu. Lildygd Lb. 26	424	Nov. 3. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 26	1098
— 1. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 26	446	— 9. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 26	1118
		Dec. 30. Eudun Rodanda lildygmt þessannu. Lildygd of þessannu Lb. 26	1236

E.					
1898		Brnr.	1898		Brnr.
Jan. 21.	<u>Endurskoðanda</u> send skýrsla yfir afhentar viðskiptabækur fyrir farmenn og skipshafnar-skrár	55	Júlí 2.	<u>Endurskoðanda</u> tilkynnt sala jarðarinnar Gríshóls. <u>Dbnr. 10</u>	642
Febr. 5.	Leitað umsagnar <u>endurskoðanda</u> um fyrirspurn kaupm. N. Chr. Gram um tollgjald af Geneove. <u>Lh. Dbnr. 32</u>	88	– 12.	<u>Sama</u> tilkynnt að innleystir hafi verið 2 víxlar útg. af skipstjórum á „Saidius og Duke af Nellington.“ <u>Dbnr. 44</u>	677
– 26.	<u>Endurskoðanda</u> skrifað viðv. á víkjandi eptirlaunum prestsekkju Rannv. Gísladóttur. <u>Dbnr. 38</u>	207	– 28.	<u>Endurskoðanda</u> sent fyrirspurn sm. í Gullbr. og Kjósarsýslu um tollgreiðslu af „Coqnaki.“ <u>Dbnr. 68</u>	740
Marz 12.	<u>Sama</u> skrifað viðv. útborgun á eptirlaunum Vilhelmínu Steinssen. <u>Dbnr. 38</u>	252	Ág. 31.	<u>Einar Benediktson</u> ritstjóri krafinn um vantandi bókasafns-eintök. <u>Dbnr. 7</u>	855
– 15.	<u>Sama</u> tilkynnt lát prestsekkju Sesselju Jónsdóttur. <u>Dbnr. 38</u>	262	Okt. 18.	<u>Elínu Árnadóttur</u> tilkynnt eptirlaunaupphæð hennar. <u>Dbnr. 49</u>	990
Apr. 4.	<u>Þorst. Egilsson</u> : Um leysingu á 1000 kr. lífsábyrgðaskírteini úr veðbandi fyrir landssjóðsláni. <u>Dbnr. 21</u>	326	<b>Nóv. 1.</b>	<b>Eiríkur prestur Gíslason beðinn að borga afgjald sitt fyrir tíma-bilið 6/12 '96 – 6/6 '98 tafarlaust.</b> <u>Dbnr. 43</u>	<b>1065</b>
– 15.	Viðv. afhending veðs þess er fyrir. sýslum. Fischer hafði sett fyrir opinberum gjaldheimtum <u>Dbnr. 22</u>	355	Okt. 31.	Viðv. láti prestsekkju Helgu Jónsd. Austmann skrifað <u>Endurskoðanda</u> <u>Dbnr. 38</u>	1073
Maí 2.	Lagt fyrir <u>endurskoðanda</u> að hafa lesið athugas. við tollreikninga '96 fyrir 24. maí <u>Dbnr. 84</u>	424	Nóv. 3.	<u>Endurskoðanda</u> tilkynnt um makaskipti á landssjóðseigninni í Nesi í Miðfirði og Grenanesi (kirkjujörð) í sama hreppi <u>Dbnr. 34</u>	1098
– 1.	<u>Endurskoðanda</u> tilkynnt lát prestsekkju Sigr. Þorbergsdóttur <u>Dbnr. 38</u>	426	– 9.	<u>Einari Benediktssyni</u> send gjafvörn fyrir yfirdómi handa eigendum Ytri Sólheima <u>Dbnr. 118</u>	1118
– 12.	<u>Sama</u> tilkynnt sala þjóðj. Nes í Loðmundarfirði <u>Dbnr. 10</u>	457	Debr. 30.	<u>Sama</u> synjað gjafsóknar fyrir Mjóafjarðarhreppsnefnd <u>Dbnr. 118</u>	1236

*Athugasemdir:* Registorinn yfir útsendu bréfin eru byggð upp á svipaðan hátt og yfir þau innkomnu, skráð er dagsetning bréfs, viðtakandi, efnisútdráttur og vísað í dagbókarnúmer (Dbnr.). Í þriðja dálk er síðan bréfanúmerið skráð, þ.e. númer útsends bréfs (Brnr.) sem jafnframt var ritað á uppkast bréfsins.

Notkunarmöguleikar: Hér er hægt að leita að bréfum frá landshöfðingja, eftir viðtakendum öðrum en embættismönnum, sjá efnisútdrátt bréfanna, ásamt því að sjá hvar uppkast bréfsins liggur í bréfasafninu.

**Dæmi 5-3b. Registor yfir Dagbók I 1898 – 1904. Útsend bréf 2 – embættismenn.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 12. Registor yfir Dagbók I 1898 – 1904, án bls. tals).

1898		1900	1900	
17. Júní	Um fjárfestingu til að byggja "Kjörstí" og aðalstíu í Þrángarvangi milli Lúsi og Þrángarstíu. <u>Blm. 13</u>	56	Júní 21	Um lausantingu til byggisgjalds og byggisgjalds skiptanna. <u>Blm. 143</u>
19. Júní	Viðr. gæfubók. fæðingum í skóla. fæðingum. <u>Blm. 19</u>	174	Júlí 10	Um sýndu skóla fyrir fæðingum og skóla til lausantingu. <u>Blm. 177</u>
20. Júní	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 18</u>	275	Ag. 24	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 173</u>
25. Júní	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 13</u>	521	Sept. 13	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 118</u>
20. Júní	Viðr. viðmæli á vegum og fjárfestingum. <u>Blm. 105</u>	1049	Nov. 4	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 227</u>
20. Júní	Viðr. vegagerðingum í Lúsi. <u>Blm. 105</u>	1154	1901. Júlí 25	Viðr. sýndu skóla fyrir fæðingum. <u>Blm. 220</u>
1899. Júní 18	Viðr. lausantingu og fjárfestingum. <u>Blm. 105</u>	130	Nov. 29	Viðr. fæðingum og fjárfestingum. <u>Blm. 209</u>
11. Júní	Viðr. fæðingum og fjárfestingum. <u>Blm. 105</u>	297	Apríl 18	Viðr. skóla fyrir fæðingum. <u>Blm. 245</u>
23. Júní	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 105</u>	560	19	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 172</u>
13. Júní	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 105</u>	599	Júní 11	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 254</u>
18. Júní	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 105</u>	585	Júlí 7	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 177</u>
1900. Júní 18	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 105</u>	246	Júlí 12	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 252</u>
19	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 105</u>	246	19	Um byggisbók. handa fæðingum. <u>Blm. 252</u>

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu

1898		Brnr.	1900		Brnr.
Febr. 17.	Um fjárveitingu til að kaupa 2 „drætti“ og sæluhús á Norðlingavegi milli Lóns og Fljótsdals. <u>Dbnr. 13</u>	156	Júní 21.	Um lánveitingar til sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs sýslunnar. <u>Dbnr. 153</u>	722
– 19.	Viðv. gufubátsferðum í sunnl. fjórðungi næstk. sumar. <u>Dbnr. 19</u>	174	Júlí 10.	Send viðurkenning fyrir skjölum og bókum til landsskjala-safnsins. <u>Dbnr. 177</u>	771
– 26.	Sent leyfisbr. handa Jóni Benediktssyni í Þykkvabæ til að giptast móðursystur sinni. <u>Dbnr. 18</u>	295	Ág. 31.	Sent brjef frá Sig. inginör Pjeturssyni viðv. bygginga-ástandi í sýslunni. <u>Dbnr. 173</u>	952
– 25.	Um vegabætur á þjóðvegum í sýslunni. <u>Dbnr. 13</u>	521	Sept. 13.	Um beiðni hreppsnefndar Mýrahrepps um gjafsókn í meiðyrðamáli. <u>Dbnr. 118</u>	986
Okt. 20.	Viðv. viðhaldi á veginum yfir Breiðamerkurjökul. <u>Dbnr. 105</u>	1049	Nóv. 9.	Um tilk. um skipströnd. <u>Dbnr. 277</u>	1271
Nóvbr. 26.	Viðv. vegargjörðinni á leiðinni frá Hólum að Höfn <u>Dbnr. 105</u>	1154	– 24.	Um skaðabótakröfu Þorgr. læknis Þórðarsonar fyrir jarðusla af vegarlagningu <u>Dbnr. 213</u>	1291
1899.			1901		
Febr. 18	Viðv. landssjóðsláni sýslusjóðs til vegagjörða <u>Dbnr. 105</u>	130	Febr. 25.	Viðv. innsigling á Hornafjörð og viðkomu strandbátsins þar <u>Dbnr. 220</u>	200
Apríl 11.	Viðv. forstöðu vegalagningar fyrirhugaðar í Austur-Skaptafellss. á n. sumri <u>Dbnr. 105</u>	297	Mars 29.	Viðv. ferðum gufubátsins „Reykjavík“ <u>Dbnr. 249</u>	342-347
– 28.	Um hvernig varið skuli fje til vegabóta í ár <u>Dbnr. 105</u>	360	Apríl 18.	Viðv. strönduðu skipi Niord <u>Dbnr. 245</u>	391-392
Júní 12.	Samþ. tillaga um hvernig verja skuli sýsluvegagjaldi f. '99 <u>Dbnr. 105</u>	544	– 13.	Send tilsk. um neyðarbendingar er viðhafa skal á ísl. skipum <u>Dbnr. 172</u>	429-446
Júlí 3.	Send jb.s.áv.: kostn. við vegagj. í V.Sk.f.s. <u>Dbnr. 105</u>	585	Júní 11.	Veitt fje til að gjöra færna jökulveg fyrir ofan upptök Skeiðarár <u>Dbnr. 254</u>	623-624
1900			Júlí 4.	Jb.sj.ávísun: kostn. við sendingu skjala á landsskjala-safnið <u>Dbnr. 177</u>	687
Marz 10.	Um fjárveitingu til að gjöra veg yfir Illakamb <u>Dbnr. 153</u>	246	Júlí 12.	Viðv. skrásetn. smábáta <u>Dbnr. 252</u>	726-743
			Júlí 19.	Jb.sj.áv.: kostn. við árangurslausu fjármámsgj. í gjafsóknarmáli <u>Dbnr. 231</u>	773



*Athugasemdir:* Hér gildir það sama og í dæminu á undan nema hver viðtakandi eða embættismaður fær sína síðu í bókinni. Dagsetning bréfs er skráð, efnisútdráttur færður inn skýrt og skilmerkilega og vísað í bréfanúmer og dagbókarnúmer (Dnr.) sem er undirstrikað til áherslu.

*Notkunarmöguleikar:* Hér er á fljótlegan hátt hægt að fá yfirlit öll bréf sem landshöfðingi sendi frá sér til einstakra embættismanna og efni þeirra.

#### 5.4. Dæmi um skjal í bréfasafni – bættar samgöngur

Vegagerð á Íslandi var ekki mikil allt fram á 20. öld og lítið um opinberan stuðning til vegaframkvæmda. Lengst framan af voru þær litlu framkvæmdir sem þó voru gerðar í höndum hreppa og sýslna. Á landshöfðingjatímanum var þó farið að stuðla að meiri vegabótum með framlagi úr landssjóði.<sup>40</sup> Með lögum nr. 8, 13. apríl 1894 var öllum vegum skipt í flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppsvegi og skyldi landssjóður greiða fyrir vegabætur á flutningabrautum, þjóðvegum og fjallvegum.<sup>41</sup> Árið 1898 sótti sýslumaður Skaftafellssýslu um framlag úr landssjóði svo kaupa mætti tvær kláfferjur og sæluhús á Norðlingavegi milli Lóns og Fljótsdals.

**Dæmi 5-4. Bréfaskriftir um bættar samgöngur á Norðlingavegi.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 11. Dagbók I 1898 – 1904, nr. 105).



<sup>40</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnuþyrling og ríkismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands* X, s. 68.

<sup>41</sup> *Stjórnartíðindi* 1894 A. Kbh 1894, s. 62-71. (Lög um vegi, 13. apríl 1894).

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum.  
Kirkjubæjarklaustri 29. Janúar 1898

Um leið og jeg hjermeð leyfi mjer virðingarfullt, samkvæmt fyrirlagi í hæstvirtu brjefi yðar, hávelborni herra, 14. fyrra mán., að endursenda hjálaga erindi prófests Jóns Jónssonar á Stafafelli, 15. nóv. f. á. um kaup á 2 „dráttum“ og sæluhúsi á Norðlingavegi milli Lóns og Fljótsdals, skal jeg leyfa mjer virðingarfullt að taka fram, að jeg er eigi svo til hlítar kunnugur þessum vegi, að jeg geti látið uppi fortakslaust álit um þýðingu hans, en jeg veit til, að ferðafólk hefir nokkrum sinnum farið hann, síðan hann var varðaður, og munurinn á vegalengdinni, móti því að fara byggðir, er auðséðr. Það eru því sennilegar líkur til, að fjallvegur þessi komi til að hafa nokkra þýðingu og geti jeg því mælt með því, að hinar umbeðnu 150 kr. verði veittar úr landssjóði.

Guðl. Guðmundsson

Með fylgir bréf Jón Jónssonar á Stafafelli:

N.1036-97

Eins og yðr er kunnugt, hávelborni herra landshöfðingi hefir fyrir nokkrum árum verið veitt nokkurt fé (300 kr.) <til að> varða og bæta hinn forna Norðlingaveg eða Fjallabaksveginn <á> milli Fljótsdals og Lóns. Þá var bygð í Víðidal upp af Lóni, höfðu þeir, sem þar bjuggu, sett á Jökulsá drátt (kláf á streng) til flutnings yfir ána, sem er versta torfæran á vegi þessum og annan minni á Víðidalsá, sem stundum getur orðið ófær. Nú eru þessir menn fluttir úr Víðidal, og bygðin lögð niður, en til þess að menn geti notað veginn, er nauðsynlegt að drættir þessir verði eigi afteknir, og jafnvel að sæluhús haldist við í Víðidalnum, þar sem er hentugr áfangastaðr, nálægt því miðja vega milli efstu bæja í Lóni og Fljótsdal. Nú vilja eigendur selja báða drættina fyrir 120 kr. og eitt hús í dalnum fyrir 30 kr. Má telja það sanngjarnlegt verð, og með því að það miðar til að gjöra fjallveginn færar, að halda við þeim mannvirkjum, er mínka helstu farartálma á honum, þá leyfi eg mér hér með virðingarfullt að mælast til þess, að yðr, herra landshöfðingi, mætti þóknast að veita alt að 150 kr. af fé því, sem ætlað er í fjárlögum fyrir árin 1898 og 1899 til fjallvega (12. gr. B.6), til að kaupa drættina á Jökulsá í Lóni og Víðidalsá, og hús í Víðidal til sæluhúss fyrir ferðamenn, er fara hinn umrædda „Norðlingaveg.“

Stafafelli í Lóni 15. d. nóv. 1897

Jón Jónsson

Uppkast að svari landshöfðingja var eftirfarandi:

Til sýslumannsins í Skaptafellssýslu, 17. febrúar 1898.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. f. m., vil jeg hjer með veita af fje því, er í 12. gr. 6. nógildandi fjárlaga er veitt til ætlað til fjallvega, 150 kr. til að kaupa 2 „drætti“ (á Jökulsá í Lóni og Víðidalsá) og sæluhús á Norðlingavegi milli Lóns og Fljótsdals. Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

*Athugasemdir:* Bréf Jóns Jónssonar í Stafafelli er örlítið skemmt á jaðrinum öðru megin en oftast er auðvelt að ráða í hvað þar hefur staðið. Hér auðkennt með oddklofa. Norðlingavegur er sagður hafa verið mikið farinn á öldum áður, einkum af Norðlendingum þegar þeir sóttu sjó suður í Skaftafellssýslu. Á 19. öld var þessi leið hins vegar að mestu fallin í gleysku. Jón

Jónsson í Stafafelli fann leiðina að nýju haustið 1886<sup>42</sup> og fékk því framgengt að hún var vörðuð upp á nýtt árið 1894.<sup>43</sup> Norðlingavegur er vinsæl gönguleið í dag.

*Lagagrundvöllur*: Lög nr. 8, 13. apríl 1894 um vegi.<sup>44</sup>


*Notkunarmöguleikar*: Til rannsókna á vegagerð á upphafsárum vegakerfis, frumkvæði einstakra manna, kostnaði og fleiru. Þessar heimildir eru einnig eflaust forvitnilegar í byggðasögulegu ljósi og til rannsókna á fornum þjóðleiðum.

### ***5.5. Dæmi um skjal í bréfasafni – innheimta árgjalds af prestakalli***

Lengi vel tíðkaðist að prestar tækju prestakallið eða kirkjustaðina á leigu gegn vissu árgjaldi og hefðu lifibrauð sitt af þeim. Um föst laun sóknarpresta var ekki að ræða fyrir enn 1907.<sup>45</sup> Landshöfðingi sá um veitingu flestra prestakallanna eftir uppástungu biskups, þ.e. þeirra sem ekki var konungsveiting á, og annaðist innheimtu árgjaldanna. Mörg prestaköllin voru hins vegar mjög tekjurýr og kom fyrir að prestar ættu í erfiðleikum með að standa skil á árgjaldinu.

#### **Dæmi 5-5. Uppkast að bréfi landshöfðingja til séra Eiríks Gíslasonar á Staðastað og Árna Þórarinssonar í Miklaholti, 1. nóv. 1898.**

(*ÞÍ*, Landshöfðingi, 11. Dagbók I 1898 – 1904, nr. 162).



<sup>42</sup> Jón Jónsson [Stafafelli í Lóni] og Sigfús Jónsson, „Fundinn forn fjallvegur á Austurlandi og Sendibréf.“ *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi* 2. bindi, Ármann Halldórsson valdi efni og bjó til prentunar, [Rvk] 1982, s. 153-157. (Leiðarlýsing séra Jóns á Norðlingavegi birtist upphaflega í blaðinu *Austra* árið 1886).

<sup>43</sup> Hinn 17. ágúst 1894 fékk Jón Jónsson prófastur úthlutað 300 kr. til vegagjörðar á Norðlingavegi. *ÞÍ*, Landshöfðingi., 22. Registur yfir jarðabókarsjóðsávisanir 1892-1896, s. 249. Um jarðabókarsjóðsregisturinn, sjá kafla 6.7.

<sup>44</sup> *Stjórnartíðindi* 1894 A, s. 62-71. (Lög um vegi, 13. apríl 1894).

<sup>45</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga* II i-r, uppflettiorð »kirkjulén«, s. 44-45.

Til

1. prestsins síra Eiríks Gíslasonar á Staðastað
  2. prestsins síra Árna Þórarinssonar í Miklaholti
1. nóvbr. 1898

1. Með því að þjer enn eigi hafið goldið árgjald af prestakalli yðar fyrir tímabilið frá 6. desbr. 1896 til 6. júní þ. á., ~~skal jeg~~ samtals 450 kr., skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að greiða upphæð þessa tafarlaust í landsjóð. Verði greind upphæð eigi borguð til landfógeta innan ársloka, svo og árgjald það af brauðinu, er fellur í gjalddaga 6. n. m., verður sendur eyðamálsfærslumaður til þess á yðar kostnað til að innheimta af hin áföllnu árgjöld með málssókn.

2. Með því að ----- tímabilið frá 6. júní f. til 6. júní þ. á. samt. 400 kr. ----- með málssókn.

*Athugasemdir:* Efst á örkinu eru bréfanúmer viðkomandi bréfa rituð (1065 og 1066) en bréfin hafa verið samhljóða að mestu eins og sjá má af uppkastinu. Ekki er vitað hvort Eiríkur og Árni hafi borgað árgjöld sín án frekari innheimtuaðgerða. Frekari rannsóknar þyrfti við til að kanna það. Eiríkur hélt a.m.k. Staðastað til ársins 1902 er hann flutti að Stað í Hrútafirði.<sup>46</sup> Ekki er vitað um afdrif Árna í prestsskap.

*Lagagrundvöllur:* Landshöfðingi annaðist veitingu prestakalla samkvæmt 16. grein erindisbréfs hans. Árgjöldin runnu í landssjóð og hafði landshöfðingi umsjón hans samkvæmt 19. grein erindisbréfsins (sjá kafla 2.3).

*Notkunarmöguleikar:* Bréf sem þessi er t.d. hægt að nota til að kanna efnahag og afkomu einstakra presta eða prestakalla og við rannsókn á ævi viðkomandi prests.

### ***5.6. Dæmi um skjal í bréfasafni – beiðni um gjafsókn***

Hinn 5. október 1898 var uppkveðinn dómur í gestarétti Suður-Múlasýslu í skuldamáli milli Jóns kaupmanns Magnússonar og Halldórs Árnasonar á Högnastöðum. Málið snerist um verslunarskuld að upphæð kr. 1.518,79 sem Halldór kvaðst ekki geta borgað „sökum efnaleysis.“ Hann var eigi að síður dæmdur til þess að borga skuldina.<sup>47</sup> Því vildi Halldór ekki una og sótti um gjafsókn til að áfrýja málinu til landsyfirrettarins. Í desember 1898 sótti Einar Benediktsson málflutningsmaður við landsyfirréttinn um gjafsókn fyrir hönd Halldórs sökum fátæktar hans.



<sup>46</sup> *Íslenskar ævisskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940.* 1. bindi, Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Rvk 1948, s. 404.

<sup>47</sup> *ÞÍ, Sýslum. og bæjarfógeti Eskifirði, EA4/10. Dóma- og þingbók 1896-1912, s. 125-126.*



**Dæmi 5-6. Einar Benediktsson málflutningsmaður biður um gjafsókn fyrir landsrétti fyrir hönd Halldórs Árnasonar.**

(ÞÍ, Landshöfðingi, 11. Dagbók I 1898 – 1904, nr. 308).



Útaf brjefi nokkru dags. 15. nóv. þ. á. er síra Láraus Halldórsson í Kollaleiru hefur skrifað mjer, viðvíkjandi gjafsóknarbeiðni fyrir Halldór Árnason á Högnastöðum, leyfi jeg mjer, hávelborni herra landshöfðingi, að spyrjast fyrir um, hvort gjafsókn þessi mundi geta orðið veitt, þar eð síra Láraus hefur þá falið mjer að flytja málið fyrir landsyfirrjetti, og veita móttöku dómsgjörðum þeim er hann innsendi ásamt gjafsóknarbeiðninni.



Reykjavík 28. desember 1898  
Virðingarfyllst  
Einar Benediktsson

Bréf Lárausar Halldórssonar, hreppsnefndaroddvita Reyðarfjarðarhrepps fylgir með:

Fyrir hönd Halldórs Árnasonar á Högnastöðum og eptir beiðni hans leyfi ég mér hérmeð að óska þess, að yður herra landshöfðingi, mætti þóknast að veita honum gjafsókn til að áfrýja til landsyfírréttarins meðfylgjandi dómi.

Kollaleiru, 15. nóvember 1898  
Virðingarfyllst  
Láraus Halldórsson  
hr.nefndaroddviti

Með fylgja vottorð um fátækt Halldórs:



Undirskriftuð hreppsnefnd Reiðarfjarðarhrepps vottar hérmeð að Halldór Árnason, bóndi á Högnastöðum, er maður mjög fátækur

Í hreppsnefnd Reiðarfjarðar, 15. nóv. 1898.

Lárus Halldórsson                      Hans J. Beck

Guðm. Ásbjarnarson

Hans. K. Beck

Samkvæmt ósk hreppsnefnarinnar í Reyðarfjarðarhreppi votta jeg hjer með, að Halldór bóndi Árnason á Högnastöðum er bláfátækur maður.

Hólmum 15. nóv. 1898

Jóhann L. Sveinbjarnarson

*Athugasemdir:* Landshöfðingi sá „eigi ástæðu til að veita hina umbeðnu gjafsókn“ samkvæmt uppkasti að svarbréfi hans sem liggur með í sama skjalabunka (br. nr. 1208) en gefur ekki neina skýringu á þeirri ákvörðun sinni.

*Lagagrundvöllur:* Fyrirmæli um réttaraðstoð við fátæka má rekja allt til Norsku laga Kristjáns V. frá 1687 en þau kveða á um heimild yfirvalda til að tilnefna fátækum ekkjum, sinnisveikum og forsjárlausum einstaklingum talsmann sem skyldi annast málflutning þeirra án greiðslu.<sup>48</sup> Eftir 1720 var almennt farið að beita réttarfarsreglum Norsku laga hér á landi en þær voru lögfestar í landinu í áföngum á tímabilinu 1718 – 1732.<sup>49</sup> Lög um gjafsóknir voru ítrekaðar með tilskipunum, 3. júní 1796, 20. janúar 1797<sup>50</sup> og 20. apríl 1825.<sup>51</sup> Landshöfðingi sá um veitingu gjafsókna við landsyfirréttinn samkvæmt 15. grein erindisbréfs hans en áður hafði stiftamtmaður séð um það (sjá kafla 2.3). Í dag fjallar 20. kafli laga nr. 91/1991 um gjafsókn (lög um meðferð einkamála).

*Notkunarmöguleikar:* Í skjalasafni landshöfðingja er töluvert af umsóknum um gjafsóknir fyrir landsyfirrétti. Þær nýtast t.d. vel til margskonar réttarfarsrannsókna og rannsókna á aðstæðum þess fólks sem sótti um. Hægt ætti að vera að sjá hvers konar mál það voru sem hlutu náð fyrir augum landshöfðingja og hver ekki.

<sup>48</sup> *Kong Christians þess Fimmta Norsku lög á Íslensku Útlögð*. Útgefin í Hrapsey 1779, d. 76 (kafla 1–9–12). – Atli Gíslason, „Gjafsókn.“ *Úlfjótur* 1994:47(4), s. 430.

<sup>49</sup> Ólafur Lárusson, *Lög og saga*. Rvk 1958, s. 211.

<sup>50</sup> *Lovsamling for Island*. 6. bindi 1792-1805, Kbh 1856, s. 232-249, 262-272. (Forordning ang. Rettens vedbørlige og hurtige Pleie, 3. Juni 1796. Forordning om Forligelses-Indretninger paa Landet i Norge, 20. Januar 1797).


<sup>51</sup> *Lovsamling for Island*. 8. bindi 1819-1825, Kbh 1858, s. 638-639. (Plakat for Danmark, ang. Proces-Omkostninger i beneficerede Sager, 20. April 1825).

### 5.7. Dæmi um skjal í bréfasafni – tilkynningar um fundin flöskubrэф

Nokkra athygli vekja tilkynningar um fundin flöskuskeyti sem finna má í bréfasafni landshöfðingja. Mörg þessara skeyta má eflaust rekja til straumrannsóknna sem Danir stóðu fyrir á 10. áratug 19. aldar. Á árunum 1891 – 1892 var kastað út 101 flösku í svonefndum Austur-Grænlandsleiðangri og árið 1896, 20 flöskum á milli Langaness og Jan Mayen. Viðamesta tilraunin fór fram árin 1899 – 1901. Sú rannsókn var kostuð af dönsku veðurstofunni en á þessum árum var kastað út 785 rekflöskum af póstskipunum í Íslandssiglingum. Árið 1904 höfðu fundist 225 af þeim. Um var að ræða venjulegar kampavínsflöskur, rauðmálaðar svo þær sæjust betur.<sup>52</sup>

#### Dæmi 5-7. Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu sendir inn tilkynningar um fundin flöskubrэф.

(ÞÍ, Landshöfðingi, 11. Dagbók I 1898 – 1904, nr. 345).



<sup>52</sup> Jón Jónsson, *Hafrannsóknir við Ísland I. Frá öndverðu til 1937*. Rvk 1988, s. 121.

Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslum.  
Kirkjubæjarklaustri 30. des. 1902

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda yður, hávelborni herra, hjálagt brjef hreppstjóra Leiðvallahrepps 15. f. m. ásamt meðfylgjandi 6 „flöskubrjefum“, ef ske kynni að eitthvert þeirra væri þess virði, að fyrir því væri greitt lengra.

Guðl. Guðmundsson

Bréf hreppstjóra Leiðvallahrepps:

Rofabæ 15. desbr. 1902

herra Sýslumaður!

Meðfylgjandi flöskumiða sendi eg yður.

No. 1. Fundinn á Sandafjöru við Kúðaós 6. þ. m.

No. 2. Fundinn á Koteyjarfjöru hinn 4. þ. m. fjórtánhundraðf. tólfræð fyrir austan Kúðaós.

No. 3. Fundinn á Slýafjöru 5 vikur af vetri, hundraðhundrað famða tólfræð fyrir austan Kúðaós.

No. 4. Fundinn samastaðar 15. októbr. þ. á.

No. 5. Fundinn á Efri Eyrafjöru 10. þ. m. 30 hundruð famða tólfrætt fyrir austan Kúðaós.

No. 6. Fundinn d. sama stað og dag.

LANDSHÖFUNDINGU FÜR ISLAND  
Dagbok 213 310.

austan Kúðaós 6. þ. m. sama stað og dag  
senda þessa bið eg yður að útfylla  
og senda þá síðan til viðtakanda  
ef yður þikir þeir þess verðir.

Virðingarf. filst.  
Ingim. Eiríksson.

Rofabæ 15. desbr. 1902  
Herra sýslumaður

Meðfylgjandi flöskumiða sendi eg yður

No. 1. Fundinn á Sandafjöru við Kúðaós 6. þ. m.

No. 2. Fundinn á Koteyjarfjöru, hinn 4. þ. m. fjórtánhundraðf. tólfræð fyrir austan Kúðaós.

No. 3. Fundinn á Slýafjöru 5 vikur af vetri, hundraðhundrað famða tólfrætt fyrir austan Kúðaós.

No. 4. Fundinn samastaðar 15. októbr. þ. á.

No. 5. Fundinn á Efri Eyrafjöru 10. þ. m. 30 hundruð famða tólfrætt fyrir austan Kúðaós.


No. 6. Fundinn d. sama stað og dag.

Seðla þessa bið eg yður að útfylla og senda þá síðan til viðtakanda ef yður þikir þeir þess verðir.

Virðingarf. filst

Ingim. Eiríksson

Eitt flöskuskeyti fannst til viðbótar í Rangárvallasýslu:




Drangshlíð 9. jan. 1903

Herra landshöfðingi M. Stephensen. Hjer með sendi jeg yður brjef, af sjó rekin í flöskum, 10. des. s. l. – Jeg gjöri mjer hugmynd um, að flöskunum hafi verið kastað í sjó, til vísindalegra rannsóknna. Því dirfist jeg að senda yður brjefin, eins og þau komu úr flöskunum, í von um að þjer leiðbeinið þeim, eins og best við á. Í annari flöskunni hafði blotnað brjefið, flöskurnar fundust á Drangshlíðarfjörnu.

Virðingarfullt  
Gissur Jónsson

Bréfin hefur landshöfðingi sent áfram til Íslandsmálaráðuneytisins:



[Uppkast, bréf nr. 143].

Til Ministeriet for Island  
10. Februar 1903

Hoslagt skulde man fremsende til det høje Ministerium nogle Breve, som ere blevne fundne i Skaptafellsyssel og Rangarvallasyssel, drivne paa Land i Flasker.

*Athugasemdir:* Engar heimildir hafa fundist um hvort eða hvernig Íslendingum voru kynntar þessar rannsóknir. Gissur Jónsson frá Drangshlíð gerir sér þó grein fyrir að hér sé um vísindalegar rannsóknir að ræða eins og sjá má af bréfi hans.

*Lagagrundvöllur:* Engin sérstök lög eða reglur voru í gildi varðandi flöskuskeyti. Hins vegar hefur þótt eðlilegt og sjálfsagt að skila fundnum flöskuskeytum til yfirvalda. Líta mátti á þau sem hlut í óskilum en talið var nánast jafngilda þjófnaði að tilkynna ekki um hlut sem fannst á förnunum vegi. Flöskuskeyti gátu líka oft innihaldið mikilsverðar upplýsingar frá t.d. skipbrotsmönnum og enginn hefur vilja láta sitt eftir liggja til að koma þeim á framfæri.

*Notkunarmöguleikar:* Fleiri skjöl varðandi flöskuskeytasendingar er að finna í skjalasafni landshöfðingja, m.a. varðandi skipbrotsmenn í nauðum, en heimildir um flöskuskeyti í íslenskum skjalasöfnum hafa lítt eða ekki verið kannaðar. Bréf þessi gætu nýst vel til rannsókna á flöskuskeytasendingum við strendur landsins á öldum áður. Í hvaða tilgangi var flöskuskeytum kastað í sjó, hvernig upplýsingar höfðu þau að geyma? Bréfin sem hér eru birt gætu einnig nýst við nánari könnun á vísindarannsóknum Dana hér við land og aðkomu Íslendinga að þeim. Þá gefa bréfin einnig innsýn í fjöruferðir íbúa Leiðvallahrepps.

## 6. Embættisskjölin – reikningshald og skýrslur 1878 – 1904

Byrjað var að halda sérstakar reikningsdagbækur við embætti landshöfðingja árið 1878 en þær halda utan um allt reikningshald er landshöfðingi hafði á sinni könnu. Áður hafði reikningshaldið verið skráð í hinar almennu bréfadagbækur. Í reikningsdagbókunum er t.d. að finna ítarlega skráningu yfir allar inn- og útborganir úr jarðabókarsjóði. Í þær var skráð yfirlit yfir alla reikninga og ýmsar skýrslur sem bárust frá embættismönnum víðsvegar um land. Reikningsdagbókunum er skipt niður eftir málaflokkum/reikningsheitum og fær hver flokkur sitt auðkenni, bókstaf eða bókstaf + rómverskan tölustaf. Skjölin eru síðan auðkennd með hlaupandi númeri innan flokks og með ártali, t.d. B.II-14-83 (þ.e. bréf nr. 14 í flokki B.II árið 1883). Efnisyfirlit yfir reikningsheitin er að finna fremst í hverri bók en þau geta verið aðeins breytileg milli ára. Reikningsheiti 1882 – 1885 eru eftirfarandi:<sup>53</sup>

- A. Landsreikningar
- B.I. Jarðabókarsjóður: Innborganir (inngjaldaskipanir)
- B.II. Jarðabókarjóður: Útborganir (útgjaldaskipanir)
- C.I.a. Aðalríkissjóðurinn: Innborganir, ávísanir sendar ráðgjafanum
- C.I.b. Aðalríkissjóðurinn: Innborganir, innleystar ávísanir og aðrar innborganir
- C.II. Aðalríkissjóðurinn: Útborganir
- D. Reikningar og útdrættir frá landfógeta
- E.I. Manntalsreikningar
- E.II. Tekjuskattsreikningar
- F.I. Umboðs og kirkjureikningar o.fl. – Umboðsreikningar
- F.II. Umboðs og kirkjureikningar o.fl. – Kirkjureikningar
- F.III. Umboðs og kirkjureikningar o.fl. – Læknasjóðsjarðareikningar
- F.IV. Umboðs og kirkjureikningar o.fl. – Viðbót við kirkjureikninga
- G.a. Tollreikningar: Vínfanga og tóbakstollsreikningar
- G.b. Tollreikningar: Reikningar yfir útflutningsgjald af fiski og lýsi (spítalagjald)
- H. Aukatekjureikningar
- J. Ýmsir reikningar
- K. Athugasemdir og úrskurðir við reikninga
- L. Skiptaskýrslur
- M. Þjónustupóstmerkjureikningar
- O.I. Landhagsskýrslur – Almennar bréfaskriptir
- O.II. Landhagsskýrslur – Skýrslur um almennt ástand
- O.III. Landhagsskýrslur – Verzlunarskýrslur
- O.IV. Landhagsskýrslur – Dómgærzluskýrslur
- O.V. Landhagsskýrslur – Ýmsar landhagsskýrslur
- P.I. Útdrættir úr almennum gjaldabókum
- P.II. Útdrættir úr tollgjaldabókum

Eins og kom fram í kafla 2.3 hér að framan þá annaðist landshöfðingi útgáfu ýmissa skýrslna sem prentaðar voru í Stjórnartíðindum og síðar Landhagsskýrslum. Í þessum ritum eru t.d. prentaðar búnaðarskýrslur, dómgæsluskýrslur, tekjuskattsskýrslur og verslunar-

<sup>53</sup> Heiti reikninga alls tímabilsins 1878 – 1904, sjá: Skrá um Landshöfðingjasafn I, s. XII-XIV.

skýrslur.<sup>54</sup> Í bréfasafni landshöfðingja liggja ýmis gögn sem augljóslega eru grunnurinn að skýrslugerð þessari.

Reikningsdagbækur tímabilsins 1878 – 1904 eru átta að tölu. Hér á eftir verða tekin sex dæmi um reikninga og skýrslur, öll frá 1882/1883, en þau ættu að geta gefið dálitla innsýn í reikningshald á landshöfðingjaskrifstofu yfir allt tímabilið. Dæmin voru valin með það að leiðarljósi að draga fram í dagljósið heimildir sem ekki er að finna í Stjórnartíðindum eða Landhagsskýrslum sem eru mun aðgengilegri en skjalasafnið. Á skrifstofu landshöfðingja hefur einnig verið tekið saman svokallað Registor yfir jarðabókarsjóðsávísanir, þar sem útgjöldum hverrar fjárlagagreinar fyrir sig er haldið saman og sérstök skrá eða registor yfir reikninga 1876 – ca. 1884/85. Um þessi registor verður fjallað í köflum 6.7 og 6.8.

### **6.1. Reikningsdagbækur – jarðabókarsjóður**

Í reikningsdagbókunum er að finna ítarlegt yfirlit yfir allar útborganir úr jarðabókarsjóði eins og áður segir. Jarðabókarsjóður var eins konar íslenskur landssjóður, deild í danska ríkissjóðnum til 1871 en sjálfstæð stofnun 1871 – 1904. Til jarðabókarsjóðs runnu öll opinber gjöld; landskuldir, tíund, skattar o.fl. og hafði landfógeti umsjón með honum frá 1683. Með fjárhagsaðskilnaði Íslands og Danmerkur samkvæmt stöðulögunum 1871 var stofnaður sérstakur íslenskur landssjóður sem þó var oft kallaður jarðabókarsjóður. Tekjur landsins runnu þangað eða í danska ríkissjóðinn, og gjöld voru greidd úr báðum sjóðunum svo að úr urðu flókin og stundum óljós reikningsviðskipti sem landshöfðingi hafi umsjón með.<sup>55</sup> Útborganir úr jarðabókarsjóði hafa ýmis auðkennið B.II eða B.2 í reikningsdagbókum landshöfðingja.

---

<sup>54</sup> Sjá efnisyfirlit: *Stjórnartíðindi* 1882-1899 C. Rvk 1882-1899 og *Landhagsskýrslur fyrir Ísland 1901-1904*. Rvk 1902-1905.

<sup>55</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga* II i-r, uppflettiorð »jarðabókarsjóður«, s. 26, »landssjóður«, s. 155-117.



Dæmi 6-1. Reikningsdagbók 1882 – 1885. Jarðabókarsjóður.  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 14. Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885, s. 85).

85

1883 B Jarðabókarsjóður 2. Utborganir (útgabubókarsjóður)

Dagur	Nr.	Skilgreining á útgáfu	Ást. g.	Utgáfa	Ást. g.
Jan 5.	1.	Þeli þorbólunni (vegna Dr. P. Pálssonar) — málbætur með 2 heppnum og málþingunum þess jarðabókarsjóðar þess	17	110	(Skr. 1883) 25. 26. 83
6.	2.	Reisufélagið í þessu löngingurkennissámi	10. 83	300	
10.	3.	Hallgrímur Friðriksson — til útgáfu lausna skattanna	13. 83	400	
18.	4.	Reisufélagið — til að framhalda myndunum	16	200	Skr. 1883
19.	5.	Dr. P. Pálssonar — þess bóka lausna lausnum	13. 83	90	83
23.	5a.	Þessu jarðabókarsjóðar — til útgáfu skattanna	13. 83	100	Skr. 1883
27.	6.	Reisufélagið — stórk. til að framhalda atvinnuáætlunum	16.	100	(Skr. 1883)
31.	7.	Reisufélagið — þess bóka lausna lausna skattanna	13. 83	24	74
Feb. 3.	8.	Umbrot. mál. — endurgjaldi þess lausnum umlið umliðunum	10. 83	24	Skr. 1883
	9.	Umbrot. mál. — þessu Dr. Dr. —	10. 83	2. 20	— 2. 83
	10.	Umbrot. mál. — þessu Dr. Dr. —	10. 83	21	— 2. 83
9.	11.	Dr. P. Pálssonar — þessu Dr. Dr. (um ölla lausnum)	10. 83	22. 48	— 4. 83
6.	12.	Reisufélagið — stórk. þessu lausnum þessu	13. 83	200	Skr. 1883
9.	13.	Dr. P. Pálssonar — stórk. lausnum skatta þessu	13. 83	200	Skr. 1883 171-83
	14.	Þessu þessu — lausnum þessu lausnum þessu	13. 83	175	83
13.	15.	Reisufélagið — þessu bóka lausnum lausnum þessu	13. 83	2. 39	
	16.	Reisufélagið — stórk. lausnum skatta þessu	13. 83	200	Skr. 1883
14.	17.	Reisufélagið — lausnum þessu lausnum þessu	13. 83	6. 50	
16.	18.	Reisufélagið — lausnum þessu lausnum þessu	13. 83	200	Skr. 1883
	19.	Reisufélagið — lausnum þessu lausnum þessu	10. 83	2. 30	Skr. 1883
17.	20.	Reisufélagið — þessu þessu lausnum lausnum þessu	10. 83	27. 90	
				3050	71

## 1883 B. Jarðabókarsjóður 2. Útborganir (útgjaldskipanir)

Dags.	No.	Hverjum ávísað og fyrir hvað	Fjárl. greinin	Upphæð		
				[kr.]	[a.]	
jan. 5.	1.	Páli Þorkelssyni (vegna Sra P. Pálssonar) – meðlagi með 2 heyrnar og málleysingjum fyrir janúar ársfjórðung þ.á.	14.	110	-	(sbr.N.45-82) N.305-83
- 6.	2.	Bæjarfóg. Rvík í þarfir hegníngarhússins	10B3	300	-	
- 10.	3.	Halld. Friðrikss. – til útgjalda lærða skólans	13BIII	400	-	
- 18.	4.	Benid. Gröndal – til að framhalda myndasafni	16	200	-	sbr.N.148-83
- 19.	5.a	Kr. Ó. Þorgrímssyni – fyrir bækur handa læknskól.	13BIIIb3	90	50	
- 23.	5.b	Jóni Ólafssyni – styrkur til að gefa út enskunámsbók	16 <del>13BIIIb3</del>	100	-	sbr.N.23-83
- 27.	6.	Bjarna Guðmundssyni – styrk til að framhalda ættfræðisiðkunum	16.	100	-	sbr.N.41-83
- 31.	7.	Rektor J. Þorkelssyni – fyrir bækur handa lærða skólanum	BIIIc1	24	74	
febr.3	8.	Amtm. n & a. – endurgjaldi fyrir burðareyri undir embættisbrjef	10c2	24	-	sbr.M.1-83
- -	9.	Umboðsmanni Þingeyrakl. – fyrir d. d.	10c2	2	20	- - 2-83
- -	10.	Sýslum. í Skagafjarðarsýslu – fyrir d. d.	10c2	21	-	- - 3-83
- 5.	11.	Dr. J. Jónassen – fyrir d. d. (sem settur landlækn.)	10c2	22	48	- - 4-83
- 6.	12.	Hreppsnefnd Bessastaðahr. – styrk handa barnaskóla hreppsins 1883	13Bvb	200	-	sbr.N.134-83
- 9.	13.	Sra. Ísl. Gíslasyni – styrk handa barnaskóla Ölvershrepps skólaárið 1882/83	13Bvb	200	-	sbr.N.566-82 171-83
- -	14.	Ávísað fyrir tímakennslu í lærðaskólanum í janúar	13BIIIc 4	175	50	
- 13.	15.	Rektor J. Þorkelssyni – fyrir bók handa lærða skólanum	13BIIIc 1	2	39	
- -	16.	Hreppsnefnd Seltjarnarneshr. – styrk handa barnaskóla hreppsins 1883	13Bvb	200	-	sbr.N.164-83
- 14.	17.	Forstöðunefnd landsbókasafnsins a. til að semja bókaskrá 400 kr. b. til eldiviðar og áhalda 250 -	13C1	650	-	
- 16.	18.	Indr. Einarssyni (í umboði hreppsnefndar Þingvallahrepps) – styrk handa barnaskóla hreppsins 83	13Bva	200	-	sbr.168-83
- -(	19.	<del>Póstm. Ó. Finsen brunabóttagjaldi af ýmsum opinberum byggingum</del>	<del>10C3</del>	<del>230</del>	81)	Sjá BII.347-82
- 17.	20.	Hegníngarhúsinu í Rvík – fyrir gólfteppi handa yfirjettinum	10B4	27	90	
		fl.		3050	71	

*Athugasemdir:* Hverjum reikningi er barst embættinu var gefið sitt auðkenni (t.d. B.2-14-83) eða dagbókarnúmer, líkt og hinum almennu bréfum, og hann skráður í reikningsdagbókina í tímaröð ásamt dagsetningu. Skráð var samviskusamlega hverjum var ávísað og fyrir hvað. Þá er vísað í viðkomandi fjárlagagrein sem gefur heimild fyrir fjárveitingunni, ásamt ávísaðri upphæð og vísað í önnur skjöl í bréfasafninu er varða sama mál. Hafa verður í huga að ekki hafa nærri allir reikningar eða skjöl sem skráð eru í reikningsdagbækurnar varðveist. Hinar

sérstöku *Skrár um Landshöfðingjasafn* sem oft hefur verið minnst á hér að framan halda utan um hvaða skjöl hafa varðveist og hver ekki (sjá kafla 3). Þannig finnast t.d. ekki nein skjöl B.2. nr. 1, 3-4, 6, 8-13, 16 og 18 af þeim sem listuð eru upp hér fyrir ofan.<sup>56</sup>

*Lagagrundvöllur:* Landshöfðingja bar að halda utan um jarðabókarsjóðinn samkvæmt 19. grein erindisbréfs hans (sjá rammagrein í kafla 2.3, Auglýsing um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi).

*Notkunarmöguleikar:* Hér er hægt að fá greinargott yfirlit yfir öll útgjöld jarðabókarsjóðs hvert ár fyrir sig og kanna hvaða fylgigögn er að finna í skjalasafni landshöfðingja.

## 6.2. Dæmi um skjal í bréfasafni – útborgun úr jarðabókarsjóði

Kennsla hófst í Lærða skólanum í Reykjavík haustið 1846 eftir að hinn gamli latínuskóli á Bessastöðum hafði verið lagður niður. Tilgangur skólans var að veita almenna menntun og undirbúning undir háskólanám. Um 15 – 20 nemendur útskrifuðust árlega á tímabilinu 1877 – 1904.<sup>57</sup> Samkvæmt reikningi janúarmánaðar ársins 1883 komu sex þjódþekktir aðilar að stundakennslu við skólann þann mánuð.

### Dæmi 6-2. Reikningar fyrir tímakennslu í Lærða skólanum í janúar 1883.

(ÞÍ, Landshöfðingi, 14. Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885, fylgiskjöl B.II.14-83).

1	Landshöfðingi	100
2	Landshöfðingi	50
3	Landshöfðingi	50
4	Landshöfðingi	50
5	Landshöfðingi	50
6	Landshöfðingi	50
Samtals		350

Handwritten text above the table: "Landshöfðingi" and "Reikningur fyrir tímakennslu í Lærða skólanum í janúar 1883".

Handwritten text below the table: "Landshöfðingi" and "Reikningur fyrir tímakennslu í Lærða skólanum í janúar 1883".

Handwritten text: "Landshöfðingi" and "Reikningur fyrir tímakennslu í Lærða skólanum í janúar 1883".

<sup>56</sup> Skrá um Landshöfðingjasafn III, s. 320.

<sup>57</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga* II i-r, uppflettiorð »latínuskóli«, s. 122-128.

Reikningsyfirlit yfir útgjöld til stundakennslu í Reykjavíkur lærða skóla í janúar 1883.

Fylgiskjal Ltr.		Kr. a.
A.	Reikningsupphæð Steingríms Thorsteinssonar	14,40
B.	----- Páls Mesteds	63,00
C.	----- Eiríks Briems	58,50
D.	----- Jóns Ólafssonar	24,30
E.	----- Jónasar Jónassonar	15,30
	Samtals Kr.	175,50

Athugasgrein: Frá skólakennara Benedikt Gröndal hefir enginn reikningur komið fyrir þenna mánuð.  
# #

Reikningarnir hafa reynzt rjettir, vottar; Reykjavík 8. febrúar 1883.

Jón Þorkelsson

Samþykkt til ávísunar

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 8. Febr. 1883

Bergur Thorberg P. Pjetursson

# #

Hinsvegar ritaðar ~~eit~~ 175kr. 50a. eitt hundruð sjöftu og fimm krónur 50 aurar – ávísast hjermeð til útborgunar úr jarðabókarsjóði samkvæmt 13. gr. BIIIc fjárlaganna um árin 1882 og 1883. Landshöfð. yfir Íslandi, Rvík 9. febr. 1883

*Athugasemdir:* Jón Þorkelsson sem hér kvittar undir reikninginn var rektor Lærða skólans 1872 – 1895. Stiptsyfirvöld önnuðust eftirlit með rekstri skólans, Bergur Thorberg og P. Pjetursson kvitta undir að þeirra hálfu.

*Lagagrundvöllur:* 13. grein fjárlaganna árin 1882 og 1883, eins og vísað er til í reikningi.<sup>58</sup> Skólinn starfaði eftir reglugerð frá 12. júlí 1877.<sup>59</sup>

*Notkunarmöguleikar:* Reikning þennan er t.d. hægt að nota til að rannsaka útgjöld við Lærða skólann o.fl. varðandi rekstur hans. Einnig til að kanna hverjir voru kennarar þar og hvað þeir höfðu í laun.

### 6.3. Reikningsdagbækur – umboðsreikningar

Í reikningsdagbækurnar færði landshöfðingi einnig inn alla reikninga sem bárust frá gjaldheimtumönnum víða um land. Þetta voru reikningar eins og manntalsreikningar, tollareikningar, tekjuskattsreikningar, aukatekjureikningar og umboðs- og kirkjureikningar (sbr. efnisyfirlit reikningsheita hér framar í kafla 6). Umboð voru nefndar jarðeignir þær sem voru í konungseign, síðar þjóðjarðir. Umboðin voru leigð út gegn föstu árlegu afgjaldi.

<sup>58</sup> Sjá: *Stjórnartíðindi* 1881 A, s. 34-47. (Fjárlög fyrir árin 1882 og 1883).

<sup>59</sup> *Stjórnartíðindi* 1877 A. Kbh 1877, s. 20-33. (Auglýsing um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík, 12. júlí 1877).

Landshöfðingi skipaði umboðsmenn og annaðist innheimtu afgjaldanna. Umboðsmennirnir báru síðan ábyrgð á eignunum og sáu um að leigja þær út. Afgjöld umboðanna voru síðan greidd beint til landssjóðs, þ.e. jarðabókarsjóðs.<sup>60</sup> Umboðsreikningar hafa auðkennið F.I. í reikningsdagbók 1882 – 1885.

**Dæmi 6-3. Reikningsdagbók 1882 – 1885. Umboðs- og kirkjureikningar.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 14. Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885, s. 125).

133

1883 F. Umboðs og kirkjureikningar o.fl.

N.	Staður	Stærð mútt.
<u>I Umboðsreikningar</u>		
1.	Þjarnmúsiumboð	20 mútt. til andversk. $\frac{10}{3}$ , sl. B. 177-88
2.	Þyrlakvíslaklaustur	} - 18 mútt. til andversk. $\frac{18}{3}$ , sl. B. 170-88
3.	Liskjálaklaustur	
4.	Urtanmúsiumboð	23 mútt. til andversk. $\frac{23}{4}$ , sl. B. 210-88
5.	Keitlingur og Þjórsásklaustur	2 mútt. til andversk. $\frac{2}{3}$ , sl. B. 108-88
6.	Þjarnmúsiumboð	} - 24 mútt. til andversk. $\frac{24}{9}$ , sl. B. 168-88
7.	Skjálaklaustur	
8.	Þjarnmúsiumboð og Þjarnmúsiumboð	24 mútt. til andversk. $\frac{24}{4}$ , sl. B. 160-88
9.	Strandaklaustur	26 mútt. til andversk. $\frac{26}{3}$ , sl. B. 161-88
10.	Þjarnmúsiumboð	20 mútt. til andversk. $\frac{20}{3}$ , sl. B. 170-88
11.	Keitlingur og Þjórsásklaustur	20 mútt. til andversk. $\frac{20}{3}$ , sl. B. 172-88
12.	Þjarnmúsiumboð	} - 20 mútt. til andversk. $\frac{20}{3}$ , sl. B. 170-88, B. 170-88
13.	Urtanmúsiumboð	
14.	Urtanmúsiumboð	20 mútt. til andversk. $\frac{20}{3}$ , sl. B. 172-88
15.	Þjarnmúsiumboð	25 mútt. til andversk. $\frac{25}{2}$ , sl. B. 170-88
16.	Þjarnmúsiumboð	20 mútt. til andversk. $\frac{20}{2}$ , sl. B. 170-88
17.	Þjarnmúsiumboð	20 mútt. til andversk. $\frac{20}{3}$ , sl. B. 170-88
18.	Þjarnmúsiumboð	} - 20 mútt. til andversk. $\frac{20}{3}$ , sl. B. 170-88
19.	Þjarnmúsiumboð og Þjarnmúsiumboð	
20.	Þjarnmúsiumboð	14 mútt. til andversk. $\frac{14}{3}$ , sl. B. 170-88
21.	Þjarnmúsiumboð	27 mútt. til andversk. $\frac{27}{4}$
<u>II Kirkjureikningar</u>		

<sup>60</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga* III s-ö, uppflettiord »umboð«, s. 97.

## 1883 F. Umboðs og kirkjureikningar o.fl.

No.	Hvaðan	Hvenær meðt.	
	<b>I. Umboðsreikningar</b>		
1.	Bjarnanesumboð	12. marz	til endursk. 12/3, sbr. K.179-84
2.	Þykkvabæjarklaustur }		
3.	Kirkjubæjar – " – }	12. marz	til endursk. 12/3, frá S.a. 28/4 til endursk. 30/4 sbr. K.170-84
4.	Vestmannaeyjusýslujarðir	23. apríl	til endursk. 23/4, sbr. K.216-85
5.	Gullbringu og Kjósarsýslu– " –	2. marz	til endursk. 2/3, sbr. K.169-84
6.	Arnarstapaumboð }		
7.	Skógarstrandarumboð }	24. septbr	til endursk. 24/9, sbr. K.162-84
8.	Barðastrandar og Álptafjarðarjarðir	6. apríl	til endursk. 6/4, sbr. K.160-84
9.	Strandasýslujarðir	26. mai	til endursk. 28/5, sbr. K.161-84
10.	Þingeyraklaustur	20. marz	til endursk. 20/3, sbr. K.171-84
11.	Reynistaðarklaustur	20. marz	til endursk. 20/3, sbr. K.172-84
12.	Múnkaþverár– " – norðurhluti }		
13.	– " – vestur– " – }	20. marz	til endursk. 20/3, sbr. K.176-84 og K.220-85
14.	Möðruvalla– " –	20. marz	til endursk. 20/3, sbr. K.173-84
15.	Eyjafjarðarsýslujarðir	25. jan.	til endursk. 8/2, sbr. K.174-84
16.	Skriðuklaustur	20. marz	til endursk. 20/2, sbr. K.177-84
17.	Suðurmúlasýslujarðir	20. marz	til endursk. 20/3, sbr. K.178-84
18.	Norðursýslu– " – }		
19.	Reykjadals og 3/4 Flateyjarjarða }	20. marz	til endursk. 20/3, sbr. K.179-84
20.	Jörðin Þjóðólfsdaga	14. marz	til endursk. 14/3, sbr. K.179-84
21.	– " – Teigsdalur 1882/83	27. nóvbr.	til endursk. 27/11
	<b>II. Kirkjureikningar</b>		
1.	Reykjavíkurdómkirkja 1882	12. apríl	til endursk. 12/4, sbr. K.184-85
2.	Bjarnaneskirkja 1882/83	8. desbr.	til endursk. 8/12, sbr. K.198-85
3.	Þykkvabæjarklausturskirkja	s. d.	til endursk. 8/12, sbr. K.188-85
4.	Langholtskirkja	s. d.	til endursk. 8/12, sbr. K.190-85
5.	Prestsbakka– " –	s. d.	til endursk. 8/12, sbr. K.186-84

*Athugasemdir:* Hver reikningur fékk sitt dagbókarnúmer. Reikningurinn fyrir Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklaustursumboð hefur hér dagbókarnúmerin F.I-2-83 og F.I-3-83. Skráð er frá hvaða umboði viðkomandi reikningur var og hvenær hann var meðtekinn. Í aftasta dálki kemur fram hvenær reikningarnir voru sendir til endurskoðanda og vísað í athugasemdir eða úrskurði frá honum sem hafa auðkennið K í reikningsdagbókum landshöfðingja. Umboðs- og kirkjureikningar 1878 – 1902 voru teknir úr aðalbréfasafninu og færðir í séröskjur á sínum tíma. (Eru í öskjum nr. XVI – XIX undir heitinu: Samrit af reikningum – umboðs- kirkjureikningar, sbr. kafla 3 hér að framan).

*Lagagrundvöllur:* Landshöfðingja bar að sjá til þess að allir reikningar kæmu frá öllum gjaldheimtumönnum í landinu á réttum tíma samkvæmt 5. grein erindisbréfs hans.

*Notkunarmöguleikar:* Í reikningsdagbókunum er að finna greinargott yfirlit yfir alla umboðs-reikninga í skjalasafni landshöfðingja. Þar er hægt að sjá hvenær þeir bárust á skrifstofu landshöfðingja og hvernig þeir voru afgreiddir. Því er alltaf gott að hafa bækurnar til hliðsjónar þegar kanna á reikninganna frekar.

## 6.4. Dæmi um skjal í bréfasafni – tekjur Kirkjubæjar- og Þykkva- bæjarklaustursumboðs 1882

Ólafur Pálsson á Höfðabrekku var umboðsmaður allra þjóðjarða í Vestur-Skaftafellssýslu frá árinu 1879, þ.e. Kirkjubæjarklausturs, Þykkvabæjarklausturs og Flögugarða.<sup>61</sup> Umboðinu hélt hann allt til dauðadags, 15. janúar 1894. Árið 1882 voru umboðsjarðir Ólafs í Vestur-Skaftafellssýslu 95 að tölu og heildartekjur af þeim námu 6.538,30 kr.

### Dæmi 6-4. Reikningur yfir tekjur og gjöld Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustra, samt Flögu og spitalajarða árið 1882.

(ÞÍ, Landshöfðingi, 14. Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885, fylgiskjöl F.I-2 og 3-83). Hér eingöngu tekjuhlið reiknings prentuð.

N <sup>o</sup>	Skjal	kr.	sk.	kr.	sk.
1.	Landdeild til faerlagu 1872 sýslu og flögum 1872 N <sup>o</sup> 1. undirfl. sýslu N <sup>o</sup> 2-4. 21 <sup>o</sup> 78 <sup>o</sup> 21 <sup>o</sup> 9792 <sup>o</sup> 6 Kannst. galdh. a. 225 <sup>o</sup> 2 <sup>o</sup> af 16 ann. hvers atni - - - - - 539-72 b. 0669 <sup>o</sup> af sýslu undirbarkhúsi undir hvers atni 40 <sup>o</sup> 12-17 c. 2740 <sup>o</sup> af sýslu undir hvers atni 49 <sup>o</sup> 1038-0 d. 20 <sup>o</sup> af miðhúsi af hvers atni 48 <sup>o</sup> 16- e. 125 <sup>o</sup> af hvers atni 48 <sup>o</sup> 27-50 f. Gjöld og þinggjöld - - - - - 72-39 3654-84 9792 <sup>o</sup>				
2.	Skjal um skattgjöld 1882 sýslu og flögum N <sup>o</sup> 1 18 <sup>o</sup> 1/2 skjal til sýslu og flögum 20-40 0653 <sup>o</sup> af hvers 51 <sup>o</sup> 1847-99				
3.	2. - skattgjöld sýslu og flögum 40 <sup>o</sup> 51- 20-40 1868-09				
4.	Uppskott af sýslu og flögum 1871 undirfl. N <sup>o</sup> 12 a. 19 ann. 1881 undirfl. N <sup>o</sup> 13 - - - - - 461-85 b. 7 júní 1882 undirfl. N <sup>o</sup> 14 - - - - - 14-70 c. 27 maí 1882 undirfl. N <sup>o</sup> 15 - - - - - 370-20 d. 3 júní 1882 undirfl. N <sup>o</sup> 16 - - - - - 68-53 1014-80				
5.	Uppskott af sýslu og flögum undirfl. N <sup>o</sup> 17 - - - - -				
		upp 112	- - -	6338	3

<sup>61</sup> Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940. 4. bindi, Rvk 1951, s. 75.

No.	Tekjur	Kr.	a.	Kr.	a.
1.	Landskuld til fardaga 1882 eptir meðfylgjandi skýrslu No. 1, meðfylg., skjölum No. 2-11, 81 hndr. 76 <sup>2</sup> / <sub>3</sub> alin eða, 9796 <sup>2</sup> / <sub>3</sub> al. þannig goldið:				
	a. 3238 <sup>1</sup> / <sub>3</sub> al. með 16 aur. hver alin	539	72		
	b. 3669 <sup>1</sup> / <sub>4</sub> al. eptir meðalverði allra meðalv. hver alin á 45 a.	1.651	17		
	c. 2730 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> al. eptir meðalv. á ull, smjöri og tólg hver alin á 49 a.	1.338	6		
	d. 33 <sup>1</sup> / <sub>3</sub> al. mislitri ull hver alin á 48 a.	16			
	e. 125 al. tólg hver alin á 30 a.	37	50		
	f. fjörugjöld í peningum	72	39	3.654	84
	9796 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>				
2.	Leigur til michelismessu 1882 samkvæmt skýrslu No. 1.	1.847	99		
	181 <sup>1</sup> / <sub>6</sub> kúgildi eptir hvert 20 al. eða 3623 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> al. hver á 51 a.				
3.	2. – – – sem tekin voru af Hörgslandshjáleigum 40 al. á 51	20	40	1.868	39
4.	Vogrek seld við uppboð a, 14 nov. 1881 undir No.12	96	50		
	b, 19 nov 1881, undir No. 13	461	85		
	c, 7 janúar 1882, undir No. 14.	14	70		
	d, 27 maí 1882, undir No. 15	373	20		
	e, 5 júní 1882, undir No. 16	68	55	1.014	80
5.	Vottun um aukatekjur undir No. 17				
	Upphæð			6.538	3

Höfðabrekkur 17 febrúar 1883  
Ólafur Pálsson

*Athugasemdir:* Skýrsla No. 1, um landskuld til fardaga 1882, sem hér er vísað til fylgir með reikningnum en þar er hægt að sjá sundurliðaða landskuld fyrir allar 95 jarðirnar og gjaldmáta, ásamt nöfnum ábúenda. Önnur fylgiskjöl sem vísað er til í reikningnum finnast hins vegar ekki í bréfasafninu.

Landskuld: leiga af jörð sem leiguliði greiðir jarðeiganda árlega.

Hndr.: stytting fyrir hundrað. Forn verðeining, eitt hundrað jafngilti einu kúgildi eða 240 fiskum. Jarðir voru metnar í hundruðum.

Al.: stytting fyrir alin. Forn verðeining, 120 álnir voru í einu hundraði.

Leigur: leiga af kúgildum/búfé sem oft fylgdi jörðum.

Vogrek: reki á fjöru sem mannaverk sjást á, t.d. mannlaust skip eða skipshluti.

*Lagagrundvöllur:* Miklar jarðeignir komust í eigu konungs um siðskiptin 1550 þegar konungur yfirtók eignir klaustranna og jarðir kaþólsku biskupanna Ögmundar Pálssonar og Jóns Arasonar voru gerðar upptækar. Mynduðu þær stofninn að flestum umboðunum hér á landi. Konungsumboðin voru að mörgu leyti eftirlíking þess skipulags sem var á eigna-umsýslu biskupsstólanna, þar sem jarðagóssi þeirra var skipt milli allmarga umboða.<sup>62</sup> Með

<sup>62</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga III* s-ö, uppflettiorð »umboð«, s. 97. Sjá ennfremur: Ólafur Ásgeirsson, „Kirkjueignir.“ *Lúther og íslenskt þjóðlíf. Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther 4. nóvember 1983*. Ritstj.



lögum 1913 var umsjón þjóðjarða lögð undir hreppstjóra og hið aldagamla fyrirkomulag á umboðum lagt niður.<sup>63</sup>

*Notkunarmöguleikar:* Hentar t.d. til rannsókna jarðeignum konungs á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Sömuleiðis til víðtækra rannsókna á efnahag og rekstri umboðanna. Ef skýrslur og skjöl með fyllri upplýsingum um ábúendur og fleira fylgja með eru þetta einnig mikilsverðar heimildir í byggðasöguleguljósi.

### 6.5. Reikningsdagbækur – skýrslur um almennt ástand

Á svipaðan hátt og með reikninganna, sem fjallað hefur verið um hér að framan, var einnig fært í reikningsdagbækurnar ítarlegt yfirlit yfir margskonar skýrslur sem embættinu bárust. Ein gerð þessara skýrslna voru skýrslur um almennt ástand landsins, teknar saman af sýslumönnum en löng hefð var fyrir gerð þeirra. Samkvæmt tilskipunum frá 18. janúar 1777 og 28. september 1816 bar sýslumönnum landsins að semja reglulega skýrslur, um ástand atvinnuveganna, um veðráttuna, jarðabætur og annað er varðaði hag almennings, hver í sinni sýslu og senda stjórnvöldum.<sup>64</sup> Skýrslur þessar voru sendar til landshöfðingja eftir að embætti stiftamtmanns var lagt niður. Misjafnt er yfir hve langt tímabil hver skýrsla tekur, þrjá, fjóra, sex mánuði eða heilt ár.

#### Dæmi 6-5. Reikningsdagbók 1882 – 1885. Skýrslur um almennt ástand.

(ÞÍ, Landshöfðingi, 14. Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885, s. 149).

N <sup>o</sup>	Staðan og frá hvaða tíðabil	Staðan
1.	Skaptafellssýsla a. 1/1-3/12 82	22 jún
2.	Vestmannaeyjasýsla a. 1/1-3/12 82	30 jún
3.	Skuggajökullarsýsla a. 1/1-3/12 82	22 jún
4.	Þencisýsla a. 1/1-3/12 82	2 jún

Gunnar Kristjánsson og Hreinn Hákonarson, Rvk 1989, s. 193-214. – Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptunum?“ *Dynskógar 7. Rit Vestur-Skaftfellinga*, Vík 1999, s. 158-175.

<sup>63</sup> *Stjórnartíðindi* 1913 A. Kbh 1913, s. 40-41. (Lög um umboð þjóðjarða, 20. október 1913).

<sup>64</sup> *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, Kbh 1854, s. 375. (Toldkammer - Cirulaire til samtlige Sysselmænd og Landfogden i Island, ang. aarlige Indberetninger om Tilstanden i Landet, 18. Januar 1777). – *Lovsamling for Island*. 7. bindi 1806-1818, Kbh 1857, s. 625-626. (Rentekammer - Cirulaire til Stiftamtmanden og amtmændene i Island, ang. Indberetninger om Islands oeconomiske Forfatning, 28. Septbr. 1816).

5.	Gullbringu og Kjósarsýsla a, 1/1 - 31/12 '82, 1/1 - 31/12 '82	22. jan	
6.	Reykjavíkurkaupstaður		
7.	Mýra og Borgarfjarðarsýsla a, 1/9 '82 - 26/1 '83 b, 26/1 - 31/8 '83	17. febr. 10. okt.	
8.	Snæfellsnes og Hnappadalssýsla a, 1/1 '81 - 12/1 '83	31. jan	sbr. N.48-83
9.	Dalassýsla a, 1/1 - 31/8 '82 b, 1/9 - 31/12 '82	15. febr. 15. febr.	
10.	Barðastrandarsýsla		
11.	Ísafjarðarsýsla a, 1/1 - 31/12 '80, 1/1 - 31/12 '81, 1/1 - 31/12 '82	14. febr.	
12.	Strandasýsla a, 1/1 - 31/12 '82 b, 1883 (ekkert tiltekið tímabil)	31. jan 25. nóv.	sbr. N.48-83 og 146
13.	Húnavatnssýsla a, 1/10 - 31/12 '82	20. marz	
14.	Skagafjarðarsýsla a, 1/1 - 31/8 '82 b, 1/10 - 31/12 '82	30. jan	sbr. N.48-83
15.	Eccjafjarðarsýsla a, 1/10 - 31/12 '83	27. jan	
16.	Þingeyjarsýsla a, 1/10 - 31/12 '82	27. jan	
17.	Norðurlandssýsla a, 1/10 - 31/12 '82	27. jan	
18.	Suðurlandssýsla a, 1/10 - 31/12 '82	27. jan	

### 1883. O.II. Skýrslur um almennt ástand

No.	Hvaðan og fyrir hvaða tímabil	Hvenær meðt.	
1.	Skaptafellssýsla a, 1/9 - 30/12 '82	22. jan.	
2.	Vestmannaeyjasýsla a, 1/9 - 31/12 '82 b, 1/1 - 31/8 '82 c, 1/1 - 31/8 '83	31. jan. 22. jan. 17. okt.	sbr. N.48-83
3.	Rangárvallasýsla a, 1/9 - 31/12 '82 b, 1/1 - 31/8 '83	22. jan. 29. sept.	
4.	Árnessýsla a, 1/1 - 31/8, 1/9 - 31/12 '82	2. marz	
5.	Gullbringu og Kjósarsýsla a, 1/1 - 31/8, 1/9 - 31/12 '82	22. jan	
6.	Reykjavíkurkaupstaður		
7.	Mýra og Borgarfjarðarsýsla a, 1/9 '82 - 26/1 '83 b, 26/1 - 31/8 '83	17. febr. 10. okt.	
8.	Snæfellsnes og Hnappadalssýsla, 1/1 '81 - 12/1 '83	31. jan.	sbr. N.48-83
9.	Dalassýsla a, 1/1 - 31/8 '82 b, 1/9 - 31/12 '82	15. febr. 15. febr.	
10.	Barðastrandarsýsla		
11.	Ísafjarðarsýsla a, 1/1 - 31/12 '80, 1/1 - 31/12 '81 og 1/1 - 31/12 '82	14. febr.	
12.	Strandasýsla a, 1/1 - 31/12 '82 b, 1883 (ekkert tiltekið tímabil)	31. jan. 25. nóv.	sbr. N.48-83 og 146
13.	Húnavatnssýsla, 1/10 - 31/12 '82	20. marz	

14.	Skagafjarðarsýsla a, 1/1 – 31/8 '82 b, 1/10 – 31/12 '82	30. jan. 20/3	sbr. N.48-83
15.	Eyjafjarðarsýsla a, 1/10 – 31/12 '82	20/3	
16.	Þingeyjarsýsla a, 1/10 – 31/12 '82	20/3	
17.	Norðurmúlasýsla a, 1/10 – 31/12 '82	20/3	
18.	Suðurmúlasýsla a, 1/10 – 31/12 '82	20/3	

*Athugasemdir:* Í dæminu hér má sjá allar þær skýrslur um almennt ástand er bárust landshöfðingja frá sýslumönnum landsins árið 1883. Misjafnt var hversu samviskusamlega sýslumenn skiluðu skýrslunum inn. Sýslumaðurinn Barðastrandarsýslu og bæjarstjórinn í Reykjavíkurkaupstað skiluðu til að mynda engri skýrslu fyrir árið 1882 eins og hér má sjá. Hverri skýrslu var gefið sitt dagbókarnúmer. Skýrsla úr Rangárvallasýslu frá síðari hluta ársins 1882 hefur númerið O.II-3a og hefur borist á skrifstofu landshöfðingja 22. janúar 1883. Í aftasta dálki er vísað í N-bréfadagbók, fylgiskjal N.48-83 en það bréf er frá amtmanni í Norður- og austuramtinu og fjallar um almennt ástand og hallæri í amtinu öllu árið 1882.<sup>65</sup> Skýrslum um almennt ástand landsins 1873 – 1894 var pakkað í séröskjur á sínum tíma, raðað eftir sýslum (sjá kafla 3).

*Lagagrundvöllur:* Landshöfðingja bar að annast ýmiskonar skýrslugerð um hag Íslands og senda stjórnvöldum í Kaupmannahöfn samkvæmt 13. grein erindisbréfs hans.

*Notkunarmöguleikar:* Í reikningsdagbókunum er hægt að sjá hvaða skýrslur um almennt ástand eru varðveittar í skjalasafni landshöfðingja og hvaða tímabil þær ná yfir. Einnig sést hvenær landshöfðingi meðtók viðkomandi skýrslu og hvaða sýslumenn hafa vanrækt að skila inn skýrslum. Því er mjög gagnlegt að fletta upp í bókunum sé verið að leita einhverrar tiltekinnar skýrslu.

## ***6.6. Dæmi um skjal í bréfasafni – skýrsla um almennt ástand í Rangárvallasýslu árið 1882***

Samkvæmt tilskipun 18. janúar 1777 áttu hinar svokölluðu skýrslur um almennt ástand landsins að vera nokkuð staðlaðar. Þeim er þær ritaði bar að lýsa veðurfari, ástandi atvinnuveganna, bæði sumar og vetur, til lands og sjávar, verslunarástandinu, framförum í landbúnaði og annað er varðaði hag almennings.<sup>66</sup> Í ársbyrjun 1883 lýsir sýslumaður Rangárvallasýslu ástandinu í sýslunni frá 1. september til ársloka 1882 á eftirfarandi hátt:

### **Dæmi 6-6. Skýrsla um almennt ástand í Rangárvallasýslu 1882.**

<sup>65</sup> ÞÍ, Landshöfðingi., 4. N-bréfadagbók/journal 1883-1887, s. 5.

<sup>66</sup> *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, s. 375. (Toldkammer - Cirulaire til samtlige Sysselmænd og Landfogden i Island, ang. aarlige Indberetninger om Tilstanden i Landet, 18. Januar 1777).

OII - 3 - 83

Skýsla

um atvinnu á landi í Þingárvallaþingi á tímabilinu frá 1. Sept-  
ember til 31. desember 1884.

Væðing

Vitundir það og signingar þann gæddur hefur í fullu og rígjútt  
minudrum ljúðust, við er að kalla stöðugt allan september og allt  
til 20. Október mánaðar og von þeir nær Sífellclar hafðittir frá  
N. L. L. til U. U. S. standum með sterk vörðum af austri og land-  
næði til fjalla, og voru ríningarnar svo lítar og störfellclar, að til  
væðinga hefur með þessum og önnur óvæðing manna, þann bæði  
ryttur og spjallast, svo sumur áttu þess óhert þar til 1. lok Október sta  
byggnarinnar til mánaðar, 20. Október, og til land og vörðingna  
of var til 1. maí mánaðarinnar, og til 1. nóvember hefur og mynda  
næðan allt með vagn fræsti, með 5. R. um öryr lausta byggð og til 1. des-  
-koma til fjalla; 12-14 nóvember hefur hafðittir með ríningunum og þraspa;  
14 nóvember hefur hefur vörður aftur til vörðinginnar, með hegðum heilum  
vagn fræsti, með 10 R. og of þess norðir þess laust, svo varla hefur að  
súfræst í byggðina lagi þess lengur. og þess það vörður þraspinga  
til 29. desember, þess súfræst vörður til hafðittir með ríningum og þras-  
pa, þann var fram á ára mit. - Þess frá 1. desember byggnarinnar til  
mánaðar til 20. Október var þess öryr óhagkvæmt og ríngt bæði til  
heimilis anna, íþega og aðrir, svo heita mátti að þess manna  
leggja vörður skemmdum hanna og að hanna, þess haust að dröttur  
til vörðust bæði og spjallast.

Þingárvörðinginn. Þess öryr mánaðar til ut þess að þess vörðurinn

S. C. I. 1884.

Skýrsla um almennt ástand í Rangárvallasýslu á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1882.

Veðuráttan. Votviðri það og rigningar sem gengið hafði í júlí og ágúst mánuðum hjeldust við svo að kalla stöðugt allan september og allt til 20. október mánaðar og voru því nær sífelldar hafáttir frá A.L.S. til V.U.S., stundum með sterkviðrum af austri og landnoðri til fjalla, og voru rigningarnar svo tíðar og stórfelldar, að til vandræða horfði með heyföng og önnur andvirki manna, sem bæði ónyttust og spilltust, svo sumir áttu hey óhirt þar til í lok október, eða byrjun nóvember mánaðar, 20. október gekk veður til landnyrðinga og var til loka mánaðarins, spakt og hlýtt. 1.-11. nóvember hæg og mjúk norðanátt með vægu frosti, mest 5°R. enn snjólaust í byggð og lítil snjókoma til fjalla, 12.-17. nóvember hafátt með rigningum og krappa, 18. nóvember hvarf veður aptur til norðanáttar, með hægum kælum, vægu frosti, mest 10°R, og optast nær úrkomu laust, svo varla hjet að snjór sæist í byggð, eða lægi þar degi lengur, og hjelzt það veður breytinga lítið til 29. desember, þá snjerist veður til hafáttar með rigningu og krappa, sem var fram á áramót. Tíðarfarið frá byrjun september mánaðar til 20. október var því mjög óhagkvæmt og örðugt bæði til heimilis anna, útvega og aðrætta, svo heita mátti að föng manna lægju undir skemmdum heima og að heiman, því haust að drættir tálmuust bæði og spilltust.

Fjenaðarhöldin. Í lok ágúst mánaðar leit út fyrir að fjenaðurinn mundi verða vel sumaralinn því grasvöxtur var í góðu lagi og veðurfar ekki mjög óhlytt, þó votsamt væri, enn úrferðin og kalsinn í september og meiri hluta október mánaðar gjörði, að fjenaður tók litlum haustbata, einkum geldfjenaður, reyndist því skurðarfje í rírara lagi, sjer í lagi á mör, en spakviðri þau og staðviðri sem fylgdu á eptir rigningunum gjörðu að ásetningsútigöngu fjenaður braggadist vel og bústnaðist, og hjelzt óhrakaður í haust holdum til ársloka. Þó bjó fjenaðurinn meira, að votviðrinu í votlendu sveitunum, en í þeim þurlendu. Á nautfjenaðinum voru votviðrin einkum affara slæm, kúnum var þó beitt út allstaðar á þurlendi, því bæði var jörðin græn og góð, og of snemmt þótti, að binda naut inni við gjöf enn af óviðrunum þverrað bæði nyt og hold á kúm, svo þegar þær voru bundnar inn urðu þær nytlausar, og varð ekki haldið við hold þó traðgefið væri, því töður og fóður föng eru svo að kalla allstaðar spillt af óþurki. Ekki heyrist annað enn lömb fóðrist vel, með annan útigangsfjenað var lítt til reynt við árslok. Kýr mjólka almennt afar illa, og kálfburður óheppnast víða. Að öðru leyti er ekki annað kunnugt enn fjenaðurinn sje heilbrigður, og mjög lítið hefur brytt á bráða sótt í sauðfje.

Garðirkjan. Garðirkjan misheppnaðist almennt svo að varla nokkursstaðar var afraksturinn af henni helmingur við meðal ár og sumstaðar svo að kalla enginn, ollu því kaldveður og stormar og næturfrost fyrri hluta sumars, og votviðri seinni hlutann, enn það hefur miklar afleiðingar á bjargræðisafkomu almennings hjer um sveitir, því garðaávöxturinn og málnya af kúm er helzti vetrarforði alls almennings, svo nærri má geta hvernig fer þegar hvortveggja bregzt.

Fiskiafli. Afli af sjó er hjer mjög sjaldan á þessum árstíma, bæði af því, að lítið mun vera um fiskigöngur meðfram söndum hjer á haustin, vegna brimanna, og svo verður af sömu orsök sjaldan á sjó komizt.

Verzlunin. Þær helztu sögur sem af henni hafa farið á þessu tímabili, er skortur á matföngum í næstu verzlunarstöðum sem helzt eru sóttar hjedan úr sýslu, og má það heita talandi vottur.

Heilbrigðin. Heilsufar almennings hefur yfir höfuð mátt heita gott á tímabilinu, einúngis ljett kvefsótt nokkuð almenn, hálsveiki og barnaveiki hafa stúngið sjer niður.

Slisfarir hafa engar verið, sem teljandi sjeu.

Athugasemdir: Atvinnustofn alls almennings hefur mikið gengið til þurðu á þessu nú liðna ári og því næsta á undan, byrjaði það fyrst á grasleysi því, sem var sumarið 1881 því þá lóguðu menn almennt um haustið nautfjenaði stórum, og lömb voru fá sett á vetur vegna lítilla heyfanga, næstliðið vor fjell fjenaður mjög í vestur hluta sýslunnar, og svo að kalla allstaðar nokkuð, þar við bættist almennur

únglambadauði, töður hröktust og heyföng spilltust, svo vetrar málnyta brást að miklu, kálgarðar brugðust stórkostlega alstaðar og víða algjörlega, skurður var vegna fjárfækkunarinnar lítill og þar á ofan rír, matfanga skortur í næstu verzlunum, og víðast lítill kaupeyrir, og lántraust þar eptir. Hjer lítur því út fyrir mikinn skort í vetur, ef ekki bætist því betur úr, og óumflýjanlega neyð eptirleiðis fyrir fjölda manna nema allir bjargræðisvegir heppnist í bezta lagi.

Rangárþingsskrifstofu, Velli 10. janúar 1883.

He.Johnson

A.L.S.: austlandsuður.

V.U.S.: vestútsuður.

°R.: Réaumur hitamælar, kenndir við franska vísindamanninn René A. Réaumur (1683 – 1757), voru stundum notaðir á 19. öld. Frostmark vatns samkvæmt Réaumur kvarðanum var við 0° en suðumark við 80°. 5°R og 10°R eru jafnt og 6,25°C og 12,5°C.

Traðgefa: fódra vel.

*Lagagrundvöllur*: Tilskipun til sýslumanna og landfógeta á Íslandi, dags. 18. janúar 1777 og tilskipun til stiftamtmanns og amtmannanna á Íslandi, dags. 28. september 1816.<sup>67</sup> Hætt var að krefja sýslumenn um skýrslur um almennt ástand árið 1896, þar sem þær þóttu „orðnar óþarfar og gagnslausar.“<sup>68</sup>

*Notkunarmöguleikar*: Hentar t.d. til rannsókna á veðurfari í einstökum landshlutum og áhrifum þess á atvinnuvegina og afkomu fólks.

## **6.7. Registar yfir jarðabókarsjóðsávísanir 1884 – 1887, 1892 – 1901**

Auk hins ítarlega yfirlits yfir allar ávísanir úr jarðabókarsjóðnum í reikningsdagbókunum hefur verið tekið saman svokallað registur yfir jarðabókarsjóðsávísanir. Þar eru útgjöldum hverrar fjárlagagrein fyrir sig haldið saman (sbr. fjárlög viðkomandi árs). Í þessum bókum er á fljótlegan hátt hægt að sjá sundurliðun á útgjöldum hvers liðs fjárlaganna fyrir sig. Uppröðun í bók er samkvæmt fjárlagagrein. Svo virðist sem registur þessi hafi ekki verið gerð öll árin eða þau ekki varðveist. Registar árána 1884 – 1887 og 1892 – 1901 eru varðveitt á Þjóðskjalasafni.

<sup>67</sup> *Lovsamling for Island*. 4. bindi 1773-1783, s. 375. (Toldkammer - Cirulaire til samtlige Sysselmænd og Landfogden i Island, ang. aarlige Indberetninger om Tilstanden i Landet, 18. Januar 1777). – *Lovsamling for Island*. 7. bindi 1806-1818, s. 625-626. (Rentekammer - Cirulaire til Stiftamtmanden og amtmændene i Island, ang. Indberetninger om Islands oeconomiske Forfatning, 28. Septbr. 1816).

<sup>68</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 B. Rvk 1896, s. 13. (Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýrslur um almennt ástand, 13. janúar 1896).

**Dæmi 6-7. Regstur yfir jarðabókarsjóðsávísanir 1892 – 1896.**

(ÞÍ, Landshöfðingi, 22. Regstur yfir jarðabókarsjóðsávísanir 1892 – 1896, s. 141).

Hvenær ávísað	1893	Ávísat kr. a.	Veitt kr. a.
	10 gr. C6 <u>til vörðuvita</u>		500 00
Apríl 21 103	Læknir Þ. Thoroddsen fyrir umsjón með vörðuvita á Garðskaga	188 00	
Mái 16 121	Bæjarfógeti Rvíkur kostnaður við ljóskerið á Valhúsi 1/9 '92 – 30/4 '93	80 00	
Ágúst 1 245	Jón Breiðfjörð Brunnastöðum til vörðuvita á Ásláksstöðum	80 00	
Sept. 16 286	Kaupfjélag Rvíkur fyrir steinolú handa vörðuvitanum á Garðskaga	24 99	
Sept. 18 295	Magnús úrsmiður Benjamínsson fyrir Arnbj. Ólafsson fyrir eptirlitsferð til Garðskaga	6 00	
Nóv. 21 378	Kaupfjélag Reykjavíkur fyrir flutn. á steinolú handa Garðskagavita	1 50	

Hvenær ávísað	[Dagb. nr.]	1893	Ávísað kr.	a.	Veitt kr.	a.
		10 gr. C6 <u>til vörðuvita</u>			500	00
Apríl 21	103	Læknir Þ. Thoroddsen fyrir umsjón með vörðuvita á Garðskaga	188	00		
Mái 16	121	Bæjarfógeti Rvíkur kostnaður við ljóskerið á Valhúsi 1/9 '92 – 30/4 '93	80	00		
Ágúst 1	245	Jón Breiðfjörð Brunnastöðum til vörðuvita á Ásláksstöðum	80	00		
Sept. 16	286	Kaupfjélag Rvíkur fyrir steinolú handa vörðuvitanum á Garðskaga	24	99		
Sept. 18	295	Magnús úrsmiður Benjamínsson fyrir Arnbj. Ólafsson fyrir eptirlitsferð til Garðskaga	6	00		
Nóv. 21	378	Kaupfjélag Reykjavíkur fyrir flutn. á steinolú handa Garðskagavita	1	50		

*Athugasemdir:* Vörðuvitar voru einföld ljósker komið fyrir ofan á hlöðnum vörðum og var einkum ætlað að lýsa fiskiskipum við strendur landsins. Fyrsti vörðuvitinn var reistur á Garðskaga árið 1847 og er líklega fyrsta varanlega sjómerkið sem hér var byggt fyrir opinbert

fé. Fjórir vörðuvitar til viðbótar voru reistir við Faxaflóa á árunum 1883 – 1888, við Valhús á Seltjarnarnesi, á Garðaholti í Garðahreppi, á Brekkuhóli í Bessastaðahreppi og á Ásláksstaðatanga (Atlagerðistanga) á Vatnsleysuströnd. Útvegsbændur á Seltjarnarnesi létu reisa vitann á Valhúsahæð á sinn kostnað en sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu og hreppsnefndir í sjávarbyggðunum við Faxaflóa hina þrjá með stuðningi Alþingis. Rekstur vörðuvitanna var hins vegar að einhverju leyti kostaður af hinu opinbera.<sup>69</sup> Árið 1893 var úthlutað 500 krónum til reksturs vörðuvitanna (sbr. aftasta dálk hér að ofan og 10. gr. fjárlaga 1893).<sup>70</sup> Í dálki tvö er vísað í dagbókarnúmer reikningsdagbókar fyrir viðkomandi ár, þ.e. útborganir úr jarðabókarsjóði.

*Lagagrundvöllur:* Fjárlög hvers árs.

*Notkunarmöguleikar:* Í registrum jarðabókasjóðsávísananna er t.d. hægt að skoða hvernig útgjöldum einstakra greina fjárlaganna hefur verið ráðstafað og hve mikið af heimildinni var nýtt. Í dæminu hér sést t.d. að ekki hafa verið nema rétt rúmlega 380 krónur verið notaðar af þeim 500 krónum sem veittar voru til vörðuvitanna árið 1893.

## **6.8. Skrá yfir reikninga 1876 – ca. 1884/85**

Samhliða reikningsdagbókunum hefur verið um tíma haldið nokkurs konar registur eða yfirlit yfir innkomna reikninga. Um er að ræða eina staka bók sem nær yfir tímabilið 1876 til ca. 1884/85. Bókinni er skipt upp eftir reikningsheitum/flokkum og innan hvers flokks eftir embættum. Þannig er reikningum hvers embættis fyrir sig haldið saman og skráð hvenær viðkomandi reikningur barst til landshöfðingja. Eftirfarandi reikningar eru skráðir í bókina:

- A. Sýslureikningar og skiptaskýrslur, úr hverri sýslu fyrir sig.
- B. Lestagjöld og tollar af áfengum drykkjum og tóbaki, úr hverri sýslu fyrir sig.
- C. Umboðsjarðir, frá hverju umboði fyrir sig.
- D. Kirkjureikningar, þ.e. þær kirkjur sem landssjóður hafði umráð yfir.
- E. Reikningar fyrir gefin leyfis- og veitingarbréf, úr hvoru amti fyrir sig.
- F. Póstreikningar.
- G. Jafnaðarsjóðsreikningar, úr hvoru amti fyrir sig.
- H. Ýmislegir reikningar (aukatekjur við landsyfírrétt, leiguliðasjóður, Möðruvallaskóli, Lærði skólinn, Thorkillisjóður, hegningarhúsið í Reykjavík, samskotasjóður Jóns Eiríkssonar).
- J. Reikningar yfir lækna sjóðsgjald, úr hverri sýslu fyrir sig.
- K. Aukatekjureikningar, úr hverri sýslu fyrir sig.
- L. Vitagjaldsreikningar, Reykjavíkurkaupstaður og aðrar sýslur.
- M. Tekjuskattsreikningar, úr hverri sýslu fyrir sig.

<sup>69</sup> Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*, s. 43-46.

<sup>70</sup> *Stjórnartíðindi* 1891 A. Kbh 1891, s. 80-117. (Fjárlög fyrir árin 1892 og 1893).



Hér rekumst við t.d. aftur á umboðsreikningana sem fyrr getur um en nú er hverju umboði haldið fyrir sig og reikningar viðkomandi umboðs skráðir í tímaröð.

**Dæmi 6-8. Skrá yfir umboðsreikninga Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs.**  
(ÞÍ, Landshöfðingi, 30. Skrá yfir reikninga 1876 – ca. 1884/85, s. 244).

244  
Flutt frá 1880

~~C~~ Umboðsreikningar

Kenna	Dagur	Reikningur	Ástæða
1880	12. Mars	28. Reikningur Þykkvabæjarkl. 1879.	26/4.81 afgr. atlygsamandi
		29. Reikningur Kirkjubæjarklausturs og Þykkvabæjarkl. árið 1879.	26/4.81 afgr. atlygsamandi
	10. Júní	30. Svartar atlygsam. við R. Kirkjubæjarkl. og Þykkvabæjarkl. árið 1878.	2/3 Afgr. til útskafta
		31. Svartar atlygsam. við R. Þykkvabæjarkl. 1878.	2/3 Afgr. til útskafta
1881	18. Mars	32. Umboðs reikningur 1880.	2/10.82. Afgr. atlygsamandi.
	3. Apríl	33. Umboðs reikningur á Þykkvabæjarkl. 1878.	2/10.82. Afgr. til útskafta 1878.
	3. Apríl	34. Umboðs reikningur á Kirkjubæjarkl. 1878.	2/10.82. Afgr. til útskafta 1878.
	16. Júní	35. Svartar atlygsamandi við R. Kirkjubæjarklaustur 1879.	26/4.82. Afgr. til útskafta
	s.d.	36. Svartar atlygsamandi við R. Þykkvabæjarklaustur 1879.	
1882	1. Apríl	37. Reikningur Þykkvabæjarkl. og Kirkjubæjarkl. árið 1881.	2/4.83. Afgr. til atlygsamandi
	21. Júní	38. Svartar atlygsam. við R. Kirkjubæjarkl. 1879.	24/6.82. Afgr. til útskafta
	s.d.	39. Svartar atlygsam. við R. Þykkvabæjarkl. 1879.	24/6.82. Afgr. til útskafta
2. August	1883.	40. Svartar atlygsam. við R. Kirkjubæjarkl. og Þykkvabæjarkl. árið 1880.	7/6.83. Afgr. til útskafta
13. Mars		41. Reikningur Kirkjubæjarkl. og Þykkvabæjarkl. árið 1882.	2/7.84. Afgr. til atlygsamandi.
	10. Júní	42. Svartar atlygsam. við R. Kirkjubæjarkl. og Þykkvabæjarkl. árið 1880.	2/7.83. Afgr. til útskafta.
10. Október	1884.	43. Svartar atlygsam. við R. Kirkjubæjarkl. og Þykkvabæjarkl. árið 1881.	29/1.84. Afgr. til útskafta.
8. Sept		44. Svartar atlygsam. við R. Kirkjubæjarkl. og Þykkvabæjarkl. árið 1881.	29/1.84. Afgr. til útskafta.

244

244. Flutt frá bls. 83

## C. Umboðsjarðir.

Komudagur	Nr.	2. Kyrkjubæjarklaustur og Þykkvabæjarkl.	afgreitt
<u>1880</u>			
12. Mars	28.	Reikningur Þykkvabæjarkl. 1879.	26/4 '81 afgr. athugasemdir
–	29.	Reikningur Kyrkjubæjarklausturs og Flögugarða árið 1879.	26/4 '81 afgr. athugasemdir
10. Júní	30.	Svaraðar athugas. við R. Kyrkjubæjarkl. og flögugarða árið 1878.	1/3 Afgr. til úrskurðar
–	31.	Svar. athugas. við R. Þykkvabæjarkl. 1878.	–
<u>1881</u>			
18. mars	32.	Umboðs Reikningur 1880.	10/6 '82. Afgr. athugasemdir.
–	–	–	–
d. d.	33.	Úrskurður á Reikningi 1878.	Afgreitt 19/3 '81 eptirrit á úrskurði 1878
d. d.	34.	Úrskurður á Reikningi 1878.	19/3 '81 afgreitt eptir rit á úrskurði 1878
16. júlí	35.	Svaraðar athugasemdir við R. Kyrkjubæjarklausturs 1879.	26/4 '82. Afgreitt til úrskurðar
d. d.	36.	Svaraðar athugasemdir við R. Þykkvabæjarklausturs 1879.	–
1882			
1. apríl	37.	Reikningur Þykkvabæjar og Kyrkjubæjarklausturs 1881	4/6 '83. Afgreiddar athugasemdir
2. júnímán.	38.	Úrskurður á <u>Kyrkjubæjarkl.</u> R. 1879	24/6 '82. Afgr. eptirritið
d. d.	39.	Úrskurður á <u>Þykkvabæjarkl.</u> R. 1879	24/6 '82. Afgreitt eptirritið
20. agustum.	40.	Svaraðar athugas. á reikningi Þykkvabæjar, Kyrkjubæjar Klausturs m.m. 1880	7/6 '83. Afgreiddar til úrskurðar
1883			
13. martz	41.	Reikningur <u>Kyrkjubæjar</u> og <u>Þykkvabæjar</u> -klausturs árið 1882	25/7 '84. Afgreiddar athugasemdir.
10. júní	42.	Úrskurður á Reikningi <u>Kyrkjubæjar</u> og <u>Þykkvabæklaustur</u> 1880	18/6 '83. Afgreitt eptirritið
1. októberm.	43.	Svaraðar athugas. við R. <u>Kyrkjubæjar</u> og <u>Þykkvabæjarkl.</u> 1881	29/7 '84. Afgr. til úrskurðar
1884			
8. sept.	44.	Úrskurður á Kyrkjub. og ÞykkvabæR. 1884	26/9 '84. Afgreitt eptirritið

Bls. 263

*Athugasemdir:* Eins og sjá má fær hver reikningur sitt númer, hlaupandi tölu innan tímabilsins sem bókin nær yfir. Það númerakerfi vísar ekki til reikninganna eða neins annars eins og ætla mætti. Eftir dagsetningum er hins vegar auðvelt að finna samsvarandi færslur í reikningsdagbókunum. Framhald þessa yfirlits er að finna á blaðsíðu 263 í sömu bók eins og vísað er til neðst á síðunni.

*Notkunarmöguleikar:* Bókin nýtist vel til að sjá hvaða reikninga er finna í skjalasafni landshöfðingja frá hverju og einu embætti á tímabilinu 1876 – 1884/85. Hún gæti því t.d. gagnast við rannsókn á sögu embættanna á viðkomandi tímabili. Hér er hægt að sjá hvenær reikningarnir bárust landshöfðingja og hvernig hann afgreiddi þá. Til að finna reikningana sjálfa í bréfasafninu þarf að hafa reikningsdagbækurnar til hliðsjónar.

## 7. Samantekt

Landshöfðingi var æðsti embættismaður landsins um 30 ára skeið frá 1873, þegar embætti stiftamtmanns var lagt niður, til 1904 þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Frá þessu tímabili hafa varðveist heilmiklar heimildir, bæði skjöl sem landshöfðingja bárust og gögn sem til urðu á skrifstofu embættisins. Skjöl þessi eru nú varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Um er að ræða bréfadagbækur, bæði varðandi almenn málefni og reikningshald, bréfabækur og ýmsar bréfaskrár eða registur, auk bréfasafnsins sjálfs sem er viðamesti hluti safnsins og hefur að geyma mikinn fjölda bréfa, margskonar reikninga og skýrslur. Allar dagbækur og bréfabækur landshöfðingja hafa varðveist og veita því greinargott yfirlit yfir þau skjöl sem er að finna í bréfasafninu. Í bréfasafnið vantar hins vegar eitthvað af skjölum samkvæmt bréfadagbókunum, það er þó óverulegt og óhætt að segja að safnið sé vel varðveitt í það heila. Gengið var frá skjalasafni landshöfðingja í öskjur og það skráð um miðbik síðustu aldar. Við það eða einhvern tíma áður var hluta af bréfasafninu raðað upp á nýtt, einkum ýmsum skýrslum og reikningum, og fært í séröskjur merktar viðkomandi málefni. Innri röð skjalanna hefur því ekki verið virt fullkomlega eins og upprunareglan kveður á um. Það kemur þó ekki að mikilli sök fyrir þann sem leitar gagna í safninu því um miðbik síðustu aldar voru unnar sérstakar skrár, *Skrár um Landshöfðingjasafn I-IV*, sem vísa á hvar skjölin liggja í safninu.

Í bréfasafninu kennir ýmissa grasa, allt frá bréfum frá æðstu embættismönnum í Kaupmannahöfn til tilkynninga um fundin flöskuskeyti á Meðallandsfjörum. Landshöfðingi hafði hið æðsta vald í landinu og starfaði á ábyrgð ráðgjafans um Íslandsmál og er þannig í eðli sínu forveri allra ráðuneyta á Íslandi. Starfssvið hans var mjög víðtækt og þau málefni sem bárust á borð hans ákaflega fjölbreytt. Í bréfasafninu er að finna skjöl er varða sjávarútveg, landbúnað, iðnað, verslun, viðskipti, samgöngur, menntamál, heilbrigðismál, félagsmál, dómsmál og fjármál. Fleira mætti eflaust telja sé grant skoðað. Þetta eru einkum ýmis erindi frá öðrum lægra settum embættismönnum, s.s. amtmönnunum eða sýslumönnum, og oft fylgja með bréf frá hinum óbreytta bónda sem í fyrstu hefur borið erindi sitt upp við sýslumann eða annan embættismann. Ekki er annað að sjá en innkomnu bréfin séu almennt í frumriti en útsend bréf virðast einkum vera varðveitt uppkast sem lagt var í bréfasafnið með öðrum skjölum viðkomandi máls. Eins og sjá má er um mjög fjölbreyttar heimildir að ræða sem nýttast vel til rannsókna á sögu landshöfðingjatímabilsins. Sum þessara bréfa hafa verið prentuð í Stjórnartíðindum og því gott að hafa þau til hliðsjónar þegar skjalasafnið er skoðað. Stór hluti skjalanna hefur þó hvergi verið birtur og er forvitnilegur hverjum þeim er kannar sögu tímabilsins.

Vera kann að mörgu nútímafólki, alið upp á tölvuöld, kunni að þykja uppbygging skjalasafnsins torskilin og erfitt að leita gagna í því þar sem ekki er einfaldlega hægt „að googla“ það. Á skrifstofu landshöfðingja var stuðst við ákveðið skráningarkerfi við færslu bréfadagbókanna og röðun bréfanna í bréfasafnið svo finna mætti eldri bréf á fljótleган og auðveldan hátt. Í fyrstu var notað kerfi í ætt við hið svokallaða rentukammerkerfi en árið 1898 var skipt um kerfi og hreinræktað kansellíkerfi tekið upp. Hverjum sem þekkir þessi skráningarkerfi sémilega eða kynnir sér þau ætti að reynast auðvelt að leita sér heimilda í safninu. Einnig voru jafnóðum útbúin ýmis registur, þ.e. bréfaskrár og flokkaskrár sem gefa fleiri möguleika á leit í safninu. Þannig eru flokkaskrár tímabilsins 1874 – 1897 mjög þægilegar til að finna skjöl er varða tiltekið málefni. Á tímabilinu 1898 – 1904 voru útbúin mjög ítarleg sendenda og viðtakanda yfirlit sem eru önnur leið í safnið. Þá getur einnig verið að einhverjum henti best að skoða beint málefni þau sem færð hafa verið í séröskjur.

Eflaust er margt hér sem betur hefði mátt fara en hafa ber í huga að safnið er stórt og illmögulegt að gjörkanna það allt á skömmum tíma. Til að mynda hefði verið ákjósanlegra að geta tekið fleiri dæmi. Úr reikningsdagbókunum voru t.d. einungis tekin þrjú dæmi, eitt úr jarðabókarsjóði, annað um umboðsreikning og hið þriðja úr skýrslum um almennt ástand, ásamt þremur dæmum um fylgiskjöl í sömu flokkum. Eftir standa ýmsir reikningar eins og manntals-, tekjuskatts- og tollareikningar og verslunarskýrslur, dómgæsluskýrslur o.fl. Áhugasömum verður eftirlátið að kynna sér það sem upp á vantar. Er það von mín að greinargerð þessi nýtist sémilega þeim sem vilja kanna safnið nánar, bæði er varðar uppbyggingu þess og innihald.

Gert eftir bestu samvisku og vitund

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

# Heimildaskrá

## Óprentaðar heimildir á Þjóðskjalasafni Íslands: ÞÍ.

Skjalasafn Landshöfðingja:

1. Bréfadagbók/journal 1873 – 1877.
2. Bréfadagbók/journal 1878 – 1882.
4. N-bréfadagbók/journal 1883 – 1887, fylgiskjöl: N.35-83, N.504-83, N.280-86, N.288-86.
8. Flokkaskrá (registur) 1879 – 1883.
11. Dagbók I 1898 – 1904, nr. 105, 162, 308, 345.
12. Registur yfir Dagbók I 1898 – 1904.
14. Reikningsdagbók/journal 1882 – 1885, fylgiskjöl: B.II.14-83, F.I-2 og 3-83, O.II.3a-83.
22. Registur yfir jarðabókarsjóðsávísanir 1892 – 1896.
24. Bréfabók/afgreiðslubók 1873 – 1875.
26. Bréfabók/afgreiðslubók 1879 – 1883.
30. Skrá yfir reikninga 1876 – ca. 1884/85.

Sýsluskjalasöfn:

Sýslum. og bæjarfógeti Eskifirði, EA4/10. Dóma- og þingbók 1896-1912.

### Skrár á lestrarsal Þjóðskjalasafns:

Skrá um skjöl landshöfðingja 1873 – 1904.

### Skrár um landshöfðingjasafn:

Landshöfðingjasafn I. Journal 1873-1877. N-Journalar 1878-1887.

Landshöfðingjasafn II. N-Journalar 1888-1897. Dagbók I 1898-1904.

Landshöfðingjasafn III. R-Journalar 1878-1889.

Landshöfðingjasafn IV. R-Journalar 1890-1904. Séröskjur.

### Prentaðar heimildir

*Kong Christians þess Fimmta Norsku lög á Íslensku Útlögð.* Útgefin í Hrappsey 1779.

*Landshagskýrslur fyrir Ísland 1901-1904.* Rvk 1902-1905.

*Lovsamling for Island.* 4., 6-8. bindi, Kbh 1854-1858.

*Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1871.* Síðari partur, Rvk 1871.

*Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III.* 1870-1875, Kbh 1875.

*Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1874-1913.* Kbh og Rvk 1874-1913.

## Prentuð rit og greinar

- Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess.“ *Múlaping* 1970, s. 3-87.
- Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964 I*. Rvk 1969.
- Atli Gíslason, „Gjafsókn.“ *Úlfjótur* 1994:47(4), s. 429-446.
- Einar Laxness, *Íslandssaga I-III*. Alfræði Vöku-Helgafells, Rvk 1995.
- Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson, *Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002*. Kópavogur 2002.
- Guðmundur Jónsson, „Efnahagskreppur á Íslandi 1870-2000.“ *Saga* 47:1 (2009), s. 45-74.
- Guðrún P. Helgadóttir, *Lárus hómópati*. Rvk 1994.
- Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ *Saga Íslands IX*. Ritstj. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason, Rvk 2008, s. 167-374.
- Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918.“ *Saga Íslands X*. Ritstj. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason, Rvk 2009, s. 5-312.
- Göngu-Hrólfur 1. (1872-1873:10)*, Ritstj. Jón Ólafsson, d. 73-78.
- Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. 1. og 4. bindi. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason, Rvk 1948/1951.
- Jón Jónsson [Stafafelli í Lóni] og Sigfús Jónsson, „Fundinn forn fjallvegur á Austurlandi og Sendibréf.“ *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi 2*. bindi, Ármann Halldórsson valdi efni og bjó til prentunar, [Rvk] 1982.
- Jón Jónsson, *Hafrannsóknir við Ísland I. Frá öndverðu til 1937*. Rvk 1988.
- Jón Þ. Þór, *Fornar hafnir á Suðvesturlandi*. Fræðslurit Ferðafélags Íslands 10, Rvk 2002.
- Kansellisystemet*. Vejledning nr. 2. Rigsarkivet 2.afd., 1982.
- Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptunum?“ *Dynskógar 7. Rit Vestur-Skaftfellinga*, Vík 1999, s. 158-175.
- Ólafur Ásgeirsson, „Kirkjueignir.“ *Lúther og íslenskt þjóðlíf. Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther 4. nóvember 1983*. Ritstj. Gunnar Kristjánsson og Hreinn Hákonarson, Rvk 1989, s. 193-214.
- Ólafur Lárusson, *Lög og saga*. Rvk 1958.
- Rentekammersystemet*. Vejledning nr. 3. Rigsarkivet 2.afd., 1982.
- Sveinn Þórðarson, *Auður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi*. Safn til Iðnsögu Íslendinga 12. bindi, Rvk 1998.
- Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk*. Upplýsingarit Þjóðskjalasafns, Björk Ingimundardóttir tók saman, Rvk 1996.
- Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands IV. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir fyrr og síðar*. 2. útg., Rvk 2006.

## Vefheimildir

www.ferlir.is